

Alþingi
Erindi nr. þ 138/1736
komudagur 14.4.2010

Alþingi
b/t nefndarsviðs
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Akranesi, 14. apríl 2010
1003082 GJÓ

Tilkynning um afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar

Frumvarp til laga - skipulags-,mannvirkja-og (brunavarnalög) 2010

Bókun nefndarinnar:

Fyrir liggur umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um frumvörpin.

Umsögn skipulags- og umhverfisnefndar Akraneskaupstaðar um frumvörp til skipulagslaga, mannvirkjalaga og laga um brunavarnir

Frumvörpin bárust frá nefndarsviði Alþingis til Akraneskaupstaðar og voru þau lögð fyrir skipulags- og umhverfisnefnd til umfjöllunar þ. 29. mars s.l.

Nefndin lauk umfjöllun sinni á fundi sínum þ. 12. apríl 2010.

Nefndin hefur fengið í hendur og kynnt sér umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvörpin og tekur undir öll þau atriði sem þar koma fram og styður umsögn sambandsins.

Að auki telur nefndin nauðsynlegt að skýrar sé kveðið á um þær kröfur sem gerðar verða til menntunar væntanlegs forstjóra nýrrar Byggingarstofnunar sem fjallað er um í 6. grein frumvarps til laga um mannvirki.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Vestmann
framkvæmdastjóri



Akureyrarbær
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Alþingi, nefndasvið
Kristjana Benediktsdóttir,
skjalavörður nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/1641
komudagur 9.4.2010

Akureyri, 7. apríl 2010
2010030063 / 01-106-05

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál


Þskj. 744 - 427. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Akureyrarbær hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Akureyrarbær gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en vísar að öðru leyti í athugasemdir Sambands ísl. sveitarfélaga.

Akureyrarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

Virðingarfyllt
f.h. Skipulagsnefndar Akureyrarbæjar


Pétur Bolli Jóhannesson
Skipulagsstjóri



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. *D 138/1644*
komudagur *8.4.2010*

Reykholti, 8. apríl 2010
1004003 SHJ

Efni: Umsögn um tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis 10.mars 2010

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 30. mars 2010 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

Tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis, dags. 10. mars 2010; skipulagslög, lög um mannvirki og lög um brunavarnir.

Byggðaráð Bláskógabyggðar tekur undir bókun og umsögn stjórnar SASS er varðar frumvarp um ný skipulagslög, sbr. fundargerð 432.stjórnarfundar SASS, dagskrárliður 2.14 hér fyrir ofan.

Þessi bókun byggðaráðs var síðan staðfest í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 6. apríl 2010.

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Kynning á starfsemi Brunamálastofnunar

Heimsókn umhverfisnefndar
Alþingis

24. mars 2010

Yfirlit

1. Skipurit og helstu lögbundin verkefni
 - Byggingarsvið
 - Slökkviliðasvið og Brunamálaskólinn
 - Rafmagnsöryggissvið
 - Skrifstofusvið
2. Slökkviliðin í landinu
3. Brunatjón og banaslys
4. Fjármál Brunamálastofnunar
5. Ný lög um mannvirki

Skyldur skv lögum um brunavarnir

- **Umhverfisráðherra:** Fer með yfirstjórn mála skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000
- **Brunamálastofnun:** Yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaganna í þeim tilgangi að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf á landinu öllu. Yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum. Stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum og rafmagnsöryggi. Eftirlit með framkvæmd laganna. Reka Brunamálaskólann
- **Sveitarfélögin:** Ráða slökkviliðsstjóra, reka slökkvilið með mannskap og tækjakost sem geta sinnt slökkvistarfi, mengunarslysa-viðbragði og eldvarnaeftirliti, gera Brunavarnaáætlun sveitarfélagsins

Byggingarsvið

- Vottun byggingarefna, ýmissa aðila, og lausna, yfirferð hönnunargagna sem byggingafulltrúi vísar til stofnunarinnar, einsleitni eldvarnaeftirlits á landinu, brunarannsóknir
- Mjög hröð þróun í byggingariðnaði, stærri og flóknari byggingar, nýjar hönnunaraðferðir, ný efni í innréttingum og nýjar byggingarvörur (Council Directive 89/106/EEC)
- Helstu þróunarverkefni: Nýjar aðferðir við eigið eldvarnaeftirlit og rekstrareftirlit eigenda, nýjir gagnagrunnar fyrir eldvarnaeftirlit sveitarfélaga, nýjar aðferðir við markaðseftirlit, ný reglugerð um brunahönnun bygginga
- Stækkun eldvarnaeftirlitssvæða á landinu, samvinna slökkviliða

Slökkviliðasvið

- Reglugerðir og eftirlit með tækjabúnaði, mannafla og þjálfun slökkviliða, samþykkt brunavarnaáætlana sveitarfélaga, yfirumsjón með mælingum og vottun á búnaði, reykköfunartækjum, loftpressum, slökkvitækjum, vatnshönum, osfrv
- Helstu þróunarverkefni: Auka samvinnu slökkviliða um tækjabúnað, mannafla og æfingar vegna mengunarslysavíðbragðs, efling eigin æfinga og æfingasvæða slökkviliða, nýjar eftirlitsaðferðir, skráð og rekjanlegt eftirlit með starfsemi slökkviliða
- Skv. skipuriti tilheyrir Brunamálaskólinn Slökkviliðasviði

Brunamálaskólinn

- Útgáfu nýs námsefnis fyrir grunn-nám slökkviliðsmanna, 1000 síðna bók, er lokið
- Kennsluefni fyrir grunn-nám slökkviliðsmanna er nú staðlað, einsleitt og á vefnum
- Nýtt kennsluefni fyrir eldvarnaeftirlit (notast bæði fyrir byggingafulltrúa og slökkviliðin), stjórnun aðgerða, slökkvistarf við gróðureiða
- Skólinn heldur að meðaltali 1 atvinnumannanámskeið (3 mánuðir að lengd) og ca 20 helgarnámskeið (fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn) á ári
- Kröfur aukast, 2 ný atvinnuslökkvilið stofnuð, Keflavíkurlugvöllur og Fjarðabyggð

Rafmagnsöryggisvið

- Nýskipan rafmagnsöryggismála 1997: Aðskilnaður stjórnsýslu og framkvæmd rafmagnseftirlits
 - Styrkari stjórnsýsla
 - Fagglíttar skoðunarstofur
 - Skoðunarhandbækur - Gátorð
 - Skilgreining og flokkun athugasemda
- Markmið: Að draga úr opinberu eftirliti en auka jafnframt skilvirkni
 - Innri öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka
 - Úrtaksskoðanir
- Meginhlutverk: Yfirumsjón rafmagnsöryggismála og túlkun reglna á rafmagnsöryggisviði

Rafmagnsöryggisvið

- Eftirlit með innri öryggisstjórnunarkerfum:
 - Raforkufyrirtækja (21)
 - Iðjuvera (39)
 - Einkarafstöðva (100 til 200)
 - Smávirkjana (7)
 - Úttektir á gæðakerfum.
 - Úttektir á háspennnum og lágspennnum raforkuvirkjum.
- Innri öryggisstjórnunarkerfum rafverktaka (500):
 - Löggilding rafverktaka.
 - Úttektir á gæðakerfum.
 - Úttektir á nýjum neysluveitum (1500).
 - 4000 til 5000 rafverktökur.
 - 4000 til 5000 tilkynningar (pappír, rafrænu formi).
- Eftirlit með skoðunarstofum, raffangaeftirlit, osfrv

Slökkviliðin í landinu


45 slökkvilið

1500
Slökkviliðsmenn


44 byggingarfulltrúa-
embætti

Yfir 300 nemendur
á hverju ári í Br.m.skólanum

Parfir mjög
mismunandi




Bætt brunatjón 1981-2009




Guðmundur Gunnarsson

Bætt brunatjón 1981-2009 sem hlutfall fasteigna- og brunabótamati




Guðmundur Gunnarsson

Manntjón í brunum 1979-2008



Guðmundur Gunnarsson

Samanburður við norðurlönd 2002-2004 Manntjón pr. 100.000 íbúa



Guðmundur Gunnarsson

Fjármál Brunamálastofnunar

- Starfsemi 2001 til 2008:
 - Framlag Ríkissjóðs var um 107 m.kr. á árinu 2001
 - Starfsmenn voru 11 árið 2001 en 10 árið 2009, þá bættust v45 starfsmenn vegna rafmagnsöryggismála (nú eru starfsmenn samtals 16)
- Starfsemi 2008:
 - Brunavarnagjald var rúmlega 260 m.kr. á árinu 2008
 - Rekstrarkostnaður er um 150 m.kr. á ári 2008
 - Framlag Ríkissjóðs var um 126 m.kr. á árinu 2008
- Starfsemi 2010
 - Gert ráð fyrir rekstrarkostnaði 280 m.kr

Ný lög um mannvirki

- Landsframleiðsla 2005 = 1000 Milljarðar króna.
- 10% af því er í byggingariðnaði
- 7% af allri atvinnu er í byggingariðnaði
- Byggingarferlið er flókið, í mörgum þáttum, mikið flæði af mismunandi vörum og tækni
- Krefst menntunar, reynslu og færni á mörgum sviðum, stjórnast að hluta til af andstæðum hagsmunum, er fjármagnsfrekt, undir tímapressu
- Fólkið í landinu geymir fjármuni sína í byggingum (um 70% af fjármunaeign íslensku þjóðarinnar er bundin í byggingum)

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. apríl 2010

Tilvísun 2010040017/BK/--

Alþingi

Erindi nr. P 138/1726

komudagur 14.4.2010

Efni: Umsögn Brunamálastofnunar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, 427. mál

Umhverfisnefnd hefur óskað eftir umsögn Brunamálastofnunar um ofangreint frumvarp. Athugasemdir Brunamálastofnunar eru fremst ætlaðar til að skerpa gildissvið laganna.

Um 2. gr. frumvarpsins: Samkvæmt 24. gr. laga um brunavarnir getur slökkviliðsstjóri gert kröfur á hendur rekstraraðila í áhættusömum rekstri um að rekstraraðilanum beri að gera vissar ráðstafanir til að lágmarka tjón. Gildir þetta um allan áhættusaman rekstur sem fram fer í sveitarfélaginu og eru svipuð ákvæði í gildi í brunavarnalöggjöf hinna Norðurlandanna og er þar með talinn rekstur flugvalla. Sem dæmi má nefna 4. gr. sænsku laganna "Lagen om skydd mot olyckor", en þar er sérstaklega tekið fram að slökkviliðsstjóri geti gert sérstakar kröfur um viðbragð við slysum á flugvöllum. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um brunavarnir þegar þau voru samþykkt árið 2000 kemur skýrt fram að þau gildi um slökkvistarf á flugvöllum.

Æskilegt er að 1. mgr. 2. gr. laga um brunavarnir hljóði svo (breytingartillaga skáletruð): "Lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi, *p.m.t. á flugvöllum*, nema kveðið sé um annað í lögum þessum".

Um 3. gr. frumvarpsins: Í síðustu setningu 3. gr. segir " Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum". Tilgangur þessarar setningar er m.a. að tryggja að Byggingarstofnun geti haft eftirlit með mannvirkjum sem ætluð eru til olíuleitar og olíuvinnslu langt frá landi, en vegna 2. gr. frumvarpsins gæti setningin þó skilist svo að olíuleitarskip sem hafi fasta staðsetningu falli ekki undir lög.

Til að taka af allan vafa væri æskilegt að bæta aftan við setninguna "... *sem og skip með fasta staðsetningu sem ætluð eru til olíuleitar og olíuvinnslu* ".

Um 7. gr. frumvarpsins: 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins hljóðar svo: "Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar". Slökkviliðsstjórum ber skilda til að sinna æfingum og þjálfun slökkviliðsmanna sbr. 16. gr. laga um brunavarnir, skildur Byggingarstofnunar snúa hinsvegar að menntun þeirra sem er þó að verulegu leiti verkleg. Æskilegt er að þessi hlutverkaskipting Byggingarstofnunar og slökkviliðstjóra sé skýr.

Lagt er til að málsgreinin hljóði svo (breytingartillaga skáletruð): "Skólinn skal annast umsjón með *bótlegrri og verklegri* menntun, ~~fræðslu og þjálfun~~ slökkviliðsmanna sem fram fer á

vegum Byggingarstofnunar".

Um 13. gr. b lið frumvarpsins: Lagt er til að slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun skuli ekki einungis hafa staðist læknisskoðun, heldur einnig hafa lokið námi við Brunamálaskólann.

Þannig hljóði b liður svo (breytingatillaga skáletruð): "Slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun skulu *hafa lokið námi í reykköfun frá Brunamálaskólanum* og hafa staðist læknisskoðun samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð".


Um 13. gr. c lið frumvarpsins: Mikilvægt er að reglugerð um reykköfun fái skýra lagastoð og því er lagt til að þessi liður hljóði svo (breytingartillaga skáletruð): "Ráðherra skal að fenginni tillögu Byggingarstofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, *reglugerð um reykköfun* og um reglubundna læknisskoðun vegna reykköfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna."

Um 14. gr. frumvarpsins: Hingað til hefur aðgangur slökkviliðsstjóra og eftirlitsmanna hans verið takmarkaður við atvinnuhúsnæði og aðra vinnustaði þar sem eftirlits er þörf. Í þessari grein frumvarpsins detta orðin "atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum" út. Þessi breyting virðist leiða til þess að slökkviliðsstjóri fái heimild til að fara inn á einkaheimili og taka þar myndir, sem er mikil breyting frá núverandi lögum. Mælt er með því að umhverfisnefnd íhugi þessa ætluðu breytingu gaumgæfilega.

Um 23. gr. frumvarpsins: Í núgildandi reglugerð um reykköfunarbúnað er gerð krafa um ákveðin loftgæði öndunarlofts. Mikilvægt er að skýr lagastoð sé fyrir kröfum til þjónustuaðila á þessu sviði.

Því er gerð tillaga að breytingu á orðalagi 1. mgr. 23. gr frumvarpsins sem hljóði svo (breytingatillaga skáletruð): "Aðilar sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar, *þar með taldar mælingar á innihaldi lofts sem sett er á þrýstikúta til notkunar við reykköfun*, skulu hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar".

Virðingarfyllt


Björn Karlsson



Alþingi

Erindi nr. P 138/1469

komudagur 26.3.2010

Brunavarnir A-Húnavatnssýslu

Norðurlandsbraut 2 | 540 Blönduós | Sími: 452-4327 | Tölvupóstur: slokkvibill@slokkvibill.is

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Blönduós 24.03.2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir nr, 75/2000, mál 427

Frumvarpið barst slökkviliðsstjóra Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu(BAH) með tölvubréfi frá formanni Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi, dagsett 05. mars 2010. Í kjölfarið var það sent til stjórnar BAH. Stjórn BAH fjallaði um lagabreytingarnar á fundi þann 12. mars sl. þar sem málið var tekið fyrir ásamt slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra.

1. Almenn um frumvarpið

Breytingarnar sem um ræðir eru að mörgu leiti mjög góðar og þarfar. Margar stórar breytingar sem snúa að starfsemi slökkviliða og heimild slökkviliða til gjaldtöku eru skref til framfara.

BAH styðja þær breytingatillögur frumvarpsins en gera alvarlegar athugasemdir við þann aukna kostnað sem sveitarfélögin verða fyrir vegna ákvæða um klippubúnað. Búnaðurinn er bæði dýr og viðhaldsfrekur auk þess er búnaðurinn ekki til staðar hjá öllum slökkviliðum í landinu.

Á starfssvæði BAH hafa útköll verið fleiri vegna umferðarslysa en bruna. Það kemur m.a. til vegna þess að þjóðvegur 1 liggur um starfssvæðið. Bera verður því saman kostnað slökkviliða sem hafa á undanförunum árum sinnt klippuvinnu, án lagaskyldu, og kostnað vegna brunaútkalla

Þá vilja BAH einnig benda á að vegna breytinga á námsfyrirkomulagi Brunamálaskólans verði hægt að löggilda hlutastarfandi slökkviliðsmenn mun fyrir en gert er í dag.

Endurskoða þarf hvernig slysatryggingum hlutastarfandi slökkviliðsmanna er háttað með tilliti til launamissis hjá aðalatvinnurekanda.

2. Björgun á fastklemmdu fólki, sbr. 2., 8. og 12. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Í skýringum við frumvarpið kemur fram að langflest slökkvilið landsins hafi sinnt þessu verkefni án lagaskyldu í meira en áratug og er kennsla í meðferð klippubúnaðar hluti af námsefni Brunamálaskólans.

BAH lýsa sig ekki mótfallin framangreindum áformum en benda á að skv. fylgiskjali við frumvarpið er stofnkostnaður vegna búnaðar og þjálfunar áætlaður 500-600 milljónir króna. Þar við bætist árlegur rekstrarkostnaður, afskriftir, símenntun o.fl. sem er áætlað að nemi um 90 m.kr. BAH leggja áherslu á að þeim aukna kostnaði verði mætt með lagabreytingu. Í dag hafa váttryggingafélög í einhverjum tilfellum greitt útlagðan kostnað slökkviliða. BAH leggur því til að bætt verði í frumvarpið gjaldtökuheimild vegna umferðaróhappa þannig að váttryggingafélög/tjónþoli greiði þann kostnað sem hlýst af slíkum aðgerðum. Björgun fólks verði hluti af skyldutrygginu ökumanns og farþega.

Lagabreytingin kallar á auknar fjárheimildir til þess að endurgreiða sveitarfélögum VSK af búnaði slökkviliða, en sveitarfélögin hafa um langt skeið gagnrýnt að endurgreiðslan sé bundin við tiltekna heildarfjárhæð á ári.

Í frumvarpinu er það gert að skyldu slökkviliðs að bjarga fastklemmdu fólki úr byggingum. Með þeirri lagabreytingu er nýju verkefni bætt við starfsemi slökkviliða sem kemur til með að hafa kostnaðarauka í för með sér. Þjálfar þarf upp starfsmenn til rústabjörgunar auk þess sem útvega þarf sérhæfðan búnað sem notaður er til þessara björgunarstarfa. BAH vilja benda á að björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar halda úti sérhæfðum rústabjörgunarsveitum sbr. Alþjóðabjörgunarsveit sem er með margra ára þjálfun í rústabjörgun. Slík þjálfun er tímafrek og kostnaðarsöm.

Í athugasemdum sem Umhverfisráðuneytið setur fram og fylgja drögnum er fullyrt að slökkviliðin í landinu eigi nú þegar klippibúnað og því sé lítil sem enginn stofnkostnaður á bakvið lagabreytinguna. Að mati BAH er það rangt. Í mörgum slökkviliðum er staðsettur klippibúnaður sem hefur verið afhentur slökkviliðum til afnota. Mörg hagsmuna- og áhugamannasamtök hafa safnað fyrir svona búnaði og má þar nefna RKÍ-deildir, Lions-hreyfinguna og fleiri. Í tilfelli BAH keypti RKÍ-deild Austur-Húnavatnssýslu klippubúnað sem slökkviliðið hefur til afnota. RKÍ-deildin hefur komið að viðhald og þjónustu tækjanna. Með lagasetningu er ekki hægt að ætlast til þess að RKÍ-deildin haldi áfram að taka þátt í þeim kostnaði.

Klippibúnaðurinn sem staðsettur er hjá BAH er orðinn gamall og stenst illa þær kröfur sem gerðar eru þar sem bílar og farartæki eru orðin mun sterkbyggðari en áður. Því þarf að skilgreina í lögum hvað telst lágmarks búnaður í þessum efnum og með hliðsjón af yfirbyggingu bifreiða og þeirra verkefna sem kröfur eru gerðar á að klippubúnaðurinn þjóni.

Samkvæmt breytingartillögunum er þessi skylda sett á öll slökkvilið. Taka þarf á því í lögum að slökkvilið geti haft með sér samstarf um verkefnið þar sem staða þeirra er mjög ólík frá einu slökkviliði til annars.

3. Athugasemdir við einstakar greinar

a. Mengunarslys 16. gr.

BAH telja að styrkja þurfi lög vegna aðgerða slökkviliðs í mengunarslysum. Með sama hætti og hér að ofan þarf að bæta í frumvarpið gjaldtökuheimild þar sem váttryggingafélag tryggingataka bætir kostnað vegna mengunartjóna. Skýra þarf í lögum ábyrgð mengunarvalds til kostnaðarþátttöku í hreinsun. Ekki getur talist eðlilegt að kostnaðarábyrgðin liggi hjá slökkviliðum en hlutverk slökkviliða er að hafa til staðar búnað og þjálfaðan mannskap.

b. Brunamálaskólinn 7 gr. – Löggilding slökkviliðsmanna. 17 gr. lög nr. 75/2000

BAH styðja þær breytingar sem Brunamálastofnun vinnur að vegna Brunamálaskólans þ.e. að hefja fjarkennslu. Líklegt er að slökkvilið geti með því nýtt betur þá fjármuni sem fara í námskeið og þjálfun.

Með breytingum námsfyrirkomulagi Brunamálaskólans er slökkviliðsmönnum gefinn kostur á að ljúka öllum þeim námskeiðum sem haldin eru fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn á tveimur árum. Í lögunum er hins vegar kveðið á að slökkviliðsmaður geti ekki sótt um löggildingu nema að hafa lokið námskeiðum og starfað í slökkviliði í 4 ár. Með þessum breytingum væri hægt að löggilda hlutastarfandi slökkviliðsmenn mun fyrr en gert er ráð fyrir. Tillaga BAH er að slökkviliðsmaður geti sótt um löggildingu til ráðherra eftir að hann hefur staðist námskröfur og lokið námskeiðum Brunamálaskólans. Ástæða fyrir þessu er að á milli hlutastarfandi slökkviliða getur verið mikill munur á starfsemi og umfangi. Einnig er það þekkt að í öðrum fagstéttum geti einstaklingar sótt um löggildinu í starfi að loknu námi og er þá ekki getið um ákveðin árafjölda í starfi.

c. Slysaftrygging slökkviliðsmanna 18 gr., lög 75/2000

Gera þarf betur grein fyrir því í lögum hvernig hlutastarfandi slökkviliðsmaður er tryggður við skyldustörf slökkviliðs. Ekki liggur ljóst fyrir hvort trygging hlutastarfandi slökkviliðsmanns nái yfir þann launamissi sem slökkviliðsmaður verður fyrir ef hann lendir í slysi, hjá aðalatvinnurekanda sínum eða hvort hann falli undir lágmarkslaun slökkviliðsmanns. Þarna getur verið mikill launamunur og því brýnt að endurskoða það með þetta að leiðarljósi.

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri

E.s. Brunavarnir A-Húnavetninga eru starfræktar af Blönduósbæ og Húnavatnshreppi.



Alþingi
Erindi nr. P 138/1802
komudagur 27.3.2010

Brunavarnir A-Húnavatnssýslu

Norðurlandsbraut 2 | 540 Blönduós | Sími: 452-4327 | Tölvupóstur: slokkvibill@slokkvibill.is

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Blönduós 24.03.2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir nr, 75/2000, mál 427

Frumvarpið barst slökkviliðsstjóra Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu(BAH) með tölvubréfi frá formanni Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi, dagsett 05. mars 2010. Í kjölfarið var það sent til stjórnar BAH. Stjórn BAH fjallaði um lagabreytingarnar á fundi þann 12. mars sl. þar sem málið var tekið fyrir ásamt slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra.

1. Almenn um frumvarpið

Breytingarnar sem um ræðir eru að mörgu leiti mjög góðar og þarfar. Margar stórar breytingar sem snúa að starfsemi slökkviliða og heimild slökkviliða til gjaldtöku eru skref til framfara.

BAH styðja þær breytingatillögur frumvarpsins en gera alvarlegar athugasemdir við þann aukna kostnað sem sveitarfélögin verða fyrir vegna ákvæða um klippubúnað. Búnaðurinn er bæði dýr og viðhaldsfrekur auk þess er búnaðurinn ekki til staðar hjá öllum slökkviliðum í landinu.

Á starfssvæði BAH hafa útköll verið fleiri vegna umferðarslysa en bruna. Það kemur m.a. til vegna þess að þjóðvegur 1 liggur um starfssvæðið. Bera verður því saman kostnað slökkviliða sem hafa á undanförunum árum sinnt klippuvinnu, án lagaskyldu, og kostnað vegna brunaútkalla

Þá vilja BAH einnig benda á að vegna breytinga á námsfyrirkomulagi Brunamálaskólans verði hægt að löggilda hlutastarfandi slökkviliðsmenn mun fyrir en gert er í dag.

Endurskoða þarf hvernig slysatryggingum hlutastarfandi slökkviliðsmanna er háttað með tilliti til launamissis hjá aðalatvinnurekanda.

2. Björgun á fastklemmdu fólki, sbr. 2., 8. og 12. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarúnaði verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Í skýringum við frumvarpið kemur fram að langflest slökkvilið landsins hafi sinnt þessu verkefni án lagaskyldu í meira en áratug og er kennsla í meðferð klippubúnaðar hluti af námsefni Brunamálaskólans.

BAH lýsa sig ekki mótfallin framangreindum áformum en benda á að skv. fylgiskjali við frumvarpið er stofnkostnaður vegna búnaðar og þjálfunar áætlaður 500-600 milljónir króna. Þar við bætist árlegur rekstrarkostnaður, afskriftir, símenntun o.fl. sem er áætlað að nemi um 90 m.kr. BAH leggja áherslu á að þeim aukna kostnaði verði mætt með lagabreytingu. Í dag hafa váttryggingafélög í einhverjum tilfellum greitt útlagðan kostnað slökkviliða. BAH leggur því til að bætt verði í frumvarpið gjaldtökuheimild vegna umferðaróhappa þannig að váttryggingafélög/tjónþoli greiði þann kostnað sem hlýst af slíkum aðgerðum. Björgun fólks verði hluti af skyldutrygginu ökumanns og farþega.

Lagabreytingin kallar á auknar fjárheimildir til þess að endurgreiða sveitarfélögum VSK af búnaði slökkviliða, en sveitarfélögin hafa um langt skeið gagnrýnt að endurgreiðslan sé bundin við tiltekna heildarfjárhæð á ári.

Í frumvarpinu er það gert að skyldu slökkviliðs að bjarga fastklemmdu fólki úr byggingum. Með þeirri lagabreytingu er nýju verkefni bætt við starfsemi slökkviliða sem kemur til með að hafa kostnaðarauka í för með sér. Þjálfar þarf upp starfsmenn til rústabjörgunar auk þess sem útvega þarf sérhæfðan búnað sem notaður er til þessara björgunarstarfa. BAH vilja benda á að björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar halda úti sérhæfðum rústabjörgunarsveitum sbr. Alþjóðabjörgunarsveit sem er með margra ára þjálfun í rústabjörgun. Slík þjálfun er tímafrek og kostnaðarsöm.

Í athugasemdum sem Umhverfissráðuneytið setur fram og fylgja drögum er fullyrt að slökkviliðin í landinu eigi nú þegar klippibúnað og því sé lítil sem enginn stofnkostnaður á bakvið lagabreytinguna. Að mati BAH er það rangt. Í mörgum slökkviliðum er staðsettur klippibúnaður sem hefur verið afhentur slökkviliðum til afnota. Mörg hagsmuna- og áhugamannasamtök hafa safnað fyrir svona búnaði og má þar nefna RKÍ-deildir, Lions-hreyfinguna og fleiri. Í tilfalli BAH keypti RKÍ-deild Austur-Húnavatnssýslu klippubúnað sem slökkviliðið hefur til afnota. RKÍ-deildin hefur komið að viðhald og þjónustu tækjanna. Með lagasetningu er ekki hægt að ætlast til þess að RKÍ-deildin haldi áfram að taka þátt í þeim kostnaði.

Klippibúnaðurinn sem staðsettur er hjá BAH er orðinn gamall og stenst illa þær kröfur sem gerðar eru þar sem bílar og farartæki eru orðin mun sterkbyggðari en áður. Því þarf að skilgreina í lögum hvað telst lágmarks búnaður í þessum efnum og með hliðsjón af yfirbyggingu bifreiða og þeirra verkefna sem kröfur eru gerðar á að klippubúnaðurinn þjóni.

Samkvæmt breytingartillögunum er þessi skylda sett á öll slökkvilið. Taka þarf á því í lögum að slökkvilið geti haft með sér samstarf um verkefnið þar sem staða þeirra er mjög ólík frá einu slökkviliði til annars.

3. Athugasemdir við einstakar greinar

a. Mengunarslys 16. gr.

BAH telja að styrkja þurfi lög vegna aðgerða slökkviliðs í mengunarslysum. Með sama hætti og hér að ofan þarf að bæta í frumvarpið gjaldtökuheimild þar sem váttryggingafélag tryggingataka bætir kostnað vegna mengunartjóna. Skýra þarf í lögum ábyrgð mengunarvalds til kostnaðarþátttöku í hreinsun. Ekki getur talist eðlilegt að kostnaðarábyrgðin liggi hjá slökkviliðum en hlutverk slökkviliða er að hafa til staðar búnað og þjálfaðan mannskap.

b. Brunamálaskólinn 7 gr. – Löggilding slökkviliðsmanna.17 gr. lög nr. 75/2000

BAH styðja þær breytingar sem Brunamálstofnun vinnur að vegna Brunamálaskólans þ.e. að hefja fjarkennslu. Líklegt er að slökkvilið geti með því nýtt betur þá fjármuni sem fara í námskeið og þjálfun.

Með breytingum námsfyrirkomulagi Brunamálaskólans er slökkviliðsmönnum gefinn kostur á að ljúka öllum þeim námskeiðum sem haldin eru fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn á tveimur árum. Í lögunum er hins vegar kveðið á að slökkviliðsmaður geti ekki sótt um löggildingu nema að hafa lokið námskeiðum og starfað í slökkviliði í 4 ár. Með þessum breytingum væri hægt að löggilda hlutastarfandi slökkviliðsmenn mun fyrir en gert er ráð fyrir. Tillaga BAH er að slökkviliðsmaður geti sótt um löggildingu til ráðherra eftir að hann hefur staðist námskröfur og lokið námskeiðum Brunamálaskólans. Ástæða fyrir þessu er að á milli hlutastarfandi slökkviliða getur verið mikill munur á starfsemi og umfangi. Einnig er það þekkt að í öðrum fagstéttum geti einstaklingar sótt um löggildinu í starfi að loknu námi og er þá ekki getið um ákveðin árafjölda í starfi.

c. Slysaftrygging slökkviliðsmanna 18 gr., lög 75/2000

Gera þarf betur grein fyrir því í lögum hvornig hlutastarfandi slökkviliðsmaður er tryggður við skyldustörf slökkviliðs. Ekki liggur ljóst fyrir hvort trygging hlutastarfandi slökkviliðsmanns nái yfir þann launamissi sem slökkviliðsmaður verður fyrir ef hann lendir í slysi, hjá aðalatvinnurekanda sínum eða hvort hann falli undir lágmarkslaun slökkviliðsmanns. Þarna getur verið mikill launamunur og því brýnt að endurskoða það með þetta að leiðarljósi.

Virðingarfyllst

F.h. stjórnar Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri



E.s. Brunavarnir A-Húnavetninga eru starfræktar af Blönduósbæ og Húnavatnshreppi.



Bygðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/1466
komudagur 26.3.2010

Dagsetning
26.03.2010

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Umhverfisnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til skipulagslaga, mál 425, frumvarp til laga um mannvirki, mál 426 og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 með síðari breytingum, mál 427.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun gerir ekki athugasemdir við mál 426 og 427. Vísað er til bréfs til nefndasviðs Alþingis, dags. 10. apríl 2008, með umsögn forstjóra Bygðastofnunar um frumvarp til skipulagslaga sem lagt var fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008. Mikilvægi sjónarmiða sem þar eru sett fram um svæðisskipulag skal ítrekað og enn frekar með hliðsjón af þeirri breytingu sem verður með samþykkt tillögu þingsályktunar sem nú liggur fyrir Alþingi um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir að unnar verði sóknaráætlanir fyrir átta svæði á landinu sem í megindráttum eru starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga. Samfallandi svæði myndi áreiðanlega auðvelda vinnu við báðar þessar áætlanir og styrkja þær.

Bygðastofnun lýsir ánægju með þá viðleitni að samþætta áætlanir á landsvísu eins og lýst er í 10. grein frumvarpsins sem á að verða viðfangsefni Skipulagsstofnunar. Ástæða er þó til að benda á að viðfangsefni sóknaráætlunar á að verða svipað samkvæmt 2. mgr. fyrrnefndrar tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun og að við meðferð þessara mála þyrfti að samþætta þessa viðleitni og skipa málum þannig að hvorki verði ágreiningur né skörun á ábyrgð.

Bygðaaætlun, þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun, er ein þeirra áætlana sem á að samþætta sóknaráætlun og landsskipulagsstefnu samkvæmt nefndum þingskjölum og því skiptir það starfi Bygðastofnunar nokkru hvernig þessum málum verður fyrir komið. Kveðið er á um stefnumótandi byggðaaætlun í 7. grein laga um Bygðastofnun frá 1999 og þar segir m.a.: „Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.“

Meðfylgjandi er umsögn Bygðastofnunar dags. 10. apríl 2008.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar

Alþingi
komuðá nr. D 138/1643
komudagur 8.4.2010



Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Fasteignaskrá Íslands

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300 | Fax 515 5310
fasteignaskra@fasteignaskra.is | www.fasteignaskra.is

Reykjavík, 6. apríl 2010
Tilvísun: 10040021/04.10/MH

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

Vísað er til erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 30. mars sl., þar sem Fasteignaskrá Íslands er veittur kostur á umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, 427. mál á 138. löggjafarþingi 2009 - 2010.

Af því tilefni er tekið fram að Fasteignaskrá Íslands hefur engar athugasemdir við efni þess og styður framgang þess.

F.h. Fasteignaskrár Íslands

Margrét Hauksdóttir
aðstoðarforstjóri



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Lækjargata 3 · 101 Reykjavík
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalaq.is

Strandgata 29 · 600 Akureyri
Sími: 464-9990 · Fax: 464-9991
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalaq.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1645
komudagur 8.4.2010

Akureyri 6. apríl 2010

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frumvarp um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum
Mál 427 - þskj. 744

Með tölvupósti þann 12. mars sl. óskaði umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn Ferðamálastofu um frumvarp um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum

Ferðamálastofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Ferðamálastofu

Helena Þ. Karlsdóttir, lögfr.

Helena Þ. Karlsdóttir, lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1467
komudagur 26.3.2010

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Nefndasvið Alþingis
B.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, 427. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar umhverfisnefndar Alþingis dagsett 10. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, 427. mál.


Félag atvinnurekenda gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað.

II. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Harpa Samueldóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Félag byggingarfulltrúa



Til Umhverfisnefndar Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P/138/1606
komudagur 8.4.2010

Reykjavík 6.apríl 2010

Með tölvubréfi dagsettu 10. mars sl. frá nefndasviði Alþingis var óskað eftir umsögn Félags byggingarfulltrúa á þrem frumvörpum til laga sem nú eru til umfjöllunar Alþingis. Þau eru, Frv. til skipulagslaga, 425. mál, Frv. til mannvirkjalaga, mál 426. og Frv. til laga um brunavarnir, mál 427.

Stjórn Félags byggingarfulltrúa þakkar það traust sem félaginu er sýnt með því að leita eftir umsögn þess á frumvörpunum.

Frumvörpin hafa nú verið yfirfarin af stjórn félagsins auk þess sem leitað var ábendinga félagsmanna um land allt.

Ekki eru gerðar athugasemdir við Frv. til laga um brunavarnir.

Aðeins er gerð ein athugasemd við Frv. til skipulagslaga, en við Frv. til mannvirkjalaga eru gerðar nokkar athugasemdir. Hvortveggja fylgir hér með í viðhengi.

Það er von stjórnar félagsins að athugasemdir þess megi nýtast sem best við frágang frumvarpanna og setningu þessa mikilvægu laga.

Sé óskað frekari skýringa við athugasemdir munu þær látnar í té.


Virðingarfyllst,

Í umboði stjórnar FB

Magnús Sædal Svavarsson
formaður FB

Fylgiskjal :

Umsagnir og athugasemdir FB



Alþingi
Erindi nr. P 138/1697
komudagur 12.4.2010

Félag slökkviliðsstjóra Íslandi

7. apríl 2010

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum (lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 744–427. mál).

Frumvarpið barst Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi (FSÍ) til umsagnar með tölvubréfi frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 10. mars sl. og er umsagnarfrestur veittur til 9. apríl. Í meðfylgjandi umsögn er gerð grein fyrir þeim breytingum sem FSÍ leggur til að verði gerðar við frumvarpið. Megininnihald þeirra er að skýra og skerpa ábyrgð, úrræði og viðurlög.

Fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 eru almennt til mikilla bóta og góð lausn á þeim vanda sem þeim er ætlað að leysa. Í þessari umsögn eru gerðar óverulegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu og einnig bent á aðra þætti laganna sem þarf að lagfæra eða auka við. Þær tillögur taka m.a. mið af reynslu undanfarinna ára þar sem ákvæði og heimildir laga hafa ekki náð yfir, hindrað, tafið og/eða skapað lakari úrlausn á því verkefni sem glímt er við hverju sinni. Einnig er lögð áhersla á samræmingu við önnur lög sem tengjast með einum eða öðrum hætti starfsumhverfi slökkviliða. Brýnt er að lögin endurspegli þann veruleika sem slökkvilið takast á við á hverjum tíma og veiti slökkviliðsstjórum traustan bakhjarl í því hlutverki sínu að uppfylla markmið laganna sem krefjast oft og tíðum tafarlausra aðgerða. Eftirfarandi tillögur eru settar fram í ljósi þessa.

Af framangreindum ástæðum styður FSÍ að frumvarpið verði að lögum. FSÍ telur rétt að setja fram ábendingar varðandi gildissvið laganna og eftirlit brunamálayfirvalda gagnvart slökkviliðum á flugvöllum en komið hefur í ljós að yfirvöld brunamála og flugmála túlka gildissvið laganna með afar ólíkum hætti.

Loks leggur FSÍ áherslu á að ákvæði laganna um ábyrgð og viðbrögð við mengunartjónum verði ítarlegri. Tilfni breytingartillagna um það atriði er m.a. dómur Hæstaréttar frá 8. maí 2008 í máli nr. 426/2007, þar sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. var dæmt til þess að bera kostnað vegna mengunartjóns sem varð í svonefndum Hringrásarbruna. Þar sem ekki var um að ræða eldsvoða í húsnæði bar váttryggingafélag enga ábyrgð á tjóninu.

Um 2. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 2. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi [*p.m.t. á flugvöllum og í öðrum mannvirkjum á landi,*] nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum með haffærisskírteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.

FSÍ tekur undir ábendingar Sambands Ísienskra sveitarfélaga og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um að það þurfi að skerpa lögina hvað varðar gildissvið þeirra. Óvissa um það er ekki ásættanleg, hvorki fyrir mannvirki, fyrirtæki né íbúa sveitarfélaganna sem ber að starfa eftir lögnum.

Um 3. gr. frumvarpsins

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um skilgreiningar á hugtökum og eru þær breytingar sem eru í frumvarpinu virkilega til bóta. Einnig þarf að samræma skilgreiningar á hugtökum og fjölga þeim í lögum um brunavarnir í takt við önnur lög, s.s. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Um 6. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 6. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Byggingarstofnun vinnur að samræmingu brunavarna í landinu og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum [*og öðrum sem reka slökkvilið*] um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða. Við úttektir og athuganir skal Byggingarstofnun leita umsagnar slökkviliðsstjóra áður en niðurstaða stofnunarinnar er send viðkomandi sveitarfélagi.

Hlutverk Byggingarstofnunar þarf að vera í takt við gildissvið laganna.

Um 7. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, p.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar. Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun [*eða slökkviliði*] starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Gerð er athugasemd við að í 7. gr. er Byggingarstofnun heimilað að fela eingöngu menntastofnun starfrækslu skólans. FSÍ bendir á að við kennslu er nánast eingöngu notaður búnaður í eigu slökkviliða og er ljóst að sá búnaður verður ekki til reiðu ef menntastofnun verður falin starfræksla skólans. Eðlilegra væri að heimila samstarf við menntastofnun um einstaka þætti námsins, á sama hátt og heimilað er samstarf við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans. Jafnframt telur sambandið rétt að minna á að kennsla við skólann fer að stórum hluta fram í fjárnámi og er lögð áhersla á að svo verði áfram til að halda kostnaði sveitarfélaga í lágmarki. Góð sátt hefur verið um starfsemi skólans og ekki þörf á róttækum breytingum á skipulagi námsins.

Um 9. gr. frumvarpsins

Lagt er til að ávallt sé notað orðið mannvirki í viðeigandi beygingarmynd í staðinn fyrir atvinnuhúsnæði og húsnæði. Mannvirki gefur viðtækari úrræði til að fylgja eftir ástandi eldvarna og er í takt við vilja löggjafans.

Um 16. gr. frumvarpsins

FSÍ tekur undir ábendingar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um að útvíkka gildissvið 24. gr. laganna þannig að greinin gildi ekki eingöngu um mannvirki heldur einnig um lóð sem nýtt er undir starfsemi. Að áliti sambandsins eru breytingartillögur SHS til þess fallnar að auka samræmi í lögnum, sem ekki var fyllilega gætt að við breytingar á 29. gr. laganna, sem samþykktar voru árið 2007, sbr. lög nr. 67/2007.

Um 20. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 2. tl. 2. mgr. 29. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

2. fyrirskipað [*úrbætur eða*] öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,

Einnig er lagt til að 4. mgr. 29. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

[~~Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur~~] Slökkviliðsstjóri [*getur*] ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis. Kostnað má innheimta með fjárnámi.

Ekki verður séð með hvaða rökum eigi að bera vægara úrræði, eins og að fyrirskipa úrbætur á kostnað eiganda, undir sveitarstjórn þegar þess þarf ekki vegna lokana. Þörfin á að beita þessu úrræði kemur æ oftar upp, t.d. í þeim tilvikum þar sem afstýra þarf bráðri hættu vegna auðra og opinna húsa.

Samhliða ofangreindum breytingum er lagt til eins og áður hefur komið fram að 4. mgr. 29. gr. verði breytt með tilliti til ofangreindra breytinga á 2. mgr. 29. greinar þannig að áskilið samþykki sveitarstjórnar falli út. Æskilegt er að færa þessa valdheimild frá sveitarfélögum til slökkviliðsstjóra þar sem sveitarfélögin geta m.a. lent í þeirri stöðu að fjalla um eigin fasteignir í þessu samhengi og allt ferlið tekur mun lengri tíma með þeim afleiðingum sem því fylgja. Slíkt er óeðlilegt og eflaust óþægilegt fyrir þá er að þyrftu að koma og ekki góðir stjórnsýsluhættir. Framkvæmdastjórn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa áður lagt áherslu á að þessi breyting nái fram að ganga, m.a. í bréfi til umhverfisráðherra dags. 24. nóvember 2009.

Var það gert í kjölfarið á því að slökkviliðsstjóri hafði ítrekað þurft að aðhafast vegna íbúðarhúsnæðis sem stendur autt og þannig frá því gengið að stórfelld slysa- og brunahætta stafar af mannvirki og lóð. Slík mál þola ekki þá bið sem laganna hjóðan kallar á. Einnig er þessi breyting til samræmingar við frumvarp til laga um mannvirki sem nú liggur fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 743 — 426. mál. Í 56. gr. frumvarpsins sem fjallar um aðgerðir til að knýja fram úrbætur, sambærilegt við 29. gr. laga um brunavarnir, segir að byggingarfulltrúar og Byggingarstofnun geti látið vinna verk, sem áður hefur verið lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið, án þess að þurfa samþykki sveitarstjórnar.

Um 15. gr. nógildandi laga

Lagt er til að fyrsta málsgrein 15. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra ~~og varaslökkviliðsstjóra~~. Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðs en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri. [Slökkviliðsstjóri ræður annað starfsfólk slökkviliðsins].

Einnig er lagt er til að önnur málsgrein 15. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Slökkviliðsstjóri skal hafa hlotið löggildingu sem slökkviliðsmaður, sbr. 17. gr., og starfað að lágmarki í [tvö] [eitt] ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum. *[Leita skal umsagnar forstjóra Byggingarstofnunar um hvað telst sérmenntun í brunamálum.]* Fáist ekki slökkviliðsstjóri til starfa sem uppfyllir framangreind hæfisskilyrði er sveitarstjórn heimilt að höfðu samráði við *[forstjóra Byggingarstofnunar]* *[Brunamálastofnun]* að ráða slökkviliðsstjóra tímabundið til starfa, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn.

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 15 gr. nógildandi laga. Hér væri þó æskilegt að laga misræmi um ráðningu varaslökkviliðsstjóra. Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn ráði slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Í 3. mgr. er hinsvegar kveðið á um að ef sveitarfélög reki sameiginlegt slökkvilið, ráði þau eingöngu slökkviliðsstjóra en ekki varaslökkviliðsstjóra. Eðlilegra væri að sveitarstjórnir ráði slökkviliðsstjóra í báðum tilvikum og slökkviliðsstjóri ráði sér síðan varaslökkviliðsstjóra. Þessarar breytingar er þörf til að skerpa á ráðningarsambandi innan slökkviliða, húsbóndaábyrgð, bæta stjórnarsýslu og skerpa á ábyrgð og má til rökstuðnings nefna m.a. nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. E-1075/2007. Einnig þarf að skerpa á að slökkviliðsmenn sem eru ráðnir sem slökkviliðsstjórar hafi meiri reynslu en eitt ár í starfi.

Einnig er rétt að reyna að samræma á milli laga, sjá sambærilegt ákvæði í 6. gr. lagafrumvarps um mannvirki sem fjaliar um forstjóra Byggingarstofnunar og annað starfslíð:

Við Byggingarstofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa þekkingu á verkswiði stofnunarinnar. Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Byggingarstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Um 18. gr. nógildandi laga

Lagt er til að 18. gr. nógildandi laga orðist svo í heild sinni, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

[Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu slysatriðsgættir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi. Sama gildir um önnur störf er slökkviliðsmenn sinna eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, þ.m.t. sjúkraflutninga og björgunarstörf. Bætur skulu ákvarðast á grundveili reglna I. kafla skaðabótalaga, nr. 50/1993, með síðari breytingum. Þeir sem slasast við störf sem tilgreind eru í 1. mgr. eiga rétt á að fá greiddar bætur úr sveitarsjóði, verði tjónið ekki bætt af vátryggingafélagi.]

Lagt er til að ekki verði fallið frá áformum um útvíkkun ákvæða slysatriðsgættis slökkviliðsmanna samkvæmt þskj. 618 – 376. mál sem lagt var fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008. Þessi breyting felur í sér góða samræmingu þessara mála og er til bóta. Vert er að benda á að þessi lagabreyting kveður á um kostnaðarsamari lausn en þá sem nú er kveðið á um. Huga þarf að þessum kostnaðarauka.

Um 20. gr. nógildandi laga

Lagt er til að fyrsta málsgrein 20. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur að [*mannvirki*] [*atvinnuhúsnæði*] og [*öðrum*] vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.

Mannvirki gefur víðtækari úrræði en atvinnuhúsnæði til að fylgja eftir ástandi eldvarna og er í takt við vilja löggjafans.

Um 21. gr. nógildandi laga

FSÍ tekur undir ábendingar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um útvíkkun gildissviðs 21. gr. laganna, þannig að ljóst sé að greinin gildi ekki aðeins um eldsvoða heldur einnig um mengunartjón. Í umsögn SHS er vísað til þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu urðu að bera hallann af því í svonefndum Hringrásardómi (Hrd. frá 8. maí 2008 í máli nr. 426/2007) hve óskýr gildandi lög eru um mengunartjón. Að áliti sambandsins er eðlilegt að löggjafinn taki af skarið um þetta atriði.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi


Kristján Einarsson
formaður FSÍ



Fjallabyggð

Alþingi
Erindi nr. P 138/1335
komudagur 22.3.2010

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 18.03.2010
Nr. erindis 1003070/IÓM

Á 87. fundi skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar þann 17. mars sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

Beiðni um umsögn til laga um brunavarnir

Umhverfisnefnd Alþingis óskar eftir umsögn vegna frumvarps tii laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, 427. mál.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulags- og umhverfisnefndar

Ingibjörg Magnúsdóttir

Ingibjörg Ólöf Magnúsdóttir

Tæknifulltrúi

Alþingi
Erindi nr. P 138/1710
komudagur 13.4.2010

DRAUPNIR
LÖGMANNSÞJÓNUSTA EHF.

Alþingi
nefndasvið
Reykjavík.

b.t. Hildar Evu Sigurðardóttir.
hildureva@althingi.is

Reykjavík, 9. apríl 2010.

Varðar: Frumvarp um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, þingskjal 744.

Að beiðni Flugstoða ohf., og Keflavíkurflugvallar ohf., hef ég skoðað frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum, sem umhverfissráðherra hefur lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Frumvarp þetta er tilkomið vegna þeirra breytinga, sem lagðar eru til á löggjöf um byggingarmálefni í frumvarpi til laga um mannvirki.

Frumvarp til laga um mannvirki, sem leysa á af hólmi gildandi skipulags- og byggingalög, felur í sér margháttaðar breytingar á stjórnarsýslu byggingamála. Samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki skal m.a. komi á fót nýrri stofnun Byggingarstofnun (betra væri Byggingastofnun). Byggingarstofnun er ætlað að taka yfir verksvið Brunamálastofnunar og hluta af verkefnum Skipulagsstofnunar.

Með frumvarpinu á þingskjali nr. 744 er ekki ætlunin að breyta lögum um brunavarnir efnislega, nema að því leyti að slökkvilið í skilningi laga um brunavarnir fá nú það lögbundna hlutverk að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum m.a. flugvélum. Slökkvilið í skilningi brunavarnarlaga hafa ávallt haft það hlutverk að slökkva eld í flugvélum á jörðu niðri.

Frumvarp til breytinga á lögum um brunavarnir felur ekki í sér neinar breytingar á lögum um brunavarnir, sem skipta máli fyrir starfsemi Flugstoða og Keflavíkurflugvallar um rekstur félaganna á Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvelli.

Flugvallarrekstur Flugstoða og Keflavíkurflugvallar lýtur lögum um loftferðir, reglugerðum settum á grundvelli þeirra af samgönguráðherra og alþjóðasamningum um loftferðir, sem Íslanda á aðild að og miða að því að tryggja alþjóðlegt flugöryggi.

Flugöryggi er m.a. reynt að tryggja með því að hafa á flugvöllum sérstaka viðbúnaðarþjónustu sbr. reglugerð um flugvelli nr. 464/2007, sem sett er af samgönguráðherra á grundvelli laga nr. 60/1998 um loftferðir.

DRAUPNIR

Í ljósi þeirrar uppákomu sem varð á dögnum þegar slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hótaði að loka Reykjavíkflugvelli er hins vegar nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það í lögum um brunavarnir að flugvellir og sú starfsemi sem þar fer fram heyrir ekki undir Brunamálastofnun eða einstaka slökkviliðsstjóra landsins, að öðru leyti en því að mannvirki á flugvöllum, sem byggingarleyfi þarf fyrir þurfa að fullnægja reglum um brunavarnir.

Á þessu er hvergi tekið með ótvíræðum hætti í lögum um brunavarnir í dag. Enginn vafi er hins vegar á því að lög um brunarnir eiga ekki við um viðbúnaðarþjónustu flugvalla þegar horft til almennra lögskýringasjónarmiða. Þau virðast hins vegar ekki alltaf duga þegar embættismenn frekir til valdsins eru annars vegar. Það væri því til bóta, ef Alþingi undanskyldi slökkvi- og björgunarþjónustu flugvalla samkvæmt loftferðalögum afskiptum Brunamálastofnunar og einstaka slökkviliðsstjóra, nú þegar þingið hefur frumvarp til breytinga á lögum um brunavarnir til meðferðar.


Þess skal hér getið að slökkvi- og björgunarsveitir flugvalla þurfa að fullnægja kröfum laga um loftferðir nr. 60/1998. Framkvæmd þeirra laga er á forræði Flugmálastjórnar Íslands sbr. lög nr. 100/2006. Flugmálastjórn heyrir undir samgönguráðuneytið. Flugmálastjórn gefur út rekstrarleyfi fyrir flugvelli. Hvaða skilyrði varðandi slökkvi- og björgunarmál Flugmálastjórn telur að flugvöllur þurfi að fullnægja til að fá rekstrarleyfi ræðst af því hvar í flokki flugvöllurinn lendir samkvæmt reglugerð um flugvelli nr. 464/2007.

Fyrir rekendur flugvalla er það óþolandi að stjórnvöld sem ekki fara með lögsögu í loftferðamálum geti tekið sér slíkt vald á grundvelli orða í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga um brunavarnir, eins og reyndin var þegar slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins mælti fyrir um skipan slökkvi- og björgunarþjónustu Reykjavíkflugvallar þann 19. mars sl.

Slökkviliðsstjórinn hefur nú afturkallað þessa ákvörðun sína eftir afskipti samgöngu- og umhverfisráðherra.

Óski nefndin þess að mál þessi verði rædd við nefndina er ég tilbúin til þess ásamt fulltrúum frá Flugstoðum og Keflavíkflugvelli.

Virðingarfyllst,



Sigurður G. Guðjónsson hrl.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1600
komudagur 8.4.2010



Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
agnes@fornleifavernd.is

Reykjavík 6. apríl 2010

Tilvísun: Fvr 2007040012 IAS

Efni: Frumvarp til laga um mannvirki (426. mál), brunavarnir (427. mál) og skipulagslög

425. mál
Með bréfi dagsettu 10. mars sl. óskaði Kristjana Benediktsdóttir fh. nefndasviðs Alþingis eftir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um ofangreind frumvörp til laga. Stofnuni hefur engar nýjar athugasemdir við frumvörpin en vill ítreka fyrri athugasemdir dagsettar 9. apríl 2008 en þær voru eftirfarandi:

Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við breytingu á lögum um brunavarnir (376. mál).

Fornleifavernd ríkisins gerir eftirfarandi athugasemd við Frumvarp til laga um mannvirki (375. mál):

Í 8. gr. [nú 9. gr.] frumvarpsins kemur fram að óheimilt er að rífa mannvirki nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingafulltrúa. Rétt er að benda á 6. grein laga nr. 104/2001 um húsafríðun og 9. og 10. grein laga nr. 107/2001 Þjóðminjalaga, sem setja takmarkanir á heimild byggingafulltrúa til að veita leyfi til niðurrifs mannvirkja.

Fornleifavernd ríkisins gerir eftirfandi athugasemdir við Frumvarp til skipulagslaga (374. mál):

Í 13. og 44. grein frumvarpsins er fjallað um heimild sveitarstjórnar til að veita framkvæmdaleyfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Þar kemur fram að áður en slíkt framkvæmdaleyfi er veitt skuli fara fram grenndarkynning þar sem "skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta skipulagstillöguna og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins tíma sem skal vera a.m.k. fjórar vikur" (úr 44. gr.).

Nauðsynlegt er að hér verði einnig kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að óska umsagnar Fornleifaverndar ríkisins þar sem í mörgum tilvikum er um að ræða jarðrask sem getur haft veruleg áhrif á fornleifar ef þær eru til staðar (sbr. 12., 13. og 14. grein Þjóðminjalaga nr. 107/2001).

Í 50. grein frumvarpsins er fjallað um heimildir til eignarnáms. Þar er veitt heimild skv. lið 3 að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulags að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á

grundvelli deiliskipulags “Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja að markmið þeirra nái fram að ganga.” Hér telur Fornleifavernd ríkisins nauðsynlegt að einnig verði heimilt að taka eignarnámi lóð eða lóðarhluta vegna friðaðra eða friðlýstra fornleifa sem á henni eru.

Virðingarfyllst



Agnes Stefánsdóttir, deildarstjóri

18.3.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/1312
komudagur 19.3.2010

Umhverfisnefnd Alþingis

Hér sendist bókun sveitarstjórnar vegna frumvarpa til skipulags-, mannvirkja- og laga um brunavarnir en málið var tekið fyrir í dag.

10. Beiðni Umhverfisnefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarpa til laga um skipulagsmál, laga um mannvirki og laga um brunavarnir.

427. mál

Sveitarstjórn gerir ekki sérstakar athugasemdir að sinni við frumvarp til laga um mannvirki og lög um brunavarnir að öðru leyti en því að engin rök séu fyrir því að stofna sérstaka byggingastofnun heldur eigi að sameina Skipulags- og Brunamálastofnun í eina stofnun. Ekki liggur fyrir neitt kostnaðarmat hvað slík ný stofnun myndi kosta en það eru rök fyrir að fækka og sameina stofnanir frekar en búa til elna nýja. Þá er einnig bent á að ekki liggur fyrir hvað þessi nýju frumvörp fela í sér mikinn viðbótarkostnað fyrir sveitarfélögin.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði í frumvarpi til skipulagslaga. Í fyrsta lagi að ráðherra hafi ekki sérstaka tímafresti til að afgreiða aðalskipulagstillögur sveitarfélaga. Í öðru lagi að sveitarfélögum sé ekki heimilt að setja á gjaldskrá varðandi skipulagsmál. Afgreiðsla á skipulagsmálum getur verið flókin, tímafrek og vandasöm og felur í sér mikinn útlagðan kostnað við þá vinnu. Ekki er óeðlilegra að innheimta gjöld vegna skipulagsvinnu frekar en byggingarleyfisgjöld sem gert er ráð fyrir að verði áfram innheimt í lögum um mannvirki. Það er eðlileg krafa að sveitarfélag fái greiddan sannarlega útlagðan kostnað við skipulagsvinnu. Að öðrum kosti væri réttlátt að Skipulagssjóður greiði fyrir þá vinnu. Minnt er á að ekki er jafnræði með sveitarfélögum. Stærri sveitarfélög hafa fengið beint til sín svo nefnt skipulagsgjald en önnur ekki. Í þriðja lagi eru gerðar athugasemdir við fyrirkomulag landskipulag að Skipulagsstofnun geti verið umsagnaraðili um aðalskipulag sveitarfélaga ef þeir eiga líka að sjá um að vinna landskipulagið.

Með bestu kveðju,
Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri
Grímsnes- og Grafningshreppi



Alþingi
Erindi nr. **D 138/1547**

Grundarfjarðarbær komudagur

7.4.2010

NETFANG: grundarfjordur@grundarfjordur.is

HEIMASÍÐA: www.grundarfjordur.is

Grundarfirði, 29. mars 2010.

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.


Efni: Umsögn um frumvörp til skipulagslaga, 425. mál, laga um mannvirki, 426. mál og til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, 427. mál.

Á fundi bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar þ. 29. mars 2010, var eftirfarandi umsögn samþykkt um öll framangreind frumvörp:


„Bæjarráð tekur undir drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreind frumvörp. Bæjarráð hvetur til að haft verði í huga að ofangreind frumvörp vegi ekki að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og hafi ekki íþyngjandi áhrif á stjórnarsýslu og leiði ekki til aukinna fjárútgjalda sveitarfélaga.“

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Bæjarstjórnin
Grundarfjarðarbær
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri

Afrit: Samband íslenskra sveitarfélaga, lögfræðisvið.



Dagsetning
24.03.2010

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM BRUNAVARNIR

Mál nr. 427. Lagt fyrir Alþingi á 138.löggjafarþingi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Umsagnarfrestur er til 26. mars. Hér fara á eftir athugasemdir Skipulags- og byggingarráðs um frumvarpið, teknar saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra Skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 30.03.2010. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

9. grein.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er a-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

a. framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Umsögn:

Þetta er til bóta og ætti að einfalda og væntanlega flýta meðferð mála. Byggingarfulltrúi óskar eftir álitum eldvarnaeftirlits í stað þess að ganga eftir að umsækjandi leiti sjálfur eftir henni.


Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er c-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrráða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

b. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrráða skv. VIII. kafla laga þessara



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

Umsögn:

Hér er breytt tilvísunum í lög, mannvirkjalög í stað skipulags- og byggingarlaga, sem væntanlega falla úr gildi verði lögin samþykkt samtímis. Einnig fellur brott kæra til lögreglu, þar sem viðurlög í brunavarnalögum og mannvirkjalögum (dagsektir m.fl.) þykja nægja.

Skipulags- og byggingarráð gerir ekki frekari athugasemdir við lagafrumvarpið.

F.h. skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Dr. Bjarki Jóhannesson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs



Alþingi
Erindi nr. P 138/1336
komudagur 22. 3. 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Húnavöllum 19. mars. 2010.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.
Þskj. 744 – 427. Mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Björgun fólks úr frartækjum, t.d. eftir umferðarslys, krefst sérhæfðs búnaðar og þjálfunar þeirra sem búnaðinn nota.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps gerir athugasemd við það, að hér getur verið um verulega aukin kostnað sveitarfélaga að ræða vegna kaupa á klippibúnaði og viðhald og endurnýjun hans.

Ofanrituðu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðju,

F.h. Húnavatnshrepps


Sveitarstjóri, Jens P. Jensen



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 138/1937
komudagur 29.4.2010

Skrifstofa Alþingis,
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður,
Aðalstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Ísafjörður, 26.04.2010
2010030036 AGG

Efni: Breyting á lögum um brunavarnir. 427. mál. - frumvarp til laga

Á fundi umhverfisnefndar 7. apríl sl var lagt fram tölvubréf dags. 10. mars sl. frá Kristjönu Benediktsdóttur skjalaverði nefndarsviðs Alþingis, þar sem óskað er umsagnar Ísafjarðarbæjar á frumvarpi til laga um brunavarnir mál 427.

Bókun umhverfisnefndar var eftirfarandi: *Umhverfisnefnd tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. mars 2010 og bendir sérstaklega á að frumvarpið gerir ráð fyrir auknum fjárlátum sveitarfélaganna vegna búnaðar og hjálfunar.*

Bókun umhverfisnefndar var staðfesta á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. apríl sl.

Beðist er velvirðingar hversu seint svar er sent bréflaga.

Virðingarfyllst,

BYGGINGARFULLTRÚINN

Anna Guðrún Gylfadóttir

- byggingarfulltrúi -

Alþingi
Erindi nr. P 138/1361
komudagur 23.3.2010

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

22. mars 2010

Efni: Athugasemdir vegna frumvarps á þskj. 744 — 427. mál, frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

9. gr. um breytingar á 12. gr laga nr. 75/2000 *Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.*

Eftirfarandi komi næst á eftir a-lið í 1. mgr. og verði b-liður (aðrir liðir breytast skv. þessu)

„hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og skógræktaráætlanir kveði á um eldvarnir í skóglendi, eftir því sem við á“

Málgreinin verður þá svo breytt:

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

- a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð,
 - b. hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og skógræktaráætlanir kveði á um viðeigandi eldvarnir, samkvæmt hættumati um viðkomandi svæði.
- [c...]

Rök: Vísast í skýrslu vísindanefndar (2008) „Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi“ s. 100:

Með meiri framleiðni gróðurs, aukinni útbreiðslu skóga og minnkandi beit eykst hætta á sinu- og skógareldum. Minnkandi snjóhula auk breytinga á úrkomu að vori og sumri hafa einnig áhrif á áhættuna. Þegar er farið að huga að vöktun og eftirliti með hættu á skógareldum

Einnig vísast í skýrsluna „Almannavarnir og áfallapól íslensks samfélags“ (2005) kafla 6. *Eldsvoðar*, bls. 25: „Ný ógn er fyrirsjáanleg í þessum málaflokki, en það eru auknir kjarr- og skógareldar, sem komið geta upp í vaxandi mæli við þá miklu aukningu á skógrækt sem nú á sér stað í landinu.“

Það verður að teljast *ágalli laga um brunavarnir* að þar er ekki kveðið á um að eldvarnaeftirlit sveitarfélaga hafi skilgreint hlutverk um eftirlit eldvarna í skipulags- og skógræktaráætlunum, eins og eftirlit með nýbyggingum. Það hafa komið fram rökstuddar ábendingar vísindamanna um aukna hættu á gróður- og skógareldum, t.d. í skýrslum sem vísað er til hér að ofan.

Hér er lagt til að það bætist við *hlutverk* eldvarnaeftirlits sveitarfélaga að það skuli hafa, í samvinnu við skipulagsfulltrúa, eftirlit með því að við alla áætlanagerð um landnot skuli kveðið á um eldvarnir í skóglendi, áður en þar verði heimiluð byggð, eftir því sem háttar til um gróðurfur á viðkomandi svæði.

Virðingarfyllst,


K. Hulda Guðmundsdóttir
Fitjum, Skorradal

Ne Fundarzeit

Ne Fundarzeit
Austurstræt 8-10,
450 Reykjavík



Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/1256
komudagur 15. 3. 2010


Akranesi 12. mars 2010
Tilvísun: L10030010/022.1/MG/--

**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um
brunavarnir, Þskj. 744 - 427. mál.**

Við er í bréf frá nefndasviði Alþingis dagsett 10. mars 2010 þar sem óskað er eftir að Landmælingar Íslands sendi inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, 427. mál.

Landmælingar Íslands gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 138/1699
komudagur 9.4.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2010
11.11

Efni: Umsögn Landsnets hf um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, þskj. 744, 427. mál á 138. löggjafarþingi.

Landsnet hf gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp til laga.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Þórður Guðmundsson".

Þórður Guðmundsson
forstjóri



Alþingi

Erindi nr. P /38/1603

komudagur 8.4.2010

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 31.03.2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir (Byggingastofnun) 427. mál.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS), er stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opb. starfsmanna og hefur innan sinna raða bæði slökkviliðsmenn og sjúkraflutningamenn. Skv. lögum LSS gætir það hagsmuna félagsmanna sinna bæði varðandi fagleg málefni sem og kjaraleg málefni.

LSS fagnar framkomnu frumvarpi og kemur hér með nokkrar athugasemdir og tillögur út frá reynslu og faglegum sjónarmiðum slökkviliðsmanna.

Í 2. grein frumvarpsins segir:

“Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.”

LSS fagnar því að hér er tekinn af allur vafi að lögin gildi um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.

Í 8. grein frv. segir:

“Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.”

LSS fagnar því að hér er loks kominn lagalegur stuðningur við að verkefnið sé hjá slökkviliðunum, eins og það er í raun í dag.

Í nágrannalöndum okkar er þessi málaflokkur á hendi slökkviliðanna og slökkviliðsmönnum er kennd meðferð þessara sérhæfðu björgunartækja. Í níunda kafla kennslubókar Brunamálaskólans fyrir slökkviliðsmenn, er kennd meðferð og notkun þessa búnaðar. Það verður ekki séð að neinn annar viðbragðsaðili nema slökkviliðin geti tekið að sér þessi veigamiklu verkefni án mikils tilkostnaðar enda hangir þetta allt saman við þau verkefni sem slökkviliðunum er falið að sinna lögum samkvæmt.

Varðandi 3. grein frv.

LSS fagnar nákvæmari skilgreiningu á hugtakinu “mannvirki”.

Jafnframt telur LSS nauðsynlegt að bætt sé við hugtakinu “slökkvilið”, og leggur því til eftirfarandi viðbót við 3. grein frv.:

3. grein frv. :

c. Skilgreining orðsins “slökkvilið” verði svohljóðandi: “sérþjálfaðara hópur manna sem fæst við og slökkvi- og björgunarstörf”.

Skilgreiningin er samkvæmt þýðingu “Íslensku orðabókarinnar” (Menningarsjóður, 2007, Mördur Árnason), og til samræmis við alþjóðlega hugtakið “rescue and fire fighting”.

Í 7. grein frv. segir:

“Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.”

Af þessu tilefni vill LSS taka fram að nám það sem fer fram við Brunamálaskólann er mjög sérhæft og útheimtir dýrann og flókinn tækjabúnað sem að áliti LSS er ekki á færi annarra en slökkviliða sveitarfélaganna að tryggja afnot af slíkum tækjum og búnaði. Þannig er verulegur vafi á því að hægt sé að fela öðrum menntastofnunum eins og framhaldsskólum framkvæmd þeirrar menntunar. LSS leggur á það áherslu að skólinn verði framvegis rekinn sem sjálfstæð stofnun eins og t.d. Sjúkraflutningaskólinn og Lögregluskólinn. Einnig væri vel hægt að fela stærstu slökkviliðum landsins rekstur skólans, en með því væri fulltryggt að sú fagþekking sem þar er til staðar hverju sinni, skili sér til nemenda.

Þá má ekki gleyma því að endurmenntun er stór hluti í menntun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um allt land og því gríðarlega mikilvægt að tryggja öllum slökkviliðsmönnum gott aðgengi að endur- og símenntun. Án þess verður ekki mögulegt að halda uppi góðri þjónustu og um leið að tryggja fyllsta öryggi íbúa og slökkviliðsmanna í útköllum og annarri þeirri vinnu sem er á hendi slökkviliðanna. Jafnframt vekjum við athygli á þeirri nauðsyn að hluti kennslunnar fari fram í fjarkennslu.

Okkur hjá LSS er ljóst að það þarf að bæta starfsemi Brunamálaskólans en sjáum ekki að lausnin felist í að færa hann undir einhverja óskilgreinda menntastofnun út í bæ sem óvíst er hvort hafi yfir að ráða þeim sértæka tækjabúnaði sem til þarf.

LSS leggur því til við umhverfisnefnd að felld verði út eftirfarandi setning í 7. grein frv.:
“Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans.”

Varðandi 9. grein frv.

Um breytingar sem verða á 12. grein laganna, þykir LSS rétt að nota orðið “*mannvirkisins*” til samræmis við aðrar breytingar sem frv. innleiðir:

*c. Á eftir e-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður húsnæðisins **mannvirkisins** ekki tilmælum slökkviliðsstjóra...*

Varðandi 13. grein frv.

LSS telur nauðsynlegt að tala um “þrekpróf” samhliða læknisskoðun. Jafnframt teljum við ekki rétt að einskorða þetta við þá sem stunda reykjöfun.

LSS leggur því til að 13. grein orðist svo:

*“Slökkviliðsmenn sem ~~stunda reykjöfun~~ skulu hafa staðist **þrekpróf og læknisskoðun** samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.”*

Varðandi 19. grein frv.

LSS fagnar sérstaklega eftirfarandi nýrri málsgrein og telur hana hafa mikið forvarnargildi:

“Byggingarstofnun getur kafið sveitarfélög nauðsynlegra upplýsinga um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.”

Varðandi 23. grein frv.

Þar koma fyrir orðin: “námskeiði” “námskeiðum” “námskeiða” og “námskeiðahald”. Miðað við umfang menntunarinnar telur LSS réttara að tala hér um “nám” frekar en “námskeið”.


Í frumvarpi um brunamál (376 mál) sem lagt var fram á alþingi 2007-2008 var eftirfarandi tillaga sem ekki er í þessu frumvarpi:

“18. gr. laganna orðast svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi. Sama gildir um önnur störf er slökkviliðsmenn sinna eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, þ.m.t. sjúkraflutninga og björgunarstörf. Bætur skulu ákvarðast á grundvelli reglna I. kafla skaðabótalaga, nr. 50/1993, með síðari breytingum. Þeir sem slasast við störf sem tilgreind eru í 1. mgr. eiga rétt á að fá greiddar bætur úr sveitarsjóði, verði tjónið ekki bætt af váttryggingafélagi.”

LSS telur þessa tillögu eiga fullt erindi í frumvarp um brunamál (Byggingastofnun).

Fyrir hönd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna



Sverrir Björn Björnsson formaður

Umhverfisnefnd Alþingis

1. Fyrir hönd Landssamtaka skógareigenda gerir undirritaður eftirfarandi athugasemd við þingskjal 742 — 425. mál, frumvarp til skipulagslaga.

Við 2.mgr. 12. gr. IV kafla, þar sem kveðið er á um stefnu varðandi landnotkun og byggðapróun, á eftir orðunum „vatnsvernd, samgöngur“ komi „eldvarnir í skóglendi“ á undan orðunum „o.fl.“

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur skógrækt aukist á landsvísu, í kjölfar laga um landshlutabundin skógræktarverkefni sem hófst með lögum um Héraðsskóga. Víða um land er því skógur að vaxa upp á stórum svæðum og við það hafa skapast nýjar aðstæður varðandi eldhættu. Skógarbændum þykir nauðsynlegt að taka á því, strax á skipulagsstigi sveitarfélaga, að þar sé gert ráð fyrir eldvörnum í skóglendi.

2.

Fyrir hönd Landssamtaka skógareigenda beinir undirritaður þeim tilmælum til umhverfisnefndar Alþingis að inn í frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, Þskj. 744 — 427. mál, verði bætt ákvæðum um brunavarnir í skóglendi.

Greinargerð

Á undanförunum árum hefur skógrækt aukist á landsvísu, í kjölfar laga nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni sem hófst með lögum um Héraðsskóga. Víða um land er því skógur að vaxa upp á stórum svæðum og við það hafa skapast nýjar aðstæður varðandi eldhættu. Skógarbændum þykir nauðsynlegt að taka á því í lögum um brunavarnir verði tekið á eldvörnum í skóglendi.

Selfossi .30. mars 2010.

Björn B. Jónsson
framkvæmdastjóri LSE

s 899 9302



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2902
komudagur 1.7.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 29.06.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, þskj. 744 – 427. mál**

Umsögn
Að beiðni ~~íðnaðarnefndar~~ Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, þskj. 744 - 427. mál. Ábendingar Landsvirkjun við frumvarpið eru þessar.

1. Í frumvarpinu er hugtakinu mannvirki breytt og það gert mun víðtækara en í núgildandi lögum. Með breytingunni falla undir löginn margvísleg mannvirki og framkvæmdir Landsvirkjunar, svo sem vegir, brýr, vatnsveitur, fráveitumannvirki og fleira, sem hingað til hafa ekki verið talin falla undir löginn. Mikilvægt er að ekki skapist óvissa eða misræmi við önnur lög eða reglugerðir sem fjalla um þessi mannvirki, t.d. reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum, ýmsar reglugerðir um vatnsveitur, holræsi og fleira. Þá er og mikilvægt að ekki séu settar óþarfa kröfur um brunavarnir og brunahönnun, sbr. 23. og 24. gr. núgildandi laga, þeirra framkvæmda sem með breytingunni falla undir hugtakið mannvirki.
2. Í lög er fest að „tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegar dvalar í fjóra mánuði eða lengur á sama stað“ (vinnubúðir) falla undir lög um brunavarnir. Þar er ekki um breytingu að ræða í framkvæmd frá því sem verið hefur en ákvæðið dregur úr réttaróvissu.

Landsvirkjun gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið en leggur áherslu á að í þessu efni sem öðrum verði ekki aukið á flækjustig leyfisveitinga eða eftirlits og að skýrt sé hverjir eigi að hafa eftirlit með að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1642
komudagur 8.4.2010

Alþingi
Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Kristjana Benediktsdóttir skjalav.
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 8. apríl 2010
nr. erindis 201003166 sój


Efni: Umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar vegna frumvarps til laga um brunavarnir.

Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál.

Varðandi umsögn til laga um brunavarnir, 427. mál, er vísað til umsagnar skökkviliðsstjóra Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. sem slökkviliðsstjóri tók saman að beiðni stjórnar byggðasamlagsins.

Umsögn slökkviliðsstjóra er hjálögð.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar


Stefán Ómar Jónsson
framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1468
komudagur 26.3.2010

Reykjavík, 24. mars 2010
2010030006/42-1-1
TB/JGO
jgo/tb

Við er til bréfs/tölvupósts umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til skipulagslaga (425. mál), frumvarpi til laga um mannvirki (426. mál) og laga um brunavarnir (Byggingarstofnun) (427. mál). Náttúrufræðistofnun mælir með samþykkt þessara frumvarpa, en vill koma eftirtarandi athugasemdum við þau á framfæri.

I. Umsögn-Frumvarp til skipulagslaga (425. mál)

Almennar athugasemdir:

Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að benda á að við gerð t.d. aðalskipulags hefur Skipulagsstofnun talið að sýna skuli einn valkost en ekki fleiri sem er eðlilegt í flestum tilfellum. Þetta getur t.d. verið vegna vegagerðar. Þegar þetta er gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem ávallt eiga að fara í mat á umhverfisáhrifum en mat hefur ekki farið fram vandast málið. Þá er sett fram tillaga um einn kost sem að viðkomandi sveitarfélag eða meirihluti í sveitarstjórn telur þjóna best hagsmunum sveitarfélagsins. Þetta er jafnvel gert þó að umhverfismat viðkomandi skipulags sýni að sú tillaga sem lögð er fram hafi mest áhrif á náttúrufarar út frá þeim gögnum sem eru fyrir hendi hverju sinni. Það er því búið að leggja línur um hvað skuli verða áður en að fram hefur farið almennileg náttúrufarsúttekt og áður en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Að mati Náttúrufræðistofnunar væri eðlilegt í svona tilfellum að hægt væri að sýna annaðhvort fleiri möguleika eða ákveðið framkvæmdasvæði og skýra málið betur út í greinargerð. Þegar svona er háttáð virðist sem að mat á umhverfisáhrifum hafi ekkert gildi og ekki heldur megin markmið skipulagslaganna sjálfra sbr. 1. gr. laganna b.lið.

Ekki er tekið á því í frumvarpinu hvemig á að fara með skipulagsmál utan netlaga en þar hafa komið upp ýmis álitamál s.s. olíuleit og fiskeldi. Í framtíðinni er líklegt að fleiri stór mál komi upp s.s. vindmyllur og sjávarfallavirkjanir.

Náttúrufræðistofnun telur afar mikilvægt að það sé gerð krafa í skipulagslögum um að leita skuli að bestu lausn (sbr. t.d. BAT „best available technology“ hvað varðar mengunarvarnir) við gerð skipulagsáætllana, það er lausn sem hefur minnsta röskun í för með sér fyrir náttúru landsins. T.d. er þetta mjög áriðandi vegna 37. gr. laga um náttúruvernd þar sem fjallað er um sérstaka vernd ýmissa náttúruvirkja s.s. jarðmyndana og vistkerfa, þar á meðal eru eldvörp, gervíggar, mýrar, vötn, hverir ofl. Miðað við núverandi lög þarf aðeins að samþykkja skipulag svo 37. greinin verði óvirk án þess að fram hafi komið að leitað hafi verið leiða til að forðast tiltekna röskun. Þetta þarf að bæta sbr. einnig athugasemd við

skilgreiningar hér að neðan.

1. gr. Markmið

Náttúrufræðistofnun fagnar því að verndun landslags verði hluti af markmiði laganna. Athuga má hvort ekki sé réttara að nota orðið vernd í stað varðveislu ítryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta.....

2. gr. Skilgreiningar

Náttúrufræðistofnun telur að laga þurfi skilgreiningar á eftirfarandi hugtökum/orðum:

Hverfisvernd. Hverfisvernd er skilgreint sem ákvæði í skipulagi til að vernda sérkenni eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja og náttúruminja. Orðið náttúruminjar hefur sérstaka merkingu í náttúruverndarlögum nr. 44/1999 en þar er það skilgreint sem lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem eru á náttúruminjaskrá. Jafnframt nær það til náttúruverndarsvæða, sem eru svæði sem njóta friðunar skv. lögum eða eru á náttúruminjaskrá. Með því að nota orðið "náttúruminjar" í skilgreiningunni er verið að þrengja hugtakið "hverfisvernd" og takmarka gildissvið þess þar sem náttúruminjar eru svæði sem nú þegar njóta einhvers konar verndar. Náttúrufræðistofnun leggur því til að við skilgreiningu á "hverfisvernd" verði annað hvort orðið "náttúrufar" eða "náttúra" notað með "náttúruminjar" sbr. 12. gr. frumvarpsins þar sem bæði er notað náttúruminjar og náttúrufar til að skýra út hverfisvernd vegna vernd náttúru.

Landnotkun. Þetta hugtak er skilgreint sem "*Ráðstöfun lands til mismunandi nota...*" og er skýrt með dæmum sem eru mjög hefðbundin: t. d. verslun, iðnaður, landbúnaður, íbúðir. Landnotkun hefur breyst mikið á undanförunum áratugum og ætti skilgreiningin á hugtakinu að taka mið af þeim breytingum. Þannig eru skógrækt og landgræðsla mjög umfangsmiklir landnotkunarflokkar og sama er að segja um náttúruvernd, sem nær til víðáttumikilla svæða. Náttúrufræðistofnun telur að þessir þrír landnotkunarflokkar ættu að vera nefndir í skilgreiningu á hugtakinu "landnotkun".

Sjálfbær þróun. Þar sem þetta er eitt af grunn hugtökum frumvarpsins sbr. b lið 1. gr. telur Náttúrufræðistofnun að ástæðu sé til að skilgreina það með einhverjum hætti. Þetta getur verið erfitt þar sem að byggðaþróun leiðir oft til eyðileggingar á ákveðnum svæðum. Markmið laganna er skýrt og því hlýtur að verða að reyna að skilgreina hugtakið. Sem dæmi: **Með sjálfbærri þróun í lögum þessum er átt við að mótun skipulagsáætlana vegna félagslegra og efnahagslegra þátta skuli vera með þeim hætti að fullt tillit sé tekið til náttúrufars og ætíð leitað að skipulagslausnum sem hafa minnst áhrif á náttúruna og hafa í för með sér minnst álag á aðra þætti í umhverfinu s.s. loft- og vatnsgæði. Taka skal fullt tillit varúðarreglunnar og mengunarbótareglunnar.**

10. gr. Landsskipulagsáætlun

Náttúrufræðistofnun fagnar því að sett skuli í skipulagslög ákvæði um landsskipulagsáætlun, sem verði rétthæsta skipulagsstigið m.t.t landnotkunar á landsvísu sbr. næstsíðustu mgr. 12. gr. Með landsskipulagsáætlun gefst færi á að horfa heildstætt á landnotkun og samræma hinar ýmsu áætlanir, sem gerðar eru á vegum opinberra aðila, svo sem samgönguáætlun, áætlanir um orkunýtingu s.s. rammaáætlanir um virkjun vatnsfalla og jarðvarma, náttúruverndaráætlanir, byggðaáætlanir og áætlanir um aðra landnotkun s.s. skógræktar- og landgræðsluáætlanir. Jafnframt gefst færi til að setja fram stefnu um landnotkun á tilteknum stórum landsvæðum svo sem á miðhálandi landsins. Náttúrufræðistofnun telur þær breytingar

sem hafa orðið á frumvarpinu frá því að það var lagt fram fyrst til bóta s.s. hvað varðar að nú er skilgreint betur í 2. mgr. 10 gr. hvaða áætlanir eigi að samþætta.

12. gr. Skipulagsskylda

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um stefnu um landnotkun og byggðaþróun í skipulagsáætlunum verði tilgreint sérstaklega að þar skuli sett fram stefnumið um skógræktar- og landgræðsluframkvæmdir líkt og gert er með náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur ofl. Með því yrði gætt samræmis við 1. mgr. þar sem vísað er til "*framkvæmda og aðgerða sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess*". Fáar framkvæmdir hafa jafn mikil áhrif á umhverfi og ásýnd þess, en umfangsmiklar skógræktarframkvæmdir. Jafnframt yrði gætt samræmis við 8. mgr. greinarinnar.

Í 4. mgr. er fjallað um samráð við íbúa, viðkomandi stjórnvöld og aðra sem hagsmuna eiga að gæta við gerð skipulagsáætlana. Samkvæmt greininni skal "*eftir föngum*" leita eftir sjónarmiðum og tillögum. Orðalag þetta er mjög veikt að mati Náttúrufræðistofnunar og leggur til að orðin "*eftir föngum*" falli brott.

Varðandi 6. mgr. 12. gr. er vísað til athugasemdar Náttúrufræðistofnunar um skilgreiningu á hugtakinu "*hverfisvernd*" og á notkun orðsins "*náttúruminjar*" hér að ofan.

17. gr. Skipulagsgjald

Í greininni er kveðið á um skipulagsgjald til að standa straum af kostnaði við gerð skipulagsáætlana og er ákvæðið að mestu samhljóða 35. gr. gildandi laga. Hins vegar er lögð til mikilvæg breyting í 1. mgr. þar sem heimilt verður að nota skipulagsgjaldið einnig til að standa undir kostnaði af "*þróunarverkefnum sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana*". Hér er um mjög mikilvægt ákvæði að ræða sem mun áreiðanlega nýtast vel og stuðla að nauðsynlegum rannsóknum og framleiðslu gagna sem sveitarfélögin þurfa til að gera góðar skipulagsáætlanir. Dæmið um slíkt þróunarverkefni er gerð gróður- og vistgerðakorta, sem skapa grunn fyrir skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis og jarðminja. Slík kort draga jafnframt úr kostnaði þjóðfélagsins af framkvæmd laga um umhverfismál og þar á meðal skipulagslaga þegar til lengri tíma er litið.

45. gr. Skipulagsreglugerð

Samkvæmt 1. mgr. skal umhverfisráðherra setja reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í 2. mgr. segir að í reglugerðinni skuli kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, m.a. "*um framsetningu og innihald skipulagsgreinargerða og skipulagsuppdráttanna*". Náttúrufræðistofnun leggur til að ákvæði greinarinnar um "*innihald*" verði orðað með skýrari hætti, t. d. með því að kveða skýrt á um að ráðherra skuli í reglugerð setja fram kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna svo sem náttúrufarskorta og mælikvarða þeirra.

II. Umsögn-Frumvarp til laga um mannvirki (426. mál)

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

III. Umsögn-Frumvarp til laga um brunavarnir, Byggingastofnun, (427). mál)

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

Húsavík 24/3/10

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsagnir um lagafrumvörp

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands Norðurlands hafði til umfjöllunar á 60. fundi sínum þann 16. mars s.l. frumvörp til nýrra skipulagslaga, laga um mannvirki og laga um brunavarnir. Eftirfarandi var þar fært til bókar:

Alþingi, 425., 426. og 427. mál til umsagnar (201003037)

Óskað er umsagna um frumvarp til nýrra skipulagslaga, laga um mannvirki og laga um brunavarnir.

3.1: Frumvarp til skipulagslaga:

1. Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands Norðurlands leggst gegn hugmyndum um yfirfærslu skipulagsvalds sveitarstjórnar til ríkisins eins og virðist opnað fyrir með ákvæðum 10. og 11. gr. laganna sem fjalla um landskipulag. Nefndin fellst á að ákveðnar stefnur eigi að vinna á landsvísu s.s. samgöngur ofl. en telur orðalag 2. mgr. 10 gr. of opið þar sem segir 'Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflökka sem varða landnotkun...'

2. Fyrirsögn 20. gr. fjallar m.a. um gjald fyrir skipulagsvinnu, en greinin sjálf nefnir ekki gjaldtöku vegna skipulagsvinnu. Nefndin telur rétt að gjaldtökuheimildir vegna skipulagsvinnu séu skýrar. Aðrar athugasemdir hefur nefndin ekki á þessu stigi við frumvarpið.

3.2: Frumvarp til laga um mannvirki:

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands Norðurlands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

X 3.3: Frumvarp til laga um brunavarnir:

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands Norðurlands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Sveitarstjórn Norðurlands Norðurlands fjallaði um þessar afgreiðslur skipulags- og byggingarnefndar á fundi sínum þann 23. mars og tók undir þessi sjónarmið nefndarinnar með eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Norðurlands Norðurlands leggst gegn hugmyndum um yfirfærslu skipulagsvalds sveitarstjórnar til ríkisins eins og virðist opnað fyrir með ákvæðum 10. og 11. gr. laganna sem fjalla um landskipulag. Sveitarstjórn fellst á að ákveðnar stefnur eigi að vinna á landsvísu s.s. samgöngur ofl. en telur orðalag 2. mgr. 10 gr. of opið þar sem segir 'Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um

samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun...!

Frekari athugasemdir/ábendingar undirritaðs við lagafrumvarp um ný skipulagslög:

Við frekari lestur frumvarps til skipulagslaga vill undirritaður benda á að misræmi virðist vera milli greinargerðar og lagagreina um endanlega afgreiðslu aðal- og svæðisskipulagstillagna. Þannig segir í 22. gr. frumvarpsins að svæðisskipulag sé háð staðfestingu umhverfisráðherra og í þeim anda er einnig 4 mgr. 25. gr. sem segir að skipulagsstofnun skuli gera tillögu til ráðherra um staðfestingu eða synjun skipulagstillögunnar. Engin sérákvæði eru um breytingar svæðisskipulagstillögu, heldur vísað í sömu lagagreinar. Samsvarandi ákvæði eru um aðalskipulag í greinum 29 og 32 og svo sérákvæði um ferli vegna „óverulegrar“ breytingar á aðalskipulagi í gr. 36. Hinsvegar segir í IV kafla greinargerðar, 2. mgr. Að lagt sé til „að Skipulagsstofnun sé falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum.“ Ég fann ekki hvaða „ákveðnu tilvik“ væri um að ræða enda virðist á lagagreinum að ráðherra staðfesti öll svæðis- og aðalskipulög nema um sé að ræða „óverulegar“ breytingar á eldri aðalskipulögum (36.gr.)! Undirritaður telur það framfaraskref að láta Skipulagsstofnun annast staðfestingu breytingar skipulagstillögu, en skýrt þarf að vera í hvaða tilvikum skipulagstillögur fara til ráðherra.

Brýnt virðist vera að setja umhverfisráðherra tímamörk til staðfestingar aðal- og svæðisskipulagstillagna, en slík ákvæði blasa ekki við í lagagreinum.

Í 52. gr. er fjallað um úrskurðarnefnd og nefndinni tilgreindir rýmri tímafrestrir en gert var í fyrri lögum (sex mánuðir í stað þriggja). Reynslan hefur sýnt okkur að úrskurðir nefndarinnar hafa ank í mörgum tilvikum dregist langt umfram löggilta 3 mánuði og reyndar langt umfram tillagða 6 mánuði. Oft er um að ræða mikla hagsmuni aðila í þeim málum sem fara til úrskurðarnefndar og því brýnt að tryggja sem mestan afgreiðsluhraða nefndarinnar og æskilegast að staðið yrði við eldri ákvæði um 3 mánuði.

Virðingarfyllst;

Gaukur Hjartarson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1360
komudagur 23.3.2010



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi - Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. mars 2010
Tilvísun: 2010030011
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga.

Með erindi, dags. 10. mars 2010, óskaði umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögnum Orkustofnunar um frumvörp til skipulagslaga, laga um mannvirki og laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000.

Orkustofnun hefur engar athugasemdir fram að færa um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og frumvarp til laga um mannvirki. Umsögn um frumvarp til skipulagslaga er eftirfarandi:

Frumvarp til skipulagslaga.

Vegna tilvísana til umsagnaraðila í 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins vill Orkustofnun benda á að stofnunin gæti tæplega fallið undir skilgreiningu 19. tölul. 2. gr. frumvarpsins á umsagnaraðilum. Því væri hentugra að umsagnaraðilar væru skilgreindir t.d. svo: **Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum.**

Þá vill Orkustofnun benda á að ekki er í frumvarpi til skipulagslaga tekið á skipulagi í tengslum við starfsemi utan netlaga, sbr. lög nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.

Virðingarfyllt

Valborg Stjórgrims
Valborg Stjórgrimsdóttir



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/1379
komudagur 24.3.2010

Reykjanesbæ,
23. mars 2010
Tilvísun 2010030206

Efni: Frumvarp til skipulagslaga, 425. mál, frumvarp til laga um mannvirki, 426. mál og frumvarp til laga um brunavarnir (Byggingarstofnun), 427. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 18. mars 2010 var til afgreiðslu erindi umhverfisnefndar Alþingis dags. 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um ofangreind frumvörp.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð vísar til þess að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áður sett fram gagnlegar athugasemdir um frumvörpin sem margar eiga ennþá við. Sambandið mun einnig leggja fram umsagnir vegna frumvarpanna nú og vísar bæjarráð Reykjanesbæjar til þeirra.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar

Elísabet Magnúsdóttir
Ritari bæjarstjóra



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Frindi nr. P 138/1698
komudagur 12.4.2010

Reykjavík, 9. apríl 2010

R10030049

175

ÓKH/jb

Umhverfisnefnd Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir, skjalavörður
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík


Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir

Lagt fram bréf skipulagsstjóra frá 6. þ.m., sbr. samþykkt skipulagsráðs 24. f.m., varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Jafnframt var lögð fram umsögn slökkviliðsstjóra frá 25. f.m. um frumvarpið.

Borgarráð samþykkti umsögn slökkviliðsstjóra, sem fylgir í ljósriti.

Borgarráð vísar jafnframt til umsagnar um frumvarp til laga um mannvirki að því er varðar samræmingu á skilgreiningu hugtaka.

Ólafur Kr. Hjörleifsson
e.u.



R20030049
d-175

25. mars 2010

Til borgarráðs

Undirritaður hefur að beiðni borgarlögmanns skoðað og gert umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum sem var lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 744 – 427. mál.

Í meðfylgjandi umsögn er gerð grein fyrir þeim breytingum sem undirritaður leggur til að verði gerðar við frumvarpið. Megin innihald þeirra er að skýra og skerpa ábyrgð, úrræði og viðurlög.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.

Greinargerð

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000
með síðari breytingum.
(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 744–427. mál)

Dagsett 6. apríl 2010.

Fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 eru almennt til mikilla bóta og góð lausn á þeim vanda sem þeim er ætlað að leysa. Í þessari umsögn eru gerðar óverulegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu og einnig bent á aðra þætti laganna sem þarf að lagfæra eða auka við. Þær tilögur taka m.a. mið af reynslu undanfarinna ára þar sem ákvæði og heimildir laga hafa ekki náð yfir, hindrað, tafið og/eða skapað lakari úrlausn á því verkefni sem glímt er við hverju sinni. Einnig er lögð áhersla á samræmingu við önnur lög sem tengjast með einum eða öðrum hætti starfsumhverfi slökkviliða. Brýnt er að lögin endurspegli þann veruleika sem slökkvilið takast á við á hverjum tíma og veiti slökkviliðsstjórum traustan bakhjarl í því hlutverki sínu að uppfylla markmið laganna sem krefjast oft og tíðum tafarlausra aðgerða. Eftirfarandi tillögur eru settar fram í ljósi þessa.

Um 2. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 2. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi [*þ.m.t á flugvöllum og í öðrum mannvirkjum á landi,*] nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum með haffærisskirteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.

Rökstuðningur:

Áhættusöm starfsemi eða aðrar aðstæður sem kalla á mikinn viðbúnað við slysum gæti þýtt auknar kröfur til þjónustu slökkviliða og þannig kallað á aukin útgjöld vegna viðbúnaðar. Slökkviliðsstjóri getur beitt 24. gr. laganna að höfðu samráði við sveitarfélögin og gert kröfu um sérstakar ráðstafanir til að minnka líkurnar á því að illa fari gagnvart almenningi þegar eitthvað kemur fyrir í áhættusömum rekstri og einnig lágmarkað tjón og annan kostnað sem sveitarfélög geta orðið fyrir. Sömu úrræði verði fyrir alla áhættu í viðkomandi sveitarfélagi án tillits til þess hver sér um viðkomandi rekstur ríkið, sveitarfélög og eða einkaaðilar og hvers eðlis hann er.

Þegar þetta álit er skrifað stendur yfir deila Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Flugstoða um rekstur slökkviliðs á Reykjavíkurlflugvelli. Deilan snýst um nauðsynlegan fjölda slökkviliðsmanna á vellinum og er sprottin af ágreiningi um hvort lög um brunavarnir gildi um slökkvilið á flugvöllum eða ekki. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um brunavarnir þegar þau voru samþykkt árið 2000

kemur skýrt fram að þau gildi um slökkvistarf á flugvöllum en það stendur ekki í lögnum sjálfum. Deila þessi hefur náð til ráðuneyta umhverfis- og samgöngumála sem ekki eru sammála um hvernig úr þessu skuli leysa. Óvissa af þessum toga setur slökkviliðsstjóra í mjög erfiða stöðu. Honum ber að framfylgja lögum um brunavarnir og meta þá áhættu sem er á hans svæði m.t.t. markmiða laganna og öryggis eigin starfsmanna sem þurfa að vinna við björgunaraðgerðir með þeim sem starfa á flugvöllum. Verði málið ekki leyst er líklegt að það komi til kasta dómsstóla að skera úr um það, en slíks málarekstrar má vænta í kjölfar þess að slökkviliðsstjóri beitir þvingunarúrræðum brunalaga til að knýja á um nauðsynlegan fjölda manna að hans mati. Því er eindregið hvatt til þess að lögum um brunavarnir verði breytt á þann hátt að tekin verði af öll tvímæli um að lögin gildi um flugvelli og starfsemi slökkviliða á þeim.

Um 3. gr. frumvarpsins

Lagt er til að í 3. gr. laganna verði skilgreiningunni á mengunaróhappi breytt og bætt við eftirfarandi skilgreiningum, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Mengunaróhapp: Þegar eitrefni eða önnur efni berast, eða kunna að berast, í umhverfið [*þar sem um bráðamengun er að ræða*] og tafarlaus upphreinsun eða önnur tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á heilsu fólks, umhverfi og eignum.

[*Mengun: Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.*]

[*Mengunartjón: Tjón eða skaði sem hlýst af mengun umhverfis, hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað á landi og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.*]

[*Umhverfi: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.*]

[*Reykköfun eru athafnir í reykfylltu rými til björgunar á fólki úr eldsvoða eða vegna slökkvistarfs, þar sem loft undir þrýstingi er notað til öndunar.*]

Rökstuðningur:

Skilgreina þarf hugtökin *mengun*, *mengunartjón*, *umhverfi* og *bráðamengun* í samræmi við skilgreiningar annarra laga, s.s. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Einnig er talið æskilegt að skilgreina hugtakið *reykköfun* í samræmi við reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað.

Um 6. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 6. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Byggingarstofnun vinnur að samræmingu brunavarna í landinu og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum [og öðrum sem reka slökkvilið] um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða. Við úttektir og athuganir skal Byggingarstofnun leita umsagnar slökkviliðsstjóra áður en niðurstaða stofnunarinnar er send viðkomandi sveitarfélagi.

Um 7. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar. Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun [eða slökkviliði] starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Rökstuðningur:

Áður hefur verið bent á vankanta þess að eingöngu eigi að vera hægt að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Tvennt mælir eindregið með því að heimilt verði að fela slökkviliðum þetta að hluta eða öllu leyti. Annarsvegar má gera ráð fyrir að það dragi úr beinum og óbeinum kostnaði sveitarfélaga við menntun slökkviliðsmanna. Staðsetning kennslu fjarri starfsstöðvum kostar óhjákvæmilega meira en í því felst einnig kostnaður vegna vinnutaps hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Slökkviliðum er skylt að lána tæki til kennslu í skólanum og kosta þarf mönnun slíkra tækja sem oftast er ekki kalla á kunnáttu og reynslu í notkun þeirra. Sömuleiðis myndu skólagjöld sparast. Hinsvegar er kennsla í Brunamálaskólanum mjög sérhæfð og krefst jafnframt tækjabúnaðar sem er ekki til nema hjá slökkviliðunum. Reynsla og þekking á þörfum og starfsemi slökkviliðanna vegur einnig þungt þegar horft er til skipulags og uppbyggingar á náminu þótt faglegt eftirlit þurfi ávallt að vera til staðar hjá Byggingarstofnun. Vert er að minna á að samkvæmt 16. grein nágildandi laga er það slökkviliðsstjóra að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Í ljósi þessa er ekki óeðlilegt að lög heimili að mögulegt sé að fela slökkviliði rekstur skólans meti Byggingastofnun það svo á einhverjum tíma að það sé hagkvæmt.

Um 9. gr. frumvarpsins

Lagt er til að e-liður 1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að öðru óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn [mannvirkis] [atvinnuhúsnæðis] sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út,

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að það komi nýr stafliður á eftir e-lið 1. mgr. 12. gr. laganna. Lagt er til að sá stafliður frumvarpsins orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að öðru óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður [mannvirkisins] [húsnæðisins] ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eigenda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu.

Rökstuðningur:

Mannvirki gefur víðtækari úrræði til að fylgja eftir ástandi eldvarna og er í takt við vilja löggjafans.

Um 16. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 24. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

24. gr. Sérstök eldhætta [eða hætta á mengun frá] mannvirki [eða lóð þess].

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki [eða á lóð] þegar um er að ræða [nýframkvæmd][nýbyggingu] þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

Sé um að ræða [lóð eða] mannvirki sem þegar er byggt og er í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri gera úttekt á brunavörnum þess, gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann. Sé brunavörnum slíks mannvirkis [eða lóðar] í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu [eða lóðinni].

Slökkviliðsstjóri getur að höfðu samráði við sveitarstjórn lagt svo fyrir að í mannvirkjum [eða á lóðum], sbr. 2. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun. Eigandi mannvirkis [og/eða lóðar] greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Byggingarstofnunar setja reglugerð um brunahönnun mannvirkja [og lóða].

Rökstuðningur:

Við breytingu á lögnum árið 2007 var sett inn ákvæði í 29. gr. sem víkkaði þvingunarheimildir slökkviliðsstjóra þannig að þær taka einnig til lóða og annarra svæða utandyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna. Þessi breyting var mjög nauðsynleg og gerir slökkviliðsstjóra kleift að taka á brýnum málum sem áður var erfitt að ná tökum á. Hinsvegar er ljóst að samræmi þarf að vera milli þeirrar greinar og ákvæða í 24 gr. um ráðstafanir vegna sérstakrar eldhættu, sem tækju þá einnig til lóða. Jafnframt er eðlilegt að heiti greinarinnar verði breytt á þann hátt að hún einskorðist ekki við mannvirki.

Um 20. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 2. tl. 2. mgr. 29. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

2. fyrirskipað [úrbætur eða] öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,

Einnig er lagt til að 4. mgr. 29. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

[Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur] Slökkviliðsstjóri [getur] ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis. Kostnað má innheimta með fjárnámi.

Rökstuðningur:

Ekki verður séð með hvaða rökum eigi að bera vægara úrræði, eins og að fyrirskipa úrbætur á kostnað eiganda, undir sveitarstjórn þegar þess þarf ekki vegna lokana. Þörfín á að beita þessu úrræði kemur æ oftar upp, t.d. í þeim tilvikum þar sem afstýra þarf bráðri hættu vegna auðra og opinna húsa.

Samhliða ofangreindum breytingum er lagt til eins og áður hefur komið fram að 4. mgr. 29. gr. verði breytt með tilliti til ofangreindra breytinga á 2. mgr. 29. greinar þannig að áskilið samþykki sveitarstjórnar falli út. Æskilegt er að færa þessa valdheimild frá sveitarfélögum til slökkviliðsstjóra þar sem sveitarfélögin geta m.a. lent í þeirri stöðu að fjalla um eigin fasteignir í þessu samhengi og allt ferlið tekur mun lengri tíma með þeim afleiðingum sem því fylgja. Slíkt er óeðlilegt og eflaust óþægilegt fyrir þá er að þyrftu að koma og ekki góðir stjórnsýsluhættir.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa áður lagt áherslu á að þessi breyting nái fram að ganga, m.a. í bréfi til umhverfisráðherra dags. 24. nóvember 2009. Var það gert í kjölfarið á því að slökkviliðsstjóri hafði ítrekað þurft að aðhafast vegna íbúðarhúsnæðis sem stendur autt og þannig frá því gengið að stórfelld slysa- og brunahætta stafar af mannvirki og lóð. Slík mál þola ekki þá bið sem laganna hljóðan kallar á.

Einnig er þessi breyting til samræmingar við frumvarp til laga um mannvirki sem nú liggur fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 743 — 426. mál. Í 56. gr. frumvarpsins sem fjallar um aðgerðir til að knýja fram úrbætur, sambærileg við 29. gr. laga um brunavarnir, að byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið án þess að þurfa samþykki sveitarstjórnar.

Um 15. gr. núgildandi laga

Lagt er til að fyrsta málsgrein 15. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra[og—varaslökkviliðsstjóra].
Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðs en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri. [Slökkviliðsstjóri ræður annað starfsfólk slökkviliðsins].

Rökstuðningur:

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 15 gr. núgildandi laga. Hér væri þó æskilegt að laga misræmi um ráðningu varaslökkviliðsstjóra. Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn ráði slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Í 3. mgr. er hinsvegar kveðið á um að ef sveitarfélög reki sameiginlegt slökkvilið, ráði þau eingöngu slökkviliðsstjóra en ekki varaslökkviliðsstjóra. Eðlilegra væri að sveitarstjórnir ráði slökkviliðsstjóra í báðum tilvikum og slökkviliðsstjóri ráði sér síðan varaslökkviliðsstjóra. Þessarar breytingar er þörf til að skerpa á ráðningarsambandi innan slökkviliða, húsbóndaábyrgð, bæta stjórnarsýslu og skerpa á ábyrgð og má til rökstuðnings nefna m.a. nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. E-1075/2007.

Einnig er rétt að reyna að samræma á milli laga, sjá sambærilegt ákvæði í 6. gr. lagafrumvarps um mannvirki sem fjallar um forstjóra Byggingarstofnunar og annað starfslið:

Við Byggingarstofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Byggingarstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Um 20. gr. nógildandi laga

Lagt er til að fyrsta málsgrein 20. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur að [mannvirki] [atvinnuhúsnæði] og [öðrum] vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.

Rökstuðningur:

Mannvirki gefur víðtækari úrræði en atvinnuhúsnæði til að fylgja eftir ástandi eldvarna og er í takt við vilja löggjafans.

Um 21. gr. nógildandi laga

Lagt er til að 2. mgr. 21. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Þegar eldsvoða [eða mengunaróhapp] ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds [eða mengunar]. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma þegar eldsvoða [eða mengunaróhapp] ber að höndum.

Einnig er lagt til að 3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón [eða mengunartjón] og skal bætt af viðkomandi váttryggingafélagi sé eign brunatryggð [eða af viðkomandi mengunarvaldi sé hann með ábyrgðartryggingu fyrir mengunartjóni]. Sveitarstjórn greiðir kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs [og viðbragðs við mengunaróhappi] og ekki er greiddur af váttryggingafélagi [eða mengunarvaldi].

Rökstuðningur:

Ljóst er að sú lagabreyting sem hér er lögð til breytir litlu ein og sér. Sé eigandi eða forráðamaður mannvirkis utan hafnarsvæðis ekki með tryggingar vegna mengunaróhappa ber sveitarsjóður eftir sem áður tjónið. Í 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er kveðið á um ábyrgð mengunarvalds á bráðamengun og skyldu hans til að hafa váttryggingar vegna þessa og í viðauka laganna er listi yfir starfsemi á hafnarsvæðum sem á að hafa slíkar tryggingar. Í ljósi síaukinnar áherslu á verndun umhverfis okkar má ætla að slíkar skyldur verði lagðar á fyrirtæki af þessum toga almennt í framtíðinni t.d. í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 en þar kemur fram að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi og óheimilt sé að hefja starfsleyfis skyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið veitt.

Í 25. gr. þeirra laga er kveðið á um að sveitarfélög geti sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lögin. Auk annars er heimilt að setja í slíkar samþykktir kröfu um ábyrgðartryggingar. Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hann staðfestir samþykktina.

Rétt er að hér sé eingöngu horft á ábyrgðartryggingar hjá atvinnurekstri sem hafa í för með sér hættu á mengun og ætti það að vera í takt við 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þann atvinnurekstur sem er á hafnarsvæði. Eðlilegt er að þeir aðilar er veita starfsleyfi, sveitarstjórnir og eftir atvikum Umhverfisstofnun sbr. 5. gr. a og 6. gr. laganna, móti verklag í þessum efnun. Frá sjónarhóli umsagnaraðila er hér horft á mikla mengunaráhættu sem líklegri eru til að reyna á mörk þess sem slökkvilið ráða við í sínum varnaraðgerðum. Sveitarfélögunum er því ekkert að vanbúnaði að krefjast ábyrgðartryggingar þegar það veitir starfsleyfi gagnvart mengunaráhöppum en mikilvægt er að lög um brunavarnir séu þá með lagaákvæði í takt við þetta.

Starfsleyfi er gefið út fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, þar á meðal ákvæði um staðsetningu, viðmiðunarmörk, mengunavarnir í einstökum atvinnugreinum, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunavarnabúnaðar. Einnig kemur fram að það krefjast skal bestu fánlegrar tækni við mengunavarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunavarnir taka mið af því. Þessi ákvæði styðja enn frekar þær breytingar sem hér eru lagðar til á lögum um brunavarnir og að vegna stærri mengunaráhættu verði gert að leggja fram ábyrgðartryggingu í takt við 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þann atvinnurekstur sem er á hafnarsvæði enda óeðlilegt að fyrirtækjum sé mismunað út frá staðsetningu.

Sé horft til lögboðinnar skyldu til að brunatryggja fasteignir þá eru ákvæði um það ekki í lögum um brunavarnir heldur í lögum nr. 46/1944 um brunatryggingar þannig að það að krafa um ábyrgðartryggingar vegna mengunartjóns komi úr öðrum lögum en lögum um brunavarnir er í takt við anda laganna.

Það er staðreynd að Hæstiréttur, dómur frá 8. maí 2008 í máli nr. 426/2007, hefur kveðið upp dóm sinn í máli vegna bruna á athafnasvæði Hringrásar í nóvember 2004 og það því endanlega til lykta leitt. Þurftu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að bera allan kostnað af því, sem nemur tugum milljóna króna á verðlagi dagsins í dag. Eftir stendur að leggja mat á það hvaða skilaboð felast í forsendum og niðurstöðu dómsins. Dómurinn gefur fyrst og fremst skýr skilaboð um að þörf sé á að gera breytingar á lögum nr. 75/2000 um brunavarnir í þá veru að tryggt sé að slökkviliði eða sveitarstjórn beri sem minnst skaða af brunatjóni sem og tjóni sem rekja megir til mengunaráhappa í skilningi laganna, en skylda þar um var lögfest með gildistöku laganna 1. janúar 2001.

Breytingin er óhjákvæmileg til að tryggja að sveitarstjórnir eða slökkvilið þurfi ekki sjálf að bera kostnað, óháð því hvort atvinnureksturinn er á hafnarsvæði eða utan þess, sem það verður fyrir vegna bruna og/eða mengunaráhappa og ekki fæst bætt úr tryggingum líkt og nógildandi löggjöf um brunavarnir gerir ráð fyrir. Svo ekki sé minnst á það að slökkviliðsstjóri, sem hefur þá skyldu fyrst og fremst að tryggja velferð og öryggi almennings, má aldrei vera settur í þá stöðu að ákvarðanir um

björgunaraðgerðir byggist á öðru en framangreindum sjónarmiðum. Sveitarfélögin eiga ekki heldur að vera sett í þá stöðu að taka við nýjum verkefnum frá löggjafarvaldinu án þess að fá sambærilega vörn eða ekki síðri fyrir þeim útgjöldum sem björgunaraðgerðir hafa oft í för með sér. Eins og áður segir er slíkt öryggisnet fyrir aðgerðir gagnvart eldsvoða en ekki gagnvart aðgerðum í mengunaróhappi sem komu inn sem nýtt verkefni 1. janúar 2001. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa ítrekað bent á að brýnt sé að breyta lögum um brunavarnir í þessa veru, meðal annars með bréfi til umhverfisstjórnar dags. 16. maí 2008.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1601
komudagur 8.4.2010

Reykjavík 7. apríl 2010

Tilvísun: 2010030096

50.03

Tilvísun yðar:

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Frumvörp til umsagnar - mannvirki, skipulag og brunavarnir

Vísað er til tölvupósts Nefndasviðs Alþingis, f.h. umhverfisnefndar Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er umsagnar embættis ríkislögreglustjóra um frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki og frumvarps til laga um brunavarnir, 425., 426. og 427. mál.

Með bréfi dags. 4. júlí 2008 var ríkislögreglustjóra send drög að nefndarálitum og drög að breytingartillögum vegna frumvarps til skipulagslaga, frumvarps til laga um mannvirki og framvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, en áður hafði embættið veitt umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál, með bréfum 31. mars 2008 og 6. ágúst 2008, er fylgja hjálagt.

Í umsögn ríkislögreglustjóra, dags. 31. mars 2008, var einkum vakin athygli á því að ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, sbr. 11. gr. frumvarpsins, stangist á við ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996, laga um loftferðir nr. 60/1998 og laga um almannavarnir nr. 82/2008, þar sem 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir setur m.a. lögreglu á vettvangi undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra, eins og nánar greinir í umsögn embættisins. Jafnframt var gerð tillaga að breytingu á ákvæðum 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir.

Af þessu tilefni eru athugasemdir ríkislögreglustjóra við 11. gr. frumvarps til laga um brunavarnir ítrekaðar en í nefndaráliti og breytingartillögu hefur ekki verið tekið mið af athugasemdum embættisins.

Hér fyrir neðan fylgir umsögn embættisins um frumvarp til skipulagslaga. Í 1. gr frumvarpsins eru rakin markmið laganna en þar segir m.a. í staflíð a að öryggi landsmanna skuli haft að leiðarljósi. Í 2. gr. 15. tl. er m.a. tekið fram að í skipulagsáætlunum skuli forsendum ákvarðana lýst. Af þessu leiðir að gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið: Í 2. gr. 19. tl. er tiltekið að umsagnaraðilar séu opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála. Væntanlega er hér átt við stofnanir og stjórnvöld sem fá skipulagsáætlanir til umsagnar. Í athugasemdum með frumvarpinu eru tvær stofnanir, Umverfisstofnun og Vegagerðin, nefndar sem dæmi. Í 10. gr. laga nr. 82/2008 segir að í umdæmum sínum vinni almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Jafnframt er í 7. gr laga um almannavarnir kveðið á um að ríkislögreglustjóri hafi eftirlit með gerð hættumats í samráði við almannavarnanefndir. Í ljósi þessa mætti telja ástæðu til að ríkislögreglustjóri vegna almannavarnadeildar, eigi þess kost að

veita umsögn um svæðisskipulagsáætlanir og aðalskipulagsáætlanir.

Varðandi 10. gr.: Á sama hátt og mælt er fyrir um að gera skuli grein fyrir áætlunum opinberra aðila varðandi ýmsa málaflokka, með tilliti til skipulags með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, er ástæða til að gera grein fyrir vá sem nær til tiltekinna svæða. Einkum er ástæða til að fjalla um náttúruvá því hún getur í mörgum tilfellum haft bein áhrif á sjálfbæra þróun svæða.

12. gr. frumvarpsins fjallar um skipulagsskyldu og er í 2. mgr. kveðið á um að marka skuli stefnu um landnotkun og byggðapróun. Ennfremur að þar skuli setja fram stefnumið um atriði s.s. náttúruvernd, vatnsvernd og fleira. Hér þykir vera ástæða til að setja kvöð um mótun stefnu varðandi náttúruvá. Þar má aftur vísa til 10. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir þar sem kveðið er á um skyldu sveitarfélaga til að meta hættu s.s. af völdum náttúruhamfara. Á sama hátt ætti slíkt ákvæði heima í 21. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um svæðisskipulag, í 28. gr. þar sem fjallað er um aðalskipulag og í 37. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um deiliskipulag.

45. gr. frumvarpsins fjallar um skipulagsreglugerð og leiðbeiningar. Þar er tiltekið að í reglugerðinni skuli kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár. Í skipulagsreglugerðinni sjálfri, nr. 400/1998, er í gr. 4.18.1 upptalning á tegundum náttúruvár. Upptalningin í þessari grein er ekki tæmandi en til viðbótar mætti nefna gróður eða skógarelda og breytingar á sjávarstöðu.


F.h. RLS

Jón F. Bjartmarz / Thelma Clausen Þórðardóttir

Fylgigögn:

Bréf ríkislögreglustjóra, dags. 31. mars 2008

Bréf ríkislögreglustjóra, dags. 6. ágúst 2008



Alþingi
Erindi nr. P 138/1604
komudagur 8.4.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7.4.2010

1003021SA GB
Málalykill: 132

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvubréfi frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 10. mars sl. og er umsagnarfrestur veittur til 26. mars. Að beiðni sambandsins var fresturinn framlengdur til 7. apríl. Málið var tekið til umfjöllunar á fundi stjórnar sambandsins sem haldinn var 26. mars.

1. Almennt um frumvarpið

Þær breytingar á lögum um brunavarnir sem lagðar eru til í frumvarpinu snúa í fyrsta lagi að því að innleiða þær stjórnábyrgðabreytingar sem leiða af stofnun Byggingarstofnunar samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki, en sú stofnun tekur m.a. við verkefnum Brunamálastofnunar. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að öll ákvæði sem verið hafa í lögum um brunavarnir varðandi hlutverk Brunamálastofnunar færist undir lög um mannvirki, þar sem fjallað er um hlutverk Byggingarstofnunar. Hins vegar er lagt til að lög um brunavarnir haldi gildi sínu sem sjálfstæð lög. Í öðru lagi eru lagðar til ýmsar breytingar á lögnum með hliðsjón af fenginni reynslu í þau níu ár sem liðin eru frá gildistöku laganna.

Í því frumvarpi sem nú er lagt fram, sem og í frumvarpi til mannvirkjalaga, hefur verið tekið verulegt tillit til sjónarmiða sveitarfélaga. Má þar nefna að fallið hefur verið frá áformum um að útvíkka ákvæði um slysatryggingu slökkviliðsmanna og einnig er komin í frumvarpið gjaldtökuheimild vegna aðkomu slökkviliða að öryggisúttektum á nýjum mannvirkjum. Á meðal annarra mikilvægra breytinga sem sambandið telur horfa til framfara má nefna að í 14. gr. og 20. gr. eru gerðar mikilvægar breytingar til þess að hnykkja á eftirlitshlutverki slökkviliða. Þá telur sambandið það vera framfaraskref að kveða á um leyfisskyldu þjónustuaðila, sbr. 23. gr. frumvarpsins, og eftirlit Byggingarstofnunar með slíkri starfsemi.

Af framangreindum ástæðum styður sambandið að frumvarpið verði að lögum en gerir einkum athugasemdir sem varða þann mikla kostnað sem sveitarfélögin verða fyrir vegna ákvæða um klippubúnað. Er lögð þung áhersla á að leitað verði leiða til þess að bæta sveitarfélögunum þann kostnaðarauka sem leiðir af þessari nýju lagaskyldu.

Þá telur sambandið rétt að setja fram ábendingar varðandi gildissvið laganna og eftirlit brunamálayfirvalda gagnvart slökkviliðum á flugvöllum en komið hefur í ljós að yfirvöld brunamála og flugmála túlka gildissvið laganna með afar ólíkum hætti.



Loks leggur sambandið áherslu á að ákvæði laganna verði ítarlegri um ábyrgð og viðbrögð við mengunartjónum. Tilefni breytingartillagna um það atriði er m.a. dómur Hæstaréttar frá 8. maí 2008 í máli nr. 426/2007, þar sem slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var dæmt til þess að bera kostnað vegna mengunartjóns sem varð í svonefndum Hringrásarbruna. Þar sem ekki var um að ræða eldsvoða í húsnæði bar váttryggingafélag enga ábyrgð á tjóninu.

2. Björgun á fastklemmdu fólki, sbr. 2., 8. og 12. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Í skýringum við frumvarpið kemur fram að langflest slökkvilið landsins hafi sinnt þessu verkefni án lagaskyldu í meira en áratug og er kennsla í meðferð klippubúnaðar hluti af námsefni Brunavarnaskólans.

Sambandið lýsir sig ekki mótfallið framangreindum áformum en bendir á að skv. fylgiskjali við frumvarpið er stofnkostnaður vegna búnaðar og þjálfunar áætlaður 500-600 milljónir króna. Þar við bætist árlegur rekstrarkostnaður, afskriftir, símenntun o.fl. sem er áætlað að nemi um 90 m.kr. Af hálfu sveitarfélaganna er lögð áhersla á að þessum aukna kostnaði verði mætt með lögbundinni gjaldtökuheimild og breytingum á fyrirkomulagi VSK-endurgreiðslna til slökkviliða. Hvað varðar gjaldtökuheimildina er einfaldast að henni verði bætt inn í frumvarpið og að hún nái til umferðaróhappa þar sem nauðsynlegt reynist að beita klippum. Þannig myndu váttryggingafélög greiða þann kostnað sem hlýst af slíkum aðgerðum. Sé ekki vilji til þess að lögfesta slíka gjaldtökuheimild kæmi þó einnig til álita að veita sveitarfélögum hlutdeild í byggingaröryggisgjaldi eða umferðarsköttum til að tryggja fjármögnun þessa nýja lögbundna verkefnis sveitarfélaga. Að auki kallar lagabreytingin augljóslega á auknar fjárheimildir til þess að endurgreiða sveitarfélögum VSK af búnaði slökkviliða, en sveitarfélögin hafa um langt skeið gagnrýnt að endurgreiðslan sé bundin við tiltekna heildarfjárhæð á ári þótt allt annað endurgreiðslufyrirkomulag gildi gagnvart björgunarsveitum.

3. Gildissvið gagnvart flugvöllum, sbr. 2., 3., 6. og 9. gr.

Sambandið vekur athygli umhverfisnefndar á meðfylgjandi álitum Brunamálastofnunar en þar kemur fram að mikill munur er á túlkun annars vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Brunamálastofnunar og hins vegar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á gildissviði laga um brunavarnir gagnvart flugvallaslökkviliðum. Eins og fram kemur í álitinu kemur skýrt fram í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum um brunavarnir nr. 75/2000 að lögum er ætlað að gilda um flugvallaslökkvilið. Í ljósi ágreinings milli stjórnvalda samgöngu- og brunamála um gildissvið laganna virðist vera rík þörf á því að kveða skýrar á um þetta atriði í lögum um brunavarnir. Rétt er þó að taka fram að nýlega er hafin endurskoðun á reglugerð um flugvelli þar sem vonandi verður kveðið skýrar á um þær kröfur sem gerðar eru til flugvallaslökkviliða, svo sem um menntun, þjálfun og búnað þeirra sem sinna slökkvistarfi á flugvöllum.



Til að taka af allan vafa um það hver fer með eftirlit með því að lagakröfur séu uppfylltar af hálfu rekstraraðila flugvalla leggur sambandið til að gerðar verði breytingar á 6. gr. laganna þannig að á eftir orðunum „leiðbeina sveitarstjórnnum“ komi orðin: og öðrum sem reka slökkvilið. Einnig telur sambandið brýnt að í 2. gr. laganna verði kveðið skýrar á um gildissvið laganna gagnvart flugvallaslökkviliðum en bendir jafnframt á að í breyttri skilgreiningu á orðinu „mannvirki“ í 3. gr. frumvarpsins, eru samgöngumannvirki sérstaklega tilgreind. Frekari breytingar á frumvarpinu kunna að vera nauðsynlegar til að taka af allan vafa um þær kröfur sem gilda um flugvallaslökkvilið. Má sem dæmi nefna 13. gr. um það öryggisatriði að slökkviliðsmenn þurfi að standast læknisskoðun til að mega stunda reykjöfun.

4. Athugasemdir við einstakar greinar

a. Um 3. gr. Skilgreining á mengunartjóni

Til viðbótar skilgreiningu á *mengunaróhappi* í 3. gr. laganna telur sambandið vanta skilgreiningu á hugtakinu *mengunartjón*..

Mengunartjón: Tjón eða skaði sem hlýst af hvers konar mengun á landi, þar með talinn kostnaður vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir fyrisjáanlegt tjón eða draga úr tjóni.

b. Um 7. gr. Brunamálaskóli

Gerð er athugasemd við að í 7. gr. er Byggingarstofnun heimilað að fela menntastofnun starfrækslu skólans. Sambandið bendir á að við kennslu er nánast eingöngu notaður búnaður í elgu slökkviliða og er ljóst að sá búnaður verður ekki til reiðu ef menntastofnun verður falin starfræksla skólans. Eðlilegra væri að heimila samstarf við menntastofnun um einstaka þætti námsins, á sama hátt og heimilað er samstarf við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans. Jafnframt telur sambandið rétt að minna á að kennsla við skólann fer að stórum hluta fram í fjarnámi og er lögð áhersla á að svo verði áfram til að halda kostnaði sveitarfélaga í lágmarki. Góð sátt hefur verið um starfsemi skólans og ekki þörf á róttækum breytingum á skipulagi námsins.

c. Um 9. gr.

Lagt er til að á eftir b-lið 9. gr. komi nýr stafliður sem hljóði svo: Í stað orðsins „atvinnuhúsnæðis“ í e-lið 1. mgr. 12. gr. laganna komi: mannvirkja.

Ofangreind breyting er í samræmi við breytta skilgreiningu orðsins „mannvirki“ í 3. gr. frumvarpsins og virðist orðið „húsnæði“ vera of takmarkandi miðað við markmið laganna og hið víðtæka hlutverk sem slökkviliðum er falið samkvæmt lögum.

d. Um 16. gr.

Sambandið tekur undir ábendingar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um að útvíkka gildissvið 24. gr. laganna þannig að greinin gildi ekki eingöngu um mannvirki heldur einnig lóð sem nýtt er undir starfsemi. Að áliti sambandsins eru breytingartillögur SHS til þess fallnar að auka samræmi í lögnum, sem ekki var fyllilega gætt að við breytingar á 29. gr. laganna, sem



samþykktar voru árið 2007, sbr. lög nr. 67/2007. Margvísleg dæmi má nefna um að á lóð geti farið fram starfsemi sem getur skapað hættu án þess að hún stafi endilega frá notkun bygginga. Einnig eru mörg dæmi um að á lóðum eru geymdar eldfimar vörur eða úrgangur sem geta skapað mikla eld- og mengunarhættu. Sterk rök hníga því að þeirri niðurstöðu að slökkvilið þurfi að hafa skýrar eftirlitsheimildir á atvinnulóðum.

e. Um 20. gr. Aðgerðir til að knýja fram úrbætur

Sambandið telur æskilegt að gera frekari breytingar á 29. gr. laganna en lagt er til í frumvarpinu. Er lagt til að 4. mgr. verði felld brott þannig að ljóst verði að slökkviliðsstjóri hafi óskorað vald til þess að beita þeim úrræðum sem kveðið er á um í greininni. Jafnframt er nauðsynlegt að kveða á um það í 3. mgr. 29. gr. að lögveðsréttur nái einnig til kostnaðar sem hlýst af því að ráðast í nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda mannvirkis. Í þessu sambandi vísar sambandið til hliðstæðra ákvæða í 55. og 56. gr. frumvarps til laga um mannvirki. Lagt er til að 3. mgr. verði svohljóðandi:

Sé ákvæðum 2. mgr. beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar greiða kostnað sem hlýst af nauðsynlegum aðgerðum og eftirliti slökkviliðs. Sveitarfélag skal setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein og um innheimtu þeirra. Gjöld skulu ekki vera hærrí en nemur kostnaði við framkvæmd eftirlitsins. Gjöldum og öðrum kostnaði samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og lóðarréttindum.


Þessi breyting er til þess fallin að stuðla að aukinni skilvirkni í ákvarðanatöku þar sem slökkviliðsstjóri þarf ekki að bíða samþykkis sveitarstjórnar áður en hann tilkynnir ákvörðun um að fyrirskipa úrbætur á mannvirki á kostnað eiganda. Með tilliti til réttaröryggis og mögulegrar bótaskyldu sveitarfélags ber engu að síður að gæta meginreglna stjórnarsýslulaga um andmælarétt, rannsóknarskyldu og meðalhóf við töku slíkra ákvarðana.

f. Um 21. gr. gildandi laga

Sambandið tekur eindregið undir tillögur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um útvíkkun gildissviðs 21. gr. laganna, þannig að ljóst sé að greinin gildi ekki aðeins um eldsvoða heldur einnig um mengunartjón. Í umsögn SHS er vísað til þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu urðu að bera hallann af því í svonefndum Hringrásardómi (Hrd. frá 8. maí 2008 í máli nr. 426/2007) hve óskýr gildandi lög eru um mengunartjón. Að áliti sambandsins er eðlilegt að löggjafinn taki af skarið um þetta atriði.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samband íslenskra sveitarfélaga
Guðjón Bragason,
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Reykjavík 14. júlí 2009
Tilvísun 2008110052/6.0/BK/--

09051715A

Efni: Beiðni um álit Brunamálastofnunar á skyldum flugvallarslökkviliða

Vísað er í bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 30. maí 2009 þar sem rætt er um skyldur flugvallarslökkviliða og beiðni er um álit Brunamálastofnunar á fjórum atriðum þar að lútandi. Í svari þessu mun undirritaður fyrst taka saman nokkur almenn atriði um efnið sem hann telur geta skýrt afstöðu Brunamálastofnunar. Síðan mun hinum fjórum efnisatriðum málsins svarað.

I Almennt um flugvallarslökkvilið og lög um loftferðir

Í minnisblaði samgönguráðuneytis dagsettu 26. mars 2009 kemur fram sú skoðun að á flugvöllum sé ekki rekin slökkvilið í skilningi laga nr. 75/2000 um brunavarnir, heldur sé þar rekin slökkviþjónusta, sem þurfi því ekki að lúta undir lög nr. 75/2000. Í frumvarpi til laga um brunavarnir segir hinsvegar í skýringum að frumvarpið taki einnig til starfsemi slökkviliða flugvalla. Því er mikill mismunur á sýn samgönguráðuneytis og ýmissa annarra aðila hvað varðar skyldur flugrekstraraðila til að reka slökkvilið og hvaða lögum slíkur rekstur skuli lúta.

Kjarni álitaefnisins snýst um það hvernig brunavarnaákvæði laga nr. 60/1998 um flugvelli, og reglur settar á grundvelli þeirra, skarast við lög nr. 75/2000 um brunavarnir. Hér verður stuttlega rætt um brunavarnaákvæði í lögum nr. 60/1998 um loftferðir og reglum settum á grundvelli þeirra, meðal annars í reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli og í Viðauka 14 við Chicago-samninginn. Í reglugerðinni er einnig vitnað í "Airport Services Manual, Part 1, Rescue and Fire Fighting", en það er um 200 síðna rit með reglum um starfsemi flugvallarslökkviliða, og "Airport Services Manual, Part 7, Airport Emergency Planning", sem fjallar um neyðaráætlanir flugvalla og skyldu flugrekstraraðila til að setja fram slíka áætlun. Bæði ritin eru gefin út af ICAO (International Civil Aviation Organization).

a) Samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli er orðið flugvöllur (Aerodrome) notað um *tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri*. Í VI hluta sömu reglugerðar er fjallað um kröfur til flugvalla, í grein 9.1.2. er fjallað um neyðaráætlun fyrir flugvöll þar sem segir m.a. að dæmi um neyðarástand á flugvelli sé eldur í byggingum. Í reglugerðinni er því samkvæmt skilgreiningu gert ráð fyrir að flugvöllur taki einnig til þeirra bygginga sem eru á flugvellinum og að eitt af þeim neyðartilvikum sem þurfi að taka tillit til sé eldur í þeim byggingum.

b) Í Viðauka 14 við Chicago-samninginn (gr. 9.1.2) er samhljóða ákvæði um að dæmi um neyðarástand á flugvelli sé eldur í byggingu. Í Viðaukanum kemur einnig fram (gr.

9.2.36-9.2.38) að nægjanlegur fjöldi þjálfaðs mannafla skuli vera tilbúinn að bregðast við þannig að hægt sé að koma slökkvibílum á staðinn með lágmarks viðbragðstíma og fullnýta afkastagetu hans á slyssað. Jafnframt segir að flæði slökkviefna skuli geta verið samfleytt þ.e. að þegar það magn sem fyrsti bíll ber er uppuríð skuli næsti bíll vera kominn á staðinn með viðbótarafli og mannskap. Ennfremur að mannafla sé nægur til að handlíkur, stigar og annar björgunarbúnaður sem alla jafna er notaður nýtist bæði við björgun úr loftförum og almennar aðgerðir í slökkvistarfi. Þegar fjöldi slökkviliðsmanna er ákveðinn þarf að hafa í huga hverskonar flugvélar nota flugvöllinn. Öllum slökkviliðsmönnum skal séð fyrir fullum hlífðarfatnaði og öndunarvörn þannig að þeir geti unnið störf sín á vettvangi á fullnægjandi hátt. Kröfur sem þessar eru síðan nánar útfærðar í "Airport Services Manual". Í þessum skjölum er sjaldnast vísað í ákveðna staðla og mælanleg gildi um þær kröfur sem búnaður skal uppfylla, hvernig viðhald búnaðarins fer fram og hvaða menntun og þjálfun slökkviliðsmennirnir fá. Hinsvegar eru í gildi íslensk lög og reglur sem setja kröfur um þessi atriði, t.d. reglur Vinnueftirlitsins um gerð persónuhlífa nr. 501/1994, sem byggir á tilskipun Evrópubandalagsins um persónuhlífar.

c) Við lestur Viðauka 14 við Chicago-samninginn og Airport Services Manual er margsinnis gert ráð fyrir því að samið sé við slökkvilið nærliggjandi sveitarfélaga um gagnkvæma aðstoð. Gert er ráð fyrir að afl og geta hvors slökkviliðs fyrir sig (slökkviliðs flugrekstraraðilans og sveitarfélagsins) verði nýtt á sem bestan hátt fyrir heildina.

II Almennt um flugvallarslökkvilið og lög um brunavarnir

a) Í frumvarpi til laga um brunavarnir, sem urðu að lögum nr. 75/2000, segir í skýringum við 2. gr. að frumvarpið taki til starfsemi allra slökkviliða í landinu, þ.m.t. starfsemi slökkviliða flugvalla. Brunamálastofnun lítur því svo á að lög um brunavarnir gildi einnig um flugvallarslökkvilið, eftir því sem við á.

b) Í 24. gr. laga um brunavarnir nr. segir:

24. gr. *Sérstök eldhætta í mannvirki.*

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki þegar um er að ræða nýbyggingu þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar. Byggingarnefnd skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt af nefndinni.

Sé um að ræða mannvirki sem þegar er byggt og er í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri gera úttekt á brunavörnum þess, gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann. Sé brunavörnum slíks mannvirkis í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu.

Slökkviliðsstjóri getur að höfðu samráði við sveitarstjórn lagt svo fyrir að í mannvirkjum, sbr. 2. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinnna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun. Eigandi mannvirkis greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.

Í sveitarfélögum er fyrirtækjum af þeirri stærðargráðu sem flugvellir eru gert að halda uppi einkabrunavörnum þannig að í sameiningu geti slökkvilið og einkabrunavarnir ráðið við þá áhættu sem skapast af byggingum og starfsemi fyrirtækisins, að öðrum kosti fæst ekki byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni. Með einkabrunavörnum er þar átt við að byggingar séu uppfærðar til að standast meira en lágmarkskröfur reglugerða segja til um, viðvörunarkerfi og slökkvikerfi og í sumum tilvikum er um að ræða eigið slökkvilið fyrirtækis eða iðnaðarsvæðis. Þetta á sérstaklega við um þá áhættusömu og umfangsmiklu starfsemi sem fer fram á alþjóðaflugvöllum á Íslandi, ekki síst á Keflavíkurflugvelli. Ljóst er að

slökkviliðsstjóri hefur nokkuð víðtækar heimildir til að leggja skyldur á rekstraraðilann hvað varðar brunavarnir.

c) Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra eru mjög skýrar og ákveðnar reglur, með mælanlegum gildum, um menntun, þjálfun, búnað og viðhald búnaðar. Til dæmis eru mjög skýrar reglur um viðhald á reykjöfunarbúnaði, en reglubundið og rétt viðhald slíks búnaðar mjög mikilvægt. Einnig eru mjög skýrar reglur um lágmarksmenntun slökkviliðsmanna og veitir Brunamálaskólinn þá menntun endurgjaldslaust. Mjög víða er vísað í Evrópustaðla hvað varðar kröfur um búnað. Hinsvegar er það svo að í Viðauka 14 við Chicago-samninginn og í “Airport Services Manual” er sjaldnast vísað til ákveðinna staðla þegar kröfur eru gerðar um búnaði, menntun eða þjálfun þeirra sem sinna slökkvistarfi, enda eru reglurnar alþjóðlegar og þeim verður að beita um allan heim við mjög mismunandi aðstæður. Almennar kröfulýsingar eru fyrir hendi, en sjaldnast er vísað í mælanleg gildi. Ekki er ljóst hvernig Flugmálastjórn Íslands muni setja allar þær miklu reglur um búnað, viðhald, menntun og þjálfun sem þarf að setja og spurning hvort ekki sé skilvirkast að hafa þessar reglur sem líkastar því sem gildir fyrir önnur slökkvilið í landinu.

d) Í 12. gr. laga um brunavarnir er fjallað um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga. Almennt telur Brunamálastofnun að eldvarnaeftirlit eigi einmitt að vera á hendi sveitarfélags og ekki á hendi flugvallarslökkviliðs. Allt skipulags- og byggingarferlið lýtur stjórnsýslu sveitarfélagsins og sveitarfélagið hefur mikil tækifæri til að setja rekstraraðila ýmis skilyrði fyrir byggingu og reksturs mannvirkis. Eftir að mannvirkið er tekið í notkun tekur slökkviliðsstjóri sveitarfélagsins við eldvarnaeftirliti og getur gert ýmsar kröfur á rekstraraðilann, meðal annars kröfur um eigið eldvarnaeftirlit, ef mannvirkið er mjög stórt eða reksturinn mjög umfangsmikill. Þar að auki fá sveitarfélög ýmis gjöld til að standa undir kostnaði við eftirlitið. Sérstaða Keflavíkurflugvallar í þessu er sá að Sandgerðisbæ gafst lítið tækifæri til að setja kröfur á rekstraraðilann á skipulagstíma, byggingartíma og rekstrartíma flugvallarins. Jafnframt var ekki endilega byggt eftir íslenskum reglugerðum, heldur bandarískum. Víkið verður að þessari sérstöðu í hluta III hér að neðan.

III Sérstaða Keflavíkurflugvallar

a) Ýmis söguleg rök eru fyrir því að rekstraraðila Keflavíkurflugvallar beri að reka slökkvilið og taka að flestu leyti ábyrgð á eigin brunavörnum. Fyrst er að nefna að öll ábyrgð á brunavörnum, þar með talið eldvarnaeftirliti, var á hendi varnarliðsins alla tíð þar til það yfirgaf landið árið 2006. Þá voru sett lög nr. 34/2006 um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, en þar var rekstraraðilanum falið það eftirlits- og ábyrgðarhlutverk með slökkviliðinu sem sveitarfélögum er falið samkvæmt 10. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Í þriðja lagi segir meðal annars í nefndaráliði um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, sem varð að lögum nr. 76/2008: “Í frumvarpinu eru ekki lagðar til neinar breytingar á rekstri slökkviliðs Keflavíkurflugvallar....”.

b) Hvað varðar eldvarnaeftirlit á Keflavíkurflugvelli er þar um að ræða áhættu sem lengi hefur verið til staðar í sveitarfélaginu án þess að sveitarfélagið hefði nokkra aðkomu að uppbyggingu svæðisins og það hefur því ekki getað skilyrt við útgáfu byggingarleyfa að brunahönnun miðist við getu slökkviliðs sveitarfélagsins. Með lögum nr. 76/2008 var þessu breytt og á hvert sveitarfélag nú einn fulltrúa í 6 manna skipulagsnefnd þannig að sveitarfélögin geta nú haft einhver áhrif á áframhaldandi uppbyggingu svæðisins og komið þar að sjónarmiðum um valkostina að efla einkabrunavarnir eða að efla slökkvilið

sveitarfélaganna í takt við þá uppbyggingu. Keflavíkurflugvöllur hefur nokkra sérstöðu þar sem byggingar þar uppfylla ekki alltaf íslensk lög og reglugerðir og hefur það fyrirkomulag verið með samþykki stjórnvalda þar til flugvöllurinn færðist á íslenskar hendur. Stofnuninni sem sett var á fót með lögum nr. 34/2006 til að annast stjórnun, rekstur og uppbyggingu flugvallarins var gert að starfrækja slökkvilið og annast framkvæmd eldvarnaeftirlits. Afstaða Brunamálastofnunar hefur verið sú að þar sem þeir eldvarnaeftirlitsmenn sem hafa starfað á Keflavíkurflugvelli hafa þekkt það reglugerðaumhverfi sem byggingarnar eru byggðar eftir sé ásættanlegt að ekki séu gerðar breytingar á brunaeiginleikum bygginganna sem fyrir eru svo lengi sem þær uppfylla þær kröfur sem þær eru byggðar eftir. Allar breytingar sem gerðar eru skulu gerðar m.t.t. íslenskra reglna um brunavarnir og að byggingin eftir breytingar uppfylli íslenska löggiöf og á það sama við um allar nýjar byggingar. Þessi lög voru felld úr gildi með lögum nr. 76/2008 og rekstrarfélag Keflavíkurflugvallar gert að fyrirtæki án skuldbindinga varðandi rekstur slökkviliðs annarra en þeirra sem fram koma í lögum um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í framhaldi af gildistöku þessara laga var eldvarnaeftirliti hætt hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar og þeim mannskap sem þar hafði verið við störf sagt upp og starfar nú enginn eldvarnaeftirlitsmaður hjá Keflavíkurflugvelli ohf. Með þessum aðgerðum er sú forsenda sem afstaða Brunamálastofnunar til brunavarna í byggingum á Keflavíkurflugvelli byggði á brostin og grundvöllur þess að byggingar á Keflavíkurflugvelli geti staðið svo lengi sem þeim er ekki breytt frá þeim NFPA stöðlum (bandarískir staðlar um brunavarnir) sem þær eru byggðar eftir ekki til staðar lengur. Ekki er hægt að ætlast til þess að eldvarnaeftirlit sveitarfélagsins framfylgi öðrum reglum en þeim sem gilda í íslensku stjórnkerfi.

c) vegna þeirrar sögulegu hefðar sem skapast hefur og vegna þess að samkvæmt 24. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 getur Sandgerðisbær sett miklar kröfur um einkabrunavarnir hjá mjög stórum rekstraraðilum í sveitarfélaginu, telur Brunamálastofnun ljóst að rekstraraðili Keflavíkurflugvallar verði að bera að flestu leyti ábyrgð á eigin brunavörnum, bæði útkallsstarfi og eldvarnaeftirliti.

IV Svör við spurningum til Brunamálastofnunar

Að neðan er leitast við að svara spurningum úr bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettu 30. maí 2009, með hliðsjón af skýringum sem gefnar eru ofan.

Spurning 1: Hverjar eru skyldur flugvallarslökkviliða til að stjórna og/eða aðstoða við slökkvistarf í byggingum á flugvallarsvæði, á grundvelli laga um brunavarnir og laga um almannavarnir?

Samkvæmt reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli og í Viðauka 14 við Chicago-samninginn er gert ráð fyrir að flugvallarslökkvilið eigi að bregðast við eldsvoða í byggingum á flugvelli (aerodome). Einnig er gert ráð fyrir að samið verði við slökkvilið nágrannasveitarfélaga um gagnkvæma aðstoð hvað varðar öll neyðartilvik á flugvelli, þar með talið eldsvoða í byggingum á flugvallarsvæðum.

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 ber slökkviliði sveitarfélagsins að bregðast við hverskonar eldsvoða innan marka sveitarfélagsins. Sveitarfélagið ákveður hvert þjónustustig slökkviliðsins er (viðbragðstími, mannskapur, búnaður, æfingar osfrv) í samræmi við þær áhættur sem eru í sveitarfélaginu. Ef einhver einn rekstraraðili rekur áhættumikla starfsemi í samanburði við aðrar áhættur í sveitarfélaginu, getur slökkviliðsstjóri lagt sérstakar skyldur á

þann rekstraraðila skv. 24. gr. laga um brunavarnir.

Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 skulu allir aðilar og einstaklingar sem lögreglustjóri eða sýslumaður kallar til, tafarlaust aðstoða við störf í þágu almannavarna. Þetta gildir fyrir einstaklinga, einkaaðila og sveitarfélög. Ef upp kemur mikill eldsvoði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru miklar líkur á að sá atburður yrði flokkaður sem almannavarnaástand og þar með bera allir þessir aðilar skyldu til að bjóða fram aðstoð sína.

Svar: Bæði sveitarfélagi og flugrekstraraðila ber að reka slökkvilið sem í sameiningu geta ráðið við þá áhættu sem skapast af eldsvoða í byggingum á flugvallarsvæðinu. Samkvæmt lögum um loftferðir og reglugerðum settum samkvæmt þeim ber flugrekstraraðila að leita eftir samvinnu við slökkvilið nágrannasveitarfélaga hvað þetta varðar. Samkvæmt 24. gr. laga um brunavarnir getur slökkviliðsstjóri viðkomandi sveitarfélags sett kröfur á rekstraraðilann hvað þetta varðar.

2) Eru skyldur flugvallarslökkviliða hinar sömu á Keflavíkurflugvelli og öðrum alþjóðlegum flugvöllum hér á landi í ljósi þess að sérstök lög hafa verið sett um rekstur þess flugvallar?

Svar: Kjarnastarfsemi slökkviliða er gjarna skipt í útkallsstarf (og allar æfingar og viðbúnaður sem slíkt starf kallar á) og eldvarnaeftirlit (hér er ekki rætt um margskonar önnur verkefni sem hægt er að fela slökkviliði). Hvað varðar útkallsstarf telur Brunamálastofnun að slökkvilið Keflavíkurflugvallar beri fulla og alla ábyrgð hvað varðar útkall í allar tegundir neyðarástands sem geta komið upp á flugvellinum (aerodome) þar með talið eldsvoða í byggingum. Slökkvilið flugvallarins getur gert samning um gagnkvæma aðstoð við slökkvilið nágrannasveitarfélaganna. Slökkviliði sveitarfélagsins ber að mæta í útköll innan sveitarfélagsins, einnig innan flugvallarsvæðisins. Jafnframt getur slökkviliðsstjóri Sandgerðisbæjar sett fram miklar kröfur um einkabrunavarnir hjá svo stórum rekstraraðila, þar með talinn rekstur slökkviliðs sem tekst á við eldsvoða í byggingum, í samvinnu við slökkvilið sveitarfélagsins. Báðir aðilar skulu skipuleggja slökkvilið sín svo að sameiginlega geti þeir ráðið við þær áhættur sem geta komið upp í byggingum á flugvellinum. Hvað varðar eldvarnaeftirlit, þá telur Brunamálastofnun að yfirumsjón og ábyrgð á slíku eftirliti eigi að vera á hendi sveitarfélaga. En þau sögulegu rök sem rædd eru í III a), b) og c) ofan gefa Sandgerðisbæ rétt til að krefjast þess að rekstraraðili flugvallarins sjái um alla framkvæmd slíks eftirlits, þó svo að stjórnarsýsluleg ábyrgð á eftirlitinu og yfirumsjón eigi að vera í höndum Sandgerðisbæjar.

3) Telur stofnunin liggja ljóst fyrir skv. lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum hver fer með ábyrgð á eldvörnum og slökkvistarfi í flugstöðvum og öðrum byggingum á flugvöllum hér á landi?

Svar: Flugrekstraraðilum ber að fara að íslenskum lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og Brunamálastofnun telur nokkuð ljóst hvaða ákvæði laga um brunavarnir nr. 75/2000 gilda um skyldur flugrekstraraðila. Þó virðist töluverður skoðanamunur vera milli fulltrúa samgönguráðuneytis og ýmissa annarra aðila um þetta atriði. Samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 hefur Flugmálastjórn Íslands eftirlit með því að flugrekstraraðili sinni skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 60/1998 og reglugerðum settum á grunni þeirra. Fulltrúar samgönguráðuneytis virðast telja að enginn annar stjórnarsýsluaðili eigi að koma að því að setja kröfur um brunavarnir eða sinna eftirliti á því sviði. Hinsvegar segir í lögskýringum að lög um brunavarnir nr. 75/2000 gildi um flugvallarslökkvilið. Einnig getur slökkviliðsstjóri

sveitarfélags sett miklar kröfur á stóra rekstraraðila innan sveitarfélagsins um einkabrunavarnir og slökkviliðsstjóri hefur því eftirlitsskyldu hvað varðar ákveðinn hluta brunavarna á flugvöllum. Mikilvægt er að komist verði að samkomulagi hvað þennan skoðanamun varðar. Einnig er mikilvægt að komast að samkomulagi um sem mesta einsleitni hvað varðar reglur um búnað, viðhald búnaðar og menntun slökkviliðsmanna.


4) Einnig telur sambandið mikilvægt að fá túlkun Brunamálastofnunar á skyldum rekstraraðila annarsvegar og sveitarfélaga hinsvegar gagnvart flugvallarsvæðum skv. Chicago-samningnum. Samkvæmt samningnum er ljóst að rekstraraðili hefur mjög miklum skyldum að gegna hvað varðar öryggi innan flugvallarsvæðis, einkum á alþjóðaflugvöllum sem eru fjórir hér á landi. Í því sambandi kann m.a. að skipta máli hvernig flugvallarsvæði er afmarkað skv. lögum, reglugerð og alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland er aðili að, þ.á m. alþjóðlegum reglum um flugvernd.

Svar: Samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli er orðið flugvöllur (Aerodrome) notað um "tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri". Með því að nota þessa skilgreiningu ætti að vera hægt að afmarka með nokkuð skýrum hætti hvað teljist til flugvallarsvæðis á þeim fjórum alþjóðaflugvöllum sem reknir eru á Íslandi. Flugrekstraraðilanum ber að reka slökkvilið, eða slökkviþjónustu, sem getur tekist á við allar tegundir neyðarástands sem getur komið upp á flugvellinum, þar með talið eldsvoða í byggingum. Slökkviliði sveitarfélagsins ber að mæta í útköll á flugvallarsvæðið sé þess óskað og því ber að hafa yfirumsjón með að eldvarnaeftirlit fari fram hvað varðar byggingar á flugvallarsvæðinu. Slökkviliðsstjóri sveitarfélagsins getur sett margvíslegar kröfur á rekstraraðilann um einkabrunavarnir hvað byggingar varðar, bæði um viðbragð og eldvarnaeftirlit. Þannig eiga bæði rekstraraðili og sveitarfélag að koma að brunavörnum í byggingum á flugvöllum og gert er ráð fyrir því að aðilar málsins komist að sameiginlegri niðurstöðu um málið.

V Lokaorð

Ljóst er að mikill munur er á túlkun samgönguráðuneytis annarsvegar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Brunamálastofnunar hinsvegar hvað varðar lagalegar skyldur og ábyrgð á brunavörnum á flugvöllum. Brunamálastofnun mun leggja það til við samgönguráðuneyti og umhverfisráðuneyti að settur verði upp vinnuhópur með helstu hagsmunaaðilum sem hafi það verkefni að skýra hlutverk og ábyrgðir flugvallarslökkviliða og slökkviliða sveitarfélaga á flugvallarsvæðum.

Virðingarfyllst


Björn Karlsson
brunamálastjóri

Afrit: Samgönguráðuneyti, Umhverfisráðuneyti

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	09051715A
Móttekið dags.	16. JÚLÍ 2009
Bréfalykils nr.	204



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. P 138/1473
komudagur 29.3.2010
Selfossi, 29. mars 2010
0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga 425. mál og frumvarp til laga um brunavarnir 427. mál.

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 26. mars sl. var tekið fyrir erindi frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem óskað var umsagnar frumvarp til skipulagslaga, 425. mál, frumvarp til laga um mannvirki, 426. mál og frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS styður að frumvarpið verði að lögum að því tilskyldu að gerðar verði á því ákveðnar breytingar, sem snúa að meðferð skipulagstillagna annars vegar og gjaldtöku fyrir skipulagsvinnu hins vegar. Stjórn SASS leggur áherslu á að Skipulagsstofnun fái fullnaðarvald til þess að staðfesta aðal- og svæðisskipulagstillögur til að tryggja að fagleg sjónarmið ráði staðfestingu eða höfnun skipulagstillagana og stytta um leið þann tíma sem skipulagsferlið tekur. Ef sú breyting fæst ekki samþykkt verði skýrt kveðið á um hve langan frest ráðherra hefur til að staðfesta eða hafna aðalskipulagstillögum. Sá frestur verði að hámarki 2 mánuðir.

Í eldri drögum frumvarps til skipulagslaga var að finna ákvæði í 20. gr. sem veitti sveitarfélögum heimild til þess að endurheimta frá framkvæmdaraðila kostnað vegna skipulagsvinnu sem hlýst af leyfisskyldri framkvæmd. Voru m.a. færð þau rök fyrir breytingunni að flestar breytingar á deiliskipulagsáætlunum eru framkvæmdar vegna sérstakra óska lóðarhafa eða framkvæmdaaðila og sé því eðlilegt að þeir beri þann kostnað sem orsakast af skipulagsferlinu.

Umrætt ákvæði er ekki lengur til staðar í frumvarpinu. Afar óeðlilegt er að að slíkur kostnaður sé greiddur af almennu skattfé og þar með íbúum viðkomandi sveitarfélaga. Kostnaður vegna skipulagsvinnu getur reynst sérlega þungbær fyrir minnstu sveitarfélögin, ekki síst þegar þau sjá ekki



fram á framtíðarávinning af framkvæmd í formi aukinna skatttekna. Ljóst má vera að gjaldtökuheimild til handa sveitarfélögum er mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra og hljóta sveitarfélögin því að leggja áherslu á að gert verði ráð fyrir slíkri lagaheimild.

Þá leggur stjórn SASS áherslu á nauðsyn þess að ákvæði laganna um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarlaga verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Bið eftir úrskurðum nefndarinnar er jafnvel talin í árum sem er algjörlega óviðunandi ástand fyrir alla þá sem sem slík mál varða. ”

Eftirfarandi umsögn var samþykkt um frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál:

„Stjórn SASS styður að frumvarpið verði að lögum en gerir athugasemd við þann mikla kostnað sem sveitarfélögin verða fyrir vegna ákvæða um klippubúnað. Nauðsynlegt er sveitarfélögunum verði bættur sá kostnaðarauki með einhverjum hætti. Eðlilegast væri þó kostnaðurinn væri greiddur af tryggingafélögunum.”

Stjórn SASS gerði ekki athugasemdir við frumvarp til laga um mannvirki, 426. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1602
komudagur 7.4.2010

2010030027

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. apríl 2010

/--

Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um framkomið frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál.

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis, dags. 10. mars 2010, þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun láti í té umsögn sína um framkomið frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál. Skipulagsstofnun gerir engar athugasemdir.


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson



Skorradalshreppur

Alþingi
Erindi nr. P 138/1822
komudagur 28.4.2010

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Grund, 27. apríl 2010

Skorradalshreppur óskar að koma á framfæri vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 á þskj. 744, mál nr. 427, en það er samhljóða athugasemd er gerð var fyrir 2 árum síðan.

1) Við 5. gr. laga nr. 75/2000 um verkefni *Brunamálastofnunar*, á eftir d. lið komi nýr liður svohljóðandi:

„x. vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi“

2) Við 12. gr. laga nr. 75/2000 um *eldvarnaeftirlit sveitarfélaga*, á eftir a. lið komi nýr liður svohljóðandi:

„x. hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og skógræktaráætlanir fullnægi kröfum um eldvarnir í skóglendi“

Greinargerð:

Víða er skógur og/eða skógrækt hluti af skipulagðri landnotkun, sbr. það markmið að í „hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli“ (lög 95/2006). Þá eru þjóðskógar á vegum Skógræktar ríkisins víða að vaxa upp.


Jafnvel þótt talið sé að hætta á skógareldum sé lítil hér á landi er nauðsynlegt að tryggja að áætlanir um skógrækt taki til forvarna í þessu sambandi. Rétt er að benda á að Almannaþingin lita á skógarelda sem „náttúruvá“. Eðlilegt er að það sé meðal verkefna Brunamálastofnunar að vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi og að það sé hluti af eldvarnaeftirliti sveitarfélaga að fylgja því eftir að skógræktaráætlanir innan sveitarfélagsins fullnægi kröfum um eldvarnir.

Virðingarfyllst
Davíð Pétursson
Davíð Pétursson
ODDVITI
SKORRADALSHREPPS

SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal
311 Borgarnesi
Sími: 4370005, fax: 4370155
Netfang: grund@simnet.is

Alþingi
Erindi nr. þ 138/1711
komudagur 13.4.2010



SKÓGRÆKT
RÍKISINS

Akureyri, 07.04.2010

Umhverfisnefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Athugasemdir Skógræktar ríkisins vegna frumvarps á þskj. 744-427. mál. frv. til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari tíma breytingum.

Breyting Skógræktar ríkisins á við 12 gr. og felur í sér nýjan lið b. þar sem kveðið er á um að í skógræktaráætlunum skuli gert ráð fyrir eldvörnum í skógræktarlöndum, samkvæmt hættumati um viðkomandi svæði. Á eftir lið a. í 12 gr. komi nýr liður b. og aðrir liðir verði óbreyttir (c.d.e.f.g.).

b. hafa í samvinnu við byggingafulltrúa eftirlit með því að í skógræktaráætlunum sé kveðið á um eldvarnir, samkvæmt hættumati viðkomandi svæðis.

12. gr. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

☐ Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð,

b. hafa í samvinnu við byggingafulltrúa eftirlit með því að í skógræktaráætlunum sé kveðið á um eldvarnir, samkvæmt hættumati viðkomandi svæðis.

c. [gera úttekt á mannvirkjum í notkun og starfsemi í þeim, með tilliti til brunavarna, og á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar úrgangs eða geymslu eldfimra efna, og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir],¹⁾

[d. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnaði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu],¹⁾

[e.]¹⁾ leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi,

[f.]¹⁾ hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnaðis sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar

sem Brunamálastofnun gefur út,


[g.]¹⁾ halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.

Heimilt er að fela skoðunarstofum eftirlit skv. 1. mgr., eftir því sem við á.

Rökstuðningur:

Á undanförunum árum hefur skógrækt aukist á landsvísu. Stefnt er að því að heildar skógarþekja landsins verði um 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m.y.s. samanber lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006. Víða um land er því skógur að vaxa upp á stórum svæðum og við það hafa skapast nýjar aðstæður varðandi eldhættu, sem ástæða er til að bregðast við.

F.h. Skógræktar ríkisins



Hallgrímur Indriðason
-skipulagsfulltrúi-

Alþingi
Erindi nr. þ 138/1789
komudagur 23.4.2010

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

9. apr. 2010

Slysavarnafélagið Landsbjörg gerir eftirfarandi athugasemdir til umhverfisnefndar við frumvarp til laga um brunavarnir.

Í Umsögn sem félagið sendi frá sér 3. apríl 2008 gerði félagið athugasemdir við 11. og 16. grein í frumvarpi til laga um brunavarnir.

Í greinagerð sem fylgir lögnum í dag þá kemur fram að tekið er tillit til okkar athugasemda varðandi þegar átt er við björgun úr fastklemmdu föli úr mannvirkjun þá er eingöngu átt við aðkomu slökkviliðs með sérhæfðan búnað svokallaðar klippur og glennur sem notaðar eru t.d. við björgun fólks úr bifreiðum eftir umferðaslys.

Í 16. grein laganna kemur fram að slökkviliðsstjóri stjórnar björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum. Teljum við að hlutverk slökkviliðsstjóra vera eingöngu tæknileg stjórnun á sýnum mannskap og að hin eiginlega stjórnun væri á höndum vettvangsstjóra sem skipaður væri af lögreglu en á ábyrgð hennar fer fram heildarstjórnun slíkra atburða.

Eftirfarandi er umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá 3.apríl 2008.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur verið leiðandi í rústabjörgun á Íslandi og hefur tekið virkan þátt í framþróun bæði hér á landi og erlendis. SL hefur frá upphafi verið aðili að INSARAG sem eru regnhlífasamtök alþjóða rústabjörgunarveita sem starfa innan Sameinuðu þjóðanna.

Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur í dag mjög öfluga alþjóðabjörgunarveit sem var stofnuð 1999 með samkomulagi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Utanríkisráðuneytisins og Dómsmálaráðuneytisins. Alþjóðasveitin er á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar. Sveitin fór í sitt fyrsta útkall árið 1999 þegar að hún fór til Tyrklands í kjölfar jarðskjálftanna sem urðu þar en þá létust meira en 18 þúsund manns. Árið 2003 fór sveitin til Alsír í kjölfar jarðskjálfta þar og í byrjun árs 2004 var farið til Marokkó. Auk þess fóru fjórir félagar úr ÍA í sjúkraflug til Tælands í byrjun árs 2005 eftir flóðin í Indónesíu. Eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum og fellibylinn Katrínu var sveitin sett í viðbragðstöðu.

Sveitin er aðallega byggð upp sem rústabjörgunarveit og starfar samkvæmt þeim stöðlum sem samþykktir eru af INSARAG. Hún hefur aðsetur í húsnæði á Keflavíkurlflugvelli og er grunnbúnaður hennar geymdur þar. Í sveitinni eru björgunarmenn sem hafa sérhæft sig í rústabjörgun, lækni, brádataeknar, sérfræðingar í eiturefnum, fyrstuhjálpar- og fjarskiptamenn. Búnaður sveitarinnar vegur allt að 5 tonnum en það fer eftir þeim verkefnum sem sveitin er að fara í hverju sinni. Gert er ráð fyrir að sveitin geti starfað án utankomandi aðstoðar í 10-14 daga.

Björgunarsveitir um allt land hafa lagt mikið kapp í að vera sem best undir það búnað til bregðast við allskyns vá og er rústabjörgun stór þáttur í því. Fyrir nokkrum árum þá lét Slysavarnafélagið Landsbjörg framleiða sérstakar rústabjörgunarkerrur með þeim grunnbúnaði sem til þarf og dreifði þeim um landið til björgunarsveita.

Björgunarsveitin Ársæll og Hjálparsveit skáta í Kópavogi hafa undanfarin ár starfrækt rústabjörgunarlopa sem hafa verið máttastólpar íslensku alþjóðasveitarinnar. Þar hafa menn verið mjög framanlega í tæknilegri leit í rústum með myndavélum og hlustunartækjum sem eru þau einu sinnar tegundar hér á landi.

Á Austurlandi er rekin sameiginleg rústabjörgunarsveit björgunarsveita undir nafninu Rústabjörgunarsveit Austurlands. Markmið rústabjörgunarsveitarinnar á Austurlandi er að geta brugðist við ef til rústabjargana kæmi og fram hefur farið þjálfun og menntun á mannskap samkvæmt þeim staðli sem getið er um hér að ofan.

Á Dalvík er rekinn öflugur rústabjörgunarlopur af björgunarsveitinni á Dalvík og hefur hún undanfarin ár menntað og þjálfað sitt fólk og komið sér upp búnaði. Einnig hefur sveitin, ásamt rústabjörgunarsveit Austurlands, verið í samstarfi við rústasveitir í Eistlandi þar sem hún hefur sótt sér þekkingu og þjálfun.

Grunnþjálfun björgunarmanna

Grunnþjálfun björgunarsveitafólks í rústabjörgun er 20 klst. námskeið sem fjallar um alla helstu þætti rústabjörgunar. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt og m.a. er fjallað um hvar og hvenær er líklegt að þurfa á rústabjörgun að halda, hættur og öryggisreglur í rústum, almenna leit, útbúnað, styrkingar og stífingar og fyrstu hjálp í rústum.

Fagnám

Fyrir þá sem vilja mennta sig frekar í rústabjörgun er boðið upp á 40 klst. fagnámskeið í rústabjörgun þar sem kafað er enn dýpra í efnið og þátttakendur búnir undir að geta tekið að sér stjórnunarhlutverk í rústabjörgun. Í þjálfunarbúðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Gufuskálum hefur skólinn æfingaaðstöðu á heimsmaelikvarða til að æfa björgun úr rústum og þröngum rýmum þar sem hundraðir björgunarsveitafólks hefur fengið þjálfun í leit og björgun við erfiðar aðstæður. Einnig stendur Björgunarskólinn reglulega fyrir sérnámskeiðum í ákveðnum greinum rústabjörgunar og leitar með erlendum leiðbeinendum auk námsferða erlendis. Leiðbeinendur skólans í rústabjörgun koma flestir úr Íslensku alþjóðasveitinni og hafa mikla þekkingu og reynslu í sínu fagi. Skólinn hefur gefið út bækur á sviði rústabjörgunar og stöðugt er unnið í frekari uppbyggingu námsins. Um 500 björgunarsveitarmenn hafa hlotið grunnþjálfun í rústabjörgun og um 40 hlotið frekari þjálfun í þessum efnum og geta talist til sérfræðinga í þessum efnum.

Eins og komið hefur fram hér að ofan þá hafa björgunarsveitirnar sinnt þessu verkefni og teljum við þær fullfærar til að gera það áfram. Ef rústabjörgun verður sett í hendur slökkviliða er hætt á að sveitirnar hætti að sinna því verkefni en Slysavarnafélagið Landsbjörg telur að mikilvægt sé að viðhalda þeirri kunnáttu og reynslu sem er þegar til staðar í björgunarsveitunum. Ef snjóflóð fellur í byggð, stór jarðskjálfti verður á landinu eða aðrir þeir atburðir af slíkri stærðargráðu þarf mikinn mannskap með þekkingu og kunnáttu. Þann mannskap er að finna hjá björgunarsveitum. Félagið leggur því til að hið opinbera styrki frekar það starf sem fyrir er hjá björgunarsveitunum en þar er þekkingin og mannskapur til að takast við þau stóru áföll sem dunið geta á Íslandi.

Lagt er til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

11. grein- Starfsemi slökkviliða


Við teljum að það eigi ekki að vera hlutverk slökkviliða að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum, það teljum við vera hlutverk björgunarsveitanna og hafa þær sinnt því starfi og verið leiðandi um árabil. Í ljósi reynslu björgunarsveitanna á þessum verkefnum og bolmagni þeirra til að sinna erfiðum aðgerðum hvar sem er á landinu leggur Slysavarnafélagið Landsbjörg því til að orðið mannvirki verði tekið út úr 11. grein frumvarpsins.

16. grein- Skyldur slökkviliðsstjóra.

Mikilvægt er að vettvangsstjórnun sé markviss og skýr. 16. grein frumvarpsins gerir ráð fyrir að slökkviliðsstjóri sé stjórnandi aðgerða í rústabjörgun og umferðaslysum þar sem klippur þarf til að bjarga fólki. Á vettvangi verða þá komnir tveir stjórnendur, vettvangsstjóri lögreglu og slökkviliðsstjóri. Það er tillaga félagsins að björgun fastklemmds fólks úr bílum verði hlutverk slökkviliða en stjórnun þeirrar vinnu lúti stjórnun vettvangsstjóra, þ.e. að þar fari heildarstjórnun fram.

Það vekur furðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða félagsins sem varðar 16. grein en hún er óbreytt. Ljóst er að verði þessu ákvæði ekki breytt er hætt á því að þetta veiki starf björgunarsveita sjálfbóðaliða á sviði björgunar úr húsarústum. Það myndi hafa áhrif á björgunargetu í almannavarnaástandi og draga úr öryggi almennings. Grundvöllur á rekstri alþjóðabjörgunarsveitar Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem eftirminnilega fór til björgunarstarfa á Haiti í byrjun árs 2010 myndi að öllum líkindum breyta verði ofangreindri grein ekki breytt. Fulltrúar félagsins eru tilbúnir að mæta á fund nefndarinnar til að ræða athugasemdir félagsins frekar.

Gunnar Stefánsson
Sviðstjóri Björgunarsviðs



Alþingi
Eriandi nr. P 138/1428
komudagur 9.4.2010

7. apríl 2010


Nefndarsvið skrifstofu Alþingi
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 744–427. mál)

Undirritaður hefur að beiðni umhverfisnefnd Alþingis skoðað og gert umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum sem var lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 744 – 427. mál.

Í meðfylgjandi umsögn er gerð grein fyrir þeim breytingum sem undirritaður leggur til að verði gerðar við frumvarpið. Megin innihald þeirra er að skýra og skerpa ábyrgð, úrræði og viðurlög.

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.

Greinargerð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000
með síðari breytingum.
(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 744–427. mál)

Dagsett 6. apríl 2010.

Fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 eru almennt til mikilla bóta og góð lausn á þeim vanda sem þeim er ætlað að leysa. Í þessari umsögn eru gerðar óverulegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu og einnig bent á aðra þætti laganna sem þarf að lagfæra eða auka við. Þær tilögur taka m.a. mið af reynslu undanfarinna ára þar sem ákvæði og heimildir laga hafa ekki náð yfir, hindrað, tafið og/eða skapað lakari úrlausn á því verkefni sem glímt er við hverju sinni. Einnig er lögð áhersla á samræmingu við önnur lög sem tengjast með einum eða öðrum hætti starfsumhverfi slökkviliða. Brýnt er að lögin endurspegli þann veruleika sem slökkvilið takast á við á hverjum tíma og veiti slökkviliðsstjórum traustan bakhjarl í því hlutverki sínu að uppfylla markmið laganna sem krefjast oft og tíðum tafarlausra aðgerða. Eftirfarandi tillögur eru settar fram í ljósi þessa.

Um 2. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 2. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi [*p.m.t á flugvöllum og í öðrum mannvirkjum á landi,*] nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum með haffærisskírteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.

Rökstuðningur:

Áhættusöm starfsemi eða aðrar aðstæður sem kalla á mikinn viðbúnað við slysum gæti þýtt auknar kröfur til þjónustu slökkviliða og þannig kallað á aukin útgjöld vegna viðbúnaðar. Slökkviliðsstjóri getur beitt 24. gr. laganna að höfðu samráði við sveitarfélögin og gert kröfu um sérstakar ráðstafanir til að minnka líkurnar á því að illa fari gagnvart almenningi þegar eitthvað kemur fyrir í áhættusömum rekstri og einnig lágmarkað tjón og annan kostnað sem sveitarfélög geta orðið fyrir. Sömu úrræði verði fyrir alla áhættu í viðkomandi sveitarfélagi án tillits til þess hver sér um viðkomandi rekstur ríkið, sveitarfélög og eða einkaaðilar og hvers eðlis hann er.

Þegar þetta álit er skrifað stendur yfir deila Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Flugstoða um rekstur slökkviliðs á Reykjavíkflugvelli. Deilan snýst um nauðsynlegan fjölda slökkviliðsmanna á vellinum og er sprottin af ágreiningi um hvort lög um brunavarnir gildi um slökkvilið á flugvöllum eða ekki. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um brunavarnir þegar þau voru samþykkt árið 2000

kemur skýrt fram að þau gildi um slökkvistarf á flugvöllum en það stendur ekki í lögnum sjálfum. Deila þessi hefur náð til ráðuneyta umhverfis- og samgöngumála sem ekki eru sammála um hvernig úr þessu skuli leysa. Óvissa af þessum toga setur slökkviliðsstjóra í mjög erfiða stöðu. Honum ber að framfylgja lögum um brunavarnir og meta þá áhættu sem er á hans svæði m.t.t. markmiða laganna og öryggis eigin starfsmanna sem þurfa að vinna við björgunaraðgerðir með þeim sem starfa á flugvöllum. Verði málið ekki leyst er líklegt að það komi til kasta dómssátla að skera úr um það, en slíks málarekstrar má vænta í kjölfar þess að slökkviliðsstjóri beitir þvingunarúrræðum brunalaga til að knýja á um nauðsynlegan fjölda manna að hans mati. Því er eindregið hvatt til þess að lögum um brunavarnir verði breytt á þann hátt að tekin verði af öll tvímæli um að lögin gildi um flugvelli og starfsemi slökkviliða á þeim.

Um 3. gr. frumvarpsins

Lagt er til að í 3. gr. laganna verði skilgreiningunni á mengunaráhappi breytt og bætt við eftirfarandi skilgreiningum, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Mengunaráhapp: Þegar eiturefni eða önnur efni berast, eða kunna að berast, í umhverfið [*þar sem um bráðamengun er að ræða*] og tafarlaus upphreinsun eða önnur tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á heilsu fólks, umhverfi og eignum.

[*Mengun: Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.*]

[*Mengunartjón: Tjón eða skaði sem hlýst af mengun umhverfis, hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað á landi og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.*]

[*Umhverfi: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.*]

[*Reykköfun eru athafnir í reykfylltu rými til björgunar á fólki úr eldsvoða eða vegna slökkvistarfs, þar sem loft undir þrýstingi er notað til öndunar.*]

Rökstuðningur:

Skilgreina þarf hugtökin *mengun*, *mengunartjón*, *umhverfi* og *bráðamengun* í samræmi við skilgreiningar annarra laga, s.s. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunavarnir og laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Einnig er talið æskilegt að skilgreina hugtakið *reykköfun* í samræmi við reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað.

Um 6. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 6. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Byggingarstofnun vinnur að samræmingu brunavarna í landinu og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum [og öðrum sem reka slökkvilið] um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða. Við úttektir og athuganir skal Byggingarstofnun leita umsagnar slökkviliðsstjóra áður en niðurstaða stofnunarinnar er send viðkomandi sveitarfélagi.

Um 7. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar. Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun [eða slökkviliði] starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Rökstuðningur:

Áður hefur verið bent á vankanta þess að eingöngu eigi að vera hægt að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Tvennt mælir eindregið með því að heimilt verði að fela slökkviliðum þetta að hluta eða öllu leyti. Annarsveggar má gera ráð fyrir að það dragi úr beinum og óbeinum kostnaði sveitarfélaga við menntun slökkviliðsmanna. Staðsetning kennslu fjarri starfsstöðvum kostar óhjákvæmilega meira en í því felst einnig kostnaður vegna vinnutaps hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Slökkviliðum er skylt að lána tæki til kennslu í skólanum og kosta þarf mönnun slíkra tækja sem oftar en ekki kalla á kunnáttu og reynslu í notkun þeirra. Sömuleiðis myndu skólagjöld sparast. Hinsveggar er kennsla í Brunamálaskólanum mjög sérhæfð og krefst jafnframt tækjabúnaðar sem er ekki til nema hjá slökkviliðunum. Reynsla og þekking á þörfum og starfsemi slökkviliðanna vegur einnig þungt þegar horft er til skipulags og uppbyggingar á náminu þótt faglegt eftirlit þurfi ávallt að vera til staðar hjá Byggingarstofnun. Vert er að minna á að samkvæmt 16. grein nágildandi laga er það slökkviliðsstjóra að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Í ljósi þessa er ekki óeðlilegt að lög heimili að mögulegt sé að fela slökkviliði rekstur skólans meti Byggingastofnun það svo á einhverjum tíma að það sé hagkvæmt.

Um 9. gr. frumvarpsins

Lagt er til að e-liður 1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að öðru óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn [mannvirkis] [atvinnuhúsnaðis] sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út,

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að það komi nýr stafliður á eftir e-lið 1. mgr. 12. gr. laganna. Lagt er til að sá stafliður frumvarpsins orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að öðru óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður [mannvirkisins] [húsnaðisins] ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eigenda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu.

Rökstuðningur:

Mannvirki gefur viðtækari úrræði til að fylgja eftir ástandi eldvarna og er í takt við vilja löggjafans.

Um 16. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 24. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

24. gr. Sérstök eldhætta [eða hætta á mengun frá] mannvirki [eða lóð þess].

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki [eða á lóð] þegar um er að ræða [nýframkvæmd][nýbyggingu] þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

Sé um að ræða [lóð eða] mannvirki sem þegar er byggt og er í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri gera úttekt á brunavörnum þess, gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann. Sé brunavörnum slíks mannvirkis [eða lóðar] í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu [eða lóðinni].

Slökkviliðsstjóri getur að höfðu samráði við sveitarstjórn lagt svo fyrir að í mannvirkjum [eða á lóðum], sbr. 2. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinnar starfsmanna í

brunavörnum og slökkvistarfi. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun. Eigandi mannvirkis [og/eða lóðar] greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Byggingarstofnunar setja reglugerð um brunahönnun mannvirkja [og lóða].

Rökstuðningur:

Við breytingu á lögnum árið 2007 var sett inn ákvæði í 29. gr. sem víkkaði þvingunarheimildir slökkviliðsstjóra þannig að þær taka einnig til lóða og annarra svæða utandyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna. Þessi breyting var mjög nauðsynleg og gerir slökkviliðsstjóra kleift að taka á brýnum málum sem áður var erfitt að ná tökum á. Hinsvegar er ljóst að samræmi þarf að vera milli þeirrar greinar og ákvæða í 24 gr. um ráðstafanir vegna sérstakrar eldhættu, sem tækju þá einnig til lóða. Jafnframt er eðlilegt að heiti greinarinnar verði breytt á þann hátt að hún einskorðist ekki við mannvirki.

Um 20. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 2. tl. 2. mgr. 29. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

2. fyrirskipað [*úrbætur eða*] öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,

Einnig er lagt til að 4. mgr. 29. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa, að óbreyttu því sem lagt er til í frumvarpinu:

~~[Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur]~~ Slökkviliðsstjóri [*getur*] ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis. Kostnað má innheimta með fjárnámi.

Rökstuðningur:

Ekki verður séð með hvaða rökum eigi að bera vægara úrræði, eins og að fyrirskipa úrbætur á kostnað eiganda, undir sveitarstjórn þegar þess þarf ekki vegna lokana. Þörfin á að beita þessu úrræði kemur æ oftar upp, t.d. í þeim tilvikum þar sem afstýra þarf bráðri hættu vegna auðra og opinna húsa.

Samhliða ofangreindum breytingum er lagt til eins og áður hefur komið fram að 4. mgr. 29. gr. verði breytt með tilliti til ofangreindra breytinga á 2. mgr. 29. greinar þannig að áskilið samþykki sveitarstjórnar falli út. Æskilegt er að færa þessa valdheimild frá sveitarfélögum til slökkviliðsstjóra þar sem sveitarfélögin geta m.a. lent í þeirri stöðu að fjalla um eigin fasteignir í þessu samhengi og allt ferlið tekur mun lengri tíma með þeim afleiðingum sem því fylgja. Slíkt er óeðlilegt og eflaust óþægilegt fyrir þá er að þyrftu að koma og ekki góðir stjórnsýsluhættir. Framkvæmdastjórn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa áður lagt áherslu á að þessi breyting nái fram að ganga, m.a. í bréfi til umhverfisráðherra dags. 24. nóvember 2009. Var það gert í kjölfarið á því að slökkviliðsstjóri hafði ítrekað þurft að aðhafast vegna íbúðarhúsnæðis sem stendur autt og þannig frá því gengið að

stórfelld slysa- og brunahætta stafar af mannvirki og lóð. Slík mál þola ekki þá bið sem laganna hljóðan kallar á.

Einnig er þessi breyting til samræmingar við frumvarp til laga um mannvirki sem nú liggur fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 743 — 426. mál. Í 56. gr. frumvarpsins sem fjallar um aðgerðir til að knýja fram úrbætur, sambærileg við 29. gr. laga um brunavarnir, að byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið án þess að þurfa samþykki sveitarstjórnar.

Um 15. gr. nógildandi laga

Lagt er til að fyrsta málsgrein 15. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra[~~og varaslökkviliðsstjóra~~].
Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðs en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri. [*Slökkviliðsstjóri ræður annað starfsfólk slökkviliðsins*].

Rökstuðningur:

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 15 gr. nógildandi laga. Hér væri þó æskilegt að laga misræmi um ráðningu varaslökkviliðsstjóra. Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn ráði slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Í 3. mgr. er hinsvegar kveðið á um að ef sveitarfélög reki sameiginlegt slökkvilið, ráði þau eingöngu slökkviliðsstjóra en ekki varaslökkviliðsstjóra. Eðlilegra væri að sveitarstjórnir ráði slökkviliðsstjóra í báðum tilvikum og slökkviliðsstjóri ráði sér síðan varaslökkviliðsstjóra. Þessarar breytingar er þörf til að skerpa á ráðningarsambandi innan slökkviliða, húsbóndaábyrgð, bæta stjórnslu og skerpa á ábyrgð og má til rökstuðnings nefna m.a. nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. E-1075/2007.

Einnig er rétt að reyna að samræma á milli laga, sjá sambærilegt ákvæði í 6. gr. lagafrumvarps um mannvirki sem fjallar um forstjóra Byggingarstofnunar og annað starfslið:

Við Byggingarstofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa þekkingu á verkswiði stofnunarinnar. Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Byggingarstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Um 20. gr. nógildandi laga

Lagt er til að fyrsta málsgrein 20. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur að [*mannvirki*] [*atvinnuhúsnæði*] og [*öðrum*] vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.

Rökstuðningur:

Mannvirki gefur víðtækari úrræði en atvinnuhúsnæði til að fylgja eftir ástandi eldvarna og er í takt við vilja löggjafans.

Um 21. gr. nógildandi laga

Lagt er til að 2. mgr. 21. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Þegar eldsvoða [*eða mengunaróhapp*] ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds [*eða mengunar*]. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma þegar eldsvoða [*eða mengunaróhapp*] ber að höndum.

Einnig er lagt til að 3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo, breytingartillaga umsagnaraðila í hornklofa:

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón [*eða mengunartjón*] og skal bætt af viðkomandi váttryggingafélagi sé eign brunatryggð [*eða af viðkomandi mengunarvaldi sé hann með ábyrgðartryggingu fyrir mengunartjóni*]. Sveitarstjórn greiðir kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs [*og viðbragðs við mengunaróhappi*] og ekki er greiddur af váttryggingafélagi [*eða mengunarvaldi*].

Rökstuðningur:

Ljóst er að sú lagabreyting sem hér er lögð til breytir litlu ein og sér. Sé eigandi eða forráðamaður mannvirkis utan hafnarsvæðis ekki með tryggingar vegna mengunaróhappa ber sveitarsjóður eftir sem áður tjónið. Í 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er kveðið á um ábyrgð mengunarvalds á bráðamengun og skyldu hans til að hafa váttryggingar vegna þessa og í viðauka laganna er listi yfir starfsemi á hafnarsvæðum sem á að hafa slíkar tryggingar. Í ljósi síaukinnar áherslu á verndun umhverfis okkar má ætla að slíkar skyldur verði lagðar á fyrirtæki af þessum toga almennt í framtíðinni t.d. í lögum um hollustuhætti og mengunarnir nr. 7/1998 en þar kemur fram að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi og óheimilt sé að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið veitt.

Í 25. gr. þeirra laga er kveðið á um að sveitarfélög geti sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur

en fram koma í þeim, enda falli þau undir lög. Auk annars er heimilt að setja í slíkar samþykktir kröfu um ábyrgðartryggingar. Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hann staðfestir samþykktina.

Rétt er að hér sé eingöngu horft á ábyrgðartryggingar hjá atvinnurekstri sem hafa í för með sér hættu á mengun og ætti það að vera í takt við 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þann atvinnurekstur sem er á hafnarsvæði. Eðlilegt er að þeir aðilar er veita starfsleyfi, sveitarstjórnir og eftir atvikum Umhverfisstofnun sbr. 5. gr. a og 6. gr. laganna, móti verklag í þessum efnunum. Frá sjónarhóli umsagnaraðila er hér horft á mikla mengunaráhættu sem líklegri eru til að reyna á mörk þess sem slökkvilið ráða við í sínum varnaraðgerðum. Sveitarfélögunum er því ekkert að vanbúnaði að krefjast ábyrgðartryggingar þegar það veitir starfsleyfi gagnvart mengunaráhöppum en mikilvægt er að lög um brunavarnir séu þá með lagaákvæði í takt við þetta.

Starfsleyfi er gefið út fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, þar á meðal ákvæði um staðsetningu, viðmiðunarmörk, mengunavarnir í einstökum atvinnugreinum, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunavarnabúnaðar. Einnig kemur fram að það krefjast skal bestu fánlegrar tækni við mengunavarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunavarnir taka mið af því. Þessi ákvæði styðja enn frekar þær breytingar sem hér eru lagðar til á lögum um brunavarnir og að vegna stærri mengunaráhættu verði gert að leggja fram ábyrgðartryggingu í takt við 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þann atvinnurekstur sem er á hafnarsvæði enda óeðlilegt að fyrirtækjum sé mismunað út frá staðsetningu.

Sé horft til lögboðinnar skyldu til að brunatryggja fasteignir þá eru ákvæði um það ekki í lögum um brunavarnir heldur í lögum nr. 46/1944 um brunatryggingar þannig að það að krafa um ábyrgðartryggingar vegna mengunartjóns komi úr öðrum lögum en lögum um brunavarnir er í takt við anda laganna.

Það er staðreynd að Hæstiréttur, dómur frá 8. maí 2008 í máli nr. 426/2007, hefur kveðið upp dóm sinn í máli vegna bruna á athafnasvæði Hringrásar í nóvember 2004 og það því endanlega til lykta leitt. Þurftu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að bera allan kostnað af því, sem nemur tugum milljóna króna á verðlagi dagsins í dag. Eftir stendur að leggja mat á það hvaða skilaboð felast í forsendum og niðurstöðu dómsins. Dómurinn gefur fyrst og fremst skýr skilaboð um að þörf sé á að gera breytingar á lögum nr. 75/2000 um brunavarnir í þá veru að tryggt sé að slökkviliði eða sveitarstjórn beri sem minnst skaða af brunatjóni sem og tjóni sem rekja megi til mengunaráhappa í skilningi laganna, en skylda þar um var lögfest með gildistöku laganna 1. janúar 2001.

Breytingin er óhjákvæmileg til að tryggja að sveitarstjórnir eða slökkvilið þurfi ekki sjálf að bera kostnað, óháð því hvort atvinnureksturinn er á hafnarsvæði eða utan þess, sem það verður fyrir vegna bruna og/eða mengunaráhappa og ekki fæst bætt úr tryggingum líkt og núgildandi löggjöf um brunavarnir gerir ráð fyrir. Svo ekki sé minnst á það að slökkviliðsstjóri, sem hefur þá skyldu fyrst og fremst að tryggja velferð og öryggi almennings, má aldrei vera settur í þá stöðu að ákvarðanir um björgunaraðgerðir byggist á öðru en framangreindum sjónarmiðum. Sveitarfélögin eiga ekki heldur að vera sett í þá stöðu að taka við nýjum verkefnum frá

löggjafarvaldinu án þess að fá sambærilega vörn eða ekki síðri fyrir þeim útgjöldum sem björgunaraðgerðir hafa oft í för með sér. Eins og áður segir er slíkt öryggisnet fyrir aðgerðir gagnvart eldsvoða en ekki gagnvart aðgerðum í mengunaróhappi sem komu inn sem nýtt verkefni 1. janúar 2001. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa ítrekað bent á að brýnt sé að breyta lögum um brunavarnir í þessa veru, meðal annars með bréfi til umhverfisstjórnar dags. 16. maí 2008.

Selfossi, 7. apríl 2010
1003076


Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík


Varðar: Beiðni um umsögn um þingmál nr. 427

Af hálfu Sveitarfélagsins Árborgar er tekið undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál.

Virðingarfyllst,



Asta Stefánsdóttir
bæjarritari
Bæjarritarinn
í Árborg



8.4.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/1695
komudagur 12.4.2010

Nefndasvið Alþingis

Umsögnin er samhljóða umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Tekið undir umsögn frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga:

Frumvarp til laga um brunavarnir, 427. mál.

Stjórn SASS styður að frumvarpið verði að lögum en gerir athugasemd við þann mikla kostnað sem sveitarfélögin verða fyrir vegna ákvæða um klippubúnað. Nauðsynlegt er sveitarfélögunum verði bættur sá kostnaðarauki með einhverjum hætti. Eðlilegast væri þó kostnaðurinn væri greiddur af tryggingafélögunum.

Virðingarfyllt.

Sigurður Jónsson,

skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss.

Úrskurðarnefnd
skipulags- og byggingarmála

Alþingi
Erindi nr. P 138/426
komudagur 26.3.2010

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.


Reykjavík 25. mars 2010.

Hinn 10. þessa mánaðar barst úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála beiðni umhverfisnefndar Alþingis um umsagnir um frumvörp til skipulagslaga, um mannvirki og um brunavarnir.

Nefndin hefur ákveðið að skila ekki umsögnum fyrir sitt leyti. Stafar það af því að nefndin hefur að lögum það hlutverk að skera úr ágreiningsefnum samkvæmt lögnum og þykir óheppilegt að hún gefi álit á lagatexta sem hún þarf síðar í stöfum sínum að beita og túlka.

Úrskurðarnefndin tekur þó fram að þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæði skipulagslaga um nefndina eru til mikilla bóta. Það fyrirkomulag sem er á vali varaformanns er þó óheppilegt. Vísast um það til ábendinga sem fram koma í umsögn Hjalta Steinþórssonar um frumvarp til skipulagslaga.

Virðingarfyllst,


Hjalti/Steinþórsson forstöðumaður.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1427
komudagur 26.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. mars 2010
Tilvísun: 2010030037/90.12
SE/BH
Tölvupóstur 10. mars 2010.

Efni: Umsagnir Vegagerðarinnar um þingmál nr. 425., 426. og 427. sem lögð eru fram á 138. löggjafarþingi.


Með tölvubréfi dags. 10. mars sl. er Vegagerðinni gefinn kostur á að gera athugasemdir við frumvarp til skipulagslaga, 425. mál, frumvarp til laga um mannvirki, 426. mál og frumvarp til laga um breyting á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, 427. mál. Eftirfarandi eru athugasemdir Vegagerðarinnar við frumvörpin.

Frumvarp til skipulagslaga, 425. mál.

Frumvarpið var lagt fram á 135. löggjafarþingi og gerði Vegagerðin þá nokkrar athugasemdir við það. Vegagerðin telur frumvarpið að langstærstum hluta til bóta en ítrekar eftirfarandi breytingatillögur.

Ákvæði 13. gr. frumvarpsins varðandi framkvæmdaleyfi.

Í 13. gr. frumvarpsins eru almenn ákvæði um framkvæmdaleyfi, s.s. skyldu til að sækja um leyfi o.fl. Í athugasemdum með 13. gr. segir að skýrt sé nú kveðið á um hvenær sækja beri um framkvæmdaleyfi, þ.e. ávallt skuli sækja um framkvæmdaleyfi ef framkvæmd hefur áhrif á umhverfið. Í því samhengi má benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einungis meiri háttar framkvæmdir verði leyfis skyldar. Mikilvægt er að ekki komi upp óvissa um leyfis skyldu hvað þetta varðar og er því lagt til að orðalagi í athugasemdum við 13. gr. verði breytt að þessu leyti. Jafnframt verður ekki hjá því komist að benda á að til bóta væri ef ákvæðið væri skýrara þar sem mjög matskennt er hvenær framkvæmd telst „meiri háttar“. T.d. er engan mælikvarða að finna um það hvenær lagning vegar telst „meiri háttar“ í skilningi ákvæðisins. Getur þetta valdið verulegum vafa í framkvæmd. Af þeim sökum er gerð eftirfarandi breytingatillaga sem miðar að því að allar matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, verði framkvæmdaleyfis skyldar. Minnt skal á að ein helstu rökin fyrir upptöku framkvæmdaleyfis á sínum tíma voru tengd mati á umhverfisáhrifum og nauðsyn þess að eftirlit væri með því að farið væri eftir úrskurði skv. þeim lögum.



Tillaga:

Með vísan til framangreinds er lögð til eftirfarandi breyting á 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins:

„Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna framkvæmda, þ.m.t. efnistöku, sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum og ekki er háð byggingarleyfi skv. lögum um mannvirki“.

Það er afstaða Vegagerðarinnar að eðlilegra verði að teljast að sömu sjónarmið gildi um efnistöku og aðrar framkvæmdir hvað snertir skyldu til öflunar framkvæmdaleyfis. Efnistaka sem ekki hafi áhrif á umhverfið eigi ekki að vera framkvæmdaleyfisskyld. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er að finna mælikvarða á það hvort framkvæmd kunnri að hafa áhrif á umhverfið. Aðra skýra og hlutlæga mælikvarða er ekki að finna að því er séð verður. Er því lagt til að um efnistöku gildi það sama og aðrar framkvæmdir, að framkvæmdaleyfi þurfi til efnistöku sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Ennfremur yrði til mikillar einföldunar að fara þá leið auk þess sem meiri líkur eru á að unnt verði að koma á samræmdri framkvæmd með þeim hætti um land allt en telja verður nokkurn misbrest þar á. Lagalega yrði komið á samræmi milli efnistöku og annarra framkvæmda hvað snertir skyldu til öflunar framkvæmdaleyfis.

Tillaga:

Með vísan til framangreinds er lagt til að fyrsti málslíður 2. mgr. 13. gr., þar sem kveðið er á um að öll efnistaka sé háð framkvæmdaleyfi, verði felldur úr frumvarpinu. Lagt er til samkvæmt því að 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæðinu.“

Ákvæði 39. gr. um deiliskipulag á landi í einkaeign. Skylda til að láta í té land til almannaþarfa.

Í 39. gr. er kveðið nánar á um deiliskipulag á landi í einkaeign og er ákvæðið óbreytt frá núgildandi lögum. Þar er m.a. kveðið á um að landeigandi skuli við deiliskipulagningu lands láta endurgjaldslaust af hendi þá hluta landsins sem skv. skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, s.s. undir götur, leikvelli og opin svæði, eða allt að þriðjung landsins. Vegagerðin hefur haldið því fram að skv. ákvæðinu beri að leggja endurgjaldslaust til land undir þjóðvegi með sama hætti og götur. Sömu rök um almannahagsmunir eigi við hvort sem um er að ræða götur í eigu sveitarfélags eða þjóðvegi í ríkiseigu. Komið hefur fyrir að láðst hefur að beita þessu ákvæði t.d. við deiliskipulag nýrra hverfa í þéttbýli. Hefur því jafnvel verið borið við að þetta ákvæði gildi ekki um þjóðvegi, þ.e. að þeir séu ekki ætlaðir til almannaþarfa með sama hætti og götur.



Augljóst misræmi skapast við þetta hvað snertir gæslu almannahagsmuna og með því að eigendur landspildna sem skipulag beinist að sæta ekki sömu skilyrðum hvað þetta varðar eftir því hvort ráðstafa á landi undir götu í eigu sveitarfélags eða þjóðveg í þéttbýli. Virðist þarna um brot á almennum reglum um að gætt sé jafnræðis í samskiptum stjórnvalda við borgarana.

Tillaga:

Til þess að taka af öll tvímæli um að samræmi sé í framkvæmd, til að tryggja almannahagsmuni sem og gæta jafnræðis er lögð til eftirfarandi breyting á 39. gr.:

Í upptalningu á eftir orðinu „götur“ verði bætt við orðinu „þjóðvegi“.

Frumvarp til laga um mannvirki, 426. mál.

Frumvarpið hefur áður verið lagt fram á Alþingi og Vegagerðin komið að athugasemdum vegna þess. Frumvarpið eins og það er nú var lagt fram á 135. löggjafarþingi og gerði Vegagerðin ekki athugasemdir við það þá. Er sú afstaða hér með ítrekuð.

X Frumvarp til laga um breyting á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, 427. mál.

Vegagerðin hefur fengið frumvarpið til umsagnar áður og gert athugasemdir við breytingu á skilgreiningu hugtaksins mannvirki. Vegagerðin hefur bent á að yrði frumvarpið samþykkt sem lög óbreytt gæti skapast óvissa um hvaða reglur gildí um ýmis mannvirki, sem eðli máls samkvæmt hefur ekki verið talin ástæða til að féllu undir lög um brunavarnir, s.s. vegi, brýr, hafnargarða o.fl. Ekki hefur verið talin ástæða til að gera samsvarandi kröfur um eftirlit brunavarnaryfirvalda með gerð slíkra mannvirkja eins og t.d. húsbygginga.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga er hugtakið mannvirki skilgreint sem hér segir: "Hvers konar byggingar, ofan jarðar eða neðan." Ýmis ákvæði laganna mæla fyrir um sérstakar skyldur og kröfur sem leggja má á eigendur og umráðamenn mannvirkja. Miklu skiptir því hvernig það hugtak er skilgreint í lögnum. Í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir er hugtakið mannvirki skilgreint með allt öðrum og víðtækari hætti en í gildandi lögum, sem hér segir:

"Hverskonar jarðfastar framkvæmdir manna, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannaúðir og húsvagnar."



Vegagerðin hefur bent á að vafi getur skapast um gildissvið ýmissa ákvæða laganna þar sem hugtakið mannvirki hefur talsverða þýðingu í lögunum. Þar sem ekki er tekið fram í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að um efnislegar breytingar á gildissviði laganna sé að ræða hlýtur að mega álykta sem svo að ekki sé stefnt að raunverulegum breytingum með þeirri breyttu skilgreiningu sem hér um ræðir. Eingöngu sé um breytingu á orðskýringu sem telja verði lagatæknilegs eðlis að ræða, sem engu eigi að breyta um framkvæmd laganna. Í öllu falli verður ráðið af athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins að ekki er stefnt að breyttum skilningi á hugtakinu samgöngumannvirki þar sem vísað er til þess að gert sé ráð fyrir því að reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum nr. 614/2004 haldi gildi sínu. Þar er hugtakið samgöngumannvirki skilgreint sem hér segir:

"Samgöngumannvirki: Veggöng, vegskálar, yfirbyggingar og önnur mannvirki sem þeim fylgja á þjóðvegakerfi landsins, hvort sem er ofanjarðar eða neðan, og eru lengri en 250 m."

Með vísan til framangreinds virðist sem höfundar frumvarpsins ganga út frá því að framangreind reglugerð muni áfram gilda gagnvart samgöngumannvirkjum og að gildissvið laganna ráðist þar með af ákvæðum reglugerðarinnar. Vegagerðin leggur til að hugtakið samgöngumannvirki verði skilgreint í lögunum sjálfum í stað þess að vísa til reglugerðar svo sem gert er í frumvarpinu. Verður að telja það eðlilegri lagasetningaraðferð og ennfremur minni hættu á að óvissa verði uppi varðandi túlkun laganna. Með vísan til þess er lögð til eftirfarandi breyting á frumvarpinu:

Við 3. gr. frumvarpsins bætist nýr liður, c. liður, sem orðist svo:

*c. Við bætist skilgreining á hugtakinu samgöngumannvirki svo hljóðandi:
Samgöngumannvirki: Veggöng, vegskálar, yfirbyggingar og önnur mannvirki sem þeim fylgja á þjóðvegakerfi landsins, hvort sem er ofanjarðar eða neðan, og eru lengri en 250 m.*

Frekari athugasemdir eru ekki gerðar við framangreind frumvörp.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1425
komudagur 26.3.2010

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. mars 2010

Tilvísun: 201003-0057/0.03.02

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með sfðari breytingum, þskj. 744 – 427. mál

Vísað er til beiðni yðar um umsögn um ofangreint frumvarp um breytingu á lögum um brunavarnir sem barst í tölvupósti dags. 10. mars 2010.

Vinnueftirlit ríkisins skoðar og skráir togbrautarbúnað sem ætlaður er til fólksflutninga, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vinnueftirlitið hefur líka með höndum markaðseftirlit með ofangreindum búnaði, sbr. reglugerð nr. 668/2002 um togbrautarbúnað til fólksflutninga, en sú reglugerð innleiddi í íslenskan rétt tilskipun 2000/9/EB um togbrautarbúnað til fólksflutninga. Samkvæmt a. lið 3. gr. reglugerðar nr. 668/2002 þá er togbrautarbúnaður til fólksflutninga skilgreindur með eftirfarandi hætti:


‘a. *Togbrautarbúnaður til fólksflutninga*: búnaður sem er settur saman úr mörgum hlutum og er hannaður, framleiddur og tekinn í notkun með það að markmiði að flytja fólk. Eftir að búnaður hefur verið settur upp er hann notaður til að flytja fólk í vögnum eða með hjálp dráttarbúnaðar þar sem strengir, sem liggja í sömu stefnu og brautin, eru notaðir sem upphengi og/eða til dráttar.’


Af framangreindri skilgreiningu verður ekki annað séð en að togbrautarbúnaður til fólksflutninga sé sértækur búnaður eða tæki en ekki mannvirki í skilningi b. liðar 3. gr. frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Þetta er eini sértæki búnaðurinn eða tækið sem talið er upp í skilgreiningu b. liðar 3. gr. frumvarpsins í dæmaskyni um það hvað teljist til mannvirkja. Til þess að tryggja lagasamræmi þá leggur Vinnueftirlit ríkisins til að setningin ‘og togbrautarbúnaður til fólksflutninga’ í b lið 3. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Vinnueftirlitið er sú stofnun íslenska stjórnkerfisins sem fer með stjórnsýslu og eftirlit með öryggi hvers kyns vélbúnaðar og hefur byggt upp sérþekkingu og reynslu á því sviði. Við teljum því eðlilegt og hagkvæmt að þessi tiltekni tækjabúnaður falli áfram undir okkar verksvið.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlit ríkisins engar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins


Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri


Björn Þ. Rögnvaldsson
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 138/1646
komudagur 8. 4. 2010



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki. Pskj. 743 – 426. mál.
Umsögn um frumvarp til skipulagslaga. Pskj. 742. – 425. mál.
Umsögn um frumvarp til breytingu á lögum um brunavarnir. Pskj. 744 –
427. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um mannvirki, um skipulagslög og breytingu á lögum um brunavarnir. Frestur til að skila inn umsögn var til föstudagsins 26. mars en ÖBÍ óskaði eftir fresti til að skila inn álitum og var hann veitur til 9. apríl.

Inngangur.

ÖBÍ leggur áherslu á mikilvægi þess að lög taki mið af 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, um að allir skulu vera jafnir og Sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, (sem undirritaður var af ríkisstjórn Íslands 30. mars 2007). Þar kemur fram í 3 gr. um almennar meginreglur, b-lið, bann við mismunun, c-lið að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar og f-lið um aðgengi sem nánar er útfært í 9. grein sáttmálans.

Í 9. gr. um aðgengi í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun stendur meðal annars:

„ 1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðum kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðum aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýll og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem felast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til:

a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þ.m.t. skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisþjónustu og vinnustaða.“

ÖBÍ hefur lagt inn athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um mannvirki fjórum sinnum. Fyrst 15. september 2004, öðru sinni 18. janúar 2006, þá sumarið 2007 og loks í apríl 2007.

Helstu áhersluatriði voru og eru fjögur:

1. Í markmiðsgrein komi fram orðin „aðgengi fyrir alla“.
2. Mikilvægi viðurlaga ef aðgengi er ekki eins og kveðið er á um í lögum.
3. Að skila þurfi inn „aðgengishönnun“ (sbr. brunahönnun).
4. Að bókin Aðgengi fyrir alla yrði sett á Netið, aðgengileg öllum.

Þessar athugasemdir hafa verið teknar til greina, að hluta.

Athugasemdir við frumvarp til laga um mannvirki.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um mannvirki:

I. kafli Almenn ákvæði.

1. gr. Markmið laga þessara er: e-liður: Í stað „Að stuðla að aðgengi fyrir alla“ komi „Tryggja skal aðgengi fyrir alla.“

Öryrkjabandalag Íslands telur að fenginni reynslu að nauðsyn sé að fastar skuli kveðið að orði og með stoð í 65. gr. stjórnarskrárinnar og annarra laga er gera kröfu um jafnan rétt allra, að standa ætti:

„**Að tryggja aðgengi fyrir alla**“

Í 3. grein frumvarpsins, skilgreiningar, þarf að koma eftirfarandi skilgreining á aðgengi. „Með aðgengi er átt við að fólk sem á við fötlun (skerðingu af einhverju tagi) eða veikindi að stríða geti með öruggum hætti komist inn, út úr og um mannvirki, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í bruna, en jafnframt að við hönnun og útfærslu mannvirkja séu hafðar í huga mismunandi þarfir og geta fólks með tilliti til sjónar og heyrnar, t.d. við efnisval og útfærslur, og gætt sé að hljóðvist og birtuskilyrðum innan og utan húss.“

II. Kafli Stjórnvöld mannvirkjamála.

ÖBÍ hefur miklar væntingar til þessarar nýju stofnunar. Aðgengi fyrir alla er okkur mjög mikilvægt og er forsenda fyrir þátttöku fjölmargra í samfélaginu, sem nú eru dæmdir úr leik. Má þar minna á 3. töluið 5. greinar, en í þeirri grein eru talin upp helstu verkefni Byggingarstofnunar. Nánari útfærsla verður væntanlega í reglugerð.

III. Kafli Byggingarleyfi.

9. gr. Byggingaleyfisskildar framkvæmdir.

ÖBÍ skilur þessa grein svo að öll mannvirki skuli leyfisskyld, annað hvort hjá byggingarfulltrúa eða Bygðarstofnun og skulu þá „aðgengileg öllum.“

IV. Kafli Ábyrgð eigenda og framkvæmd byggingareftirlits.

ÖBÍ leggur áherslu á að ábyrgð sé ljós og hvert hægt sé að koma með athugasemdir eða hverjar kæruleiðir eru ef með þarf.

V. Kafli Hönnun mannvirkja.

ÖBÍ leggur áherslu á, eins og áður, að í uppdráttum komi fram aðgengishönnun og nánari lýsing á hvað við er átt a.m.k. í reglugerð.

VII. Kafli Eftirlit með mannvirkjagerð.

31. grein fjallar um öryggisúttekt og skal hún gerð þegar mannvirki er tekið í notkun, þótt það sé ekki fullgert. Á þessum tímapunkti þarf að taka út mannvirkið með tilliti til aðgengis, a.m.k. í byggingum sem ætlaðar eru aimenningi. Þegar bygging eða mannvirki er tekið í notkun ættu lágmarkskröfur um aðgengi fyrir alla að vera fullnægt.

Lokaúttekt

Í 36. grein segir að lokaúttekt skuli fara fram innan þriggja ára frá því að mannvirkið var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram. Eftirfarandi er þó mjög mikilvægt: „Þáttum sem varða aðgengi skai þó ávallt hafa verið lokið við framkvæmd iokaúttektar.“

ÖBÍ óttast að með því að hafa aðgengismálin tengd við lokaúttekt er verið að gefa leyfi fyrir því að mannvirki sé í fullri notkun í allt að þrjú ár án þess að hægt sé að fara fram á að aðgengi fyrir alla sé fullnægt.

X. kafli. Rannsóknir, þvingunarúrræði og viðurlög.

55. gr. Stöðvun framkvæmda, lokun mannvirkis o.fl. og 56. gr. Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Að í báðum greinum komi fram; ef aðgengi fyrir alla er ekki eins og lög kveða á um.

XI. kafli. Ýmis ákvæði.

Setning reglugerða.

Í 2. töluið er „aðgengishönnun“ eitt af þeim iykilatriðum sem ÖBÍ leggur hvað mesta áherslu á að verði bætt inn í textann, smb. V kafla um hönnun mannvirkja. ÖBÍ telur brýnt að koma aðgengishönnun á sem skyldu og því mikilvægt að hún sé a.m.k. talin upp í því sem eigi að vera í reglugerð sbr. 9. gr. sáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga.

I. Kafli Almenn ákvæði.

Í 1. gr. Markmið lagana a- lið um þróun byggðar og landnotkunar eigi félagslegar og menningalega þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi haft að leiðarljósi. Aðgengi fyrir alla er hluti af þessu en ekki tilgreint með skýrum og afgerandi hætti.

Í e- lið, kemur fram að tryggja skuii faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga, form og aðgengi fyrir alla. Spurningin er hvort hægt sé að koma fyrir í texta, að tryggja skuli aðgengi fyrir alla í skipuiagi byggða, það er mikilvægt að allir komist um utandyra.

2. grein skilgreiningar, þar væri hægt að bæta við skilgreiningu á aðgengi þar sem fram kæmi að allir eigi sama rétt á að komast um utandyra sem innandyra. Að tryggja skuli aðgengi allra við skipulag byggða og við mannvirkjagerð.

Umsögn um frumvarp til breytingu á lögum um brunavarnir.

ÖBÍ leggur áherslu á að samhljómur sé á milli lagabálka eins og fram kemur í fylgiskjali I. með frumvarpi um breytingu á lögum um brunavarnir. Það er mikilvægt að væntanleg lög um mannvirki, skipulag og brunavarnir hafi samhljóm og að fram komi að réttur fólks með fötlun sé tryggður á öllum sviðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

Öryrkjabandalagið leggur ríka áherslu á að bandalagið komi að gerð reglugerða og eftirlitskerfis Byggðarstofnunar, meðal annars að gerð skoðunarhandbóka sem Byggðarstofnun mun gera samkvæmt 17. grein frumvarps til laga um mannvirki, en þar er m.a. ákvæði um framkvæmd úttekta og eftirlitsaðferðir. Einnig um áfangaúttektir sem eru í VII Kefli. 34. gr. en þar kemur ekki fram skilgreining á hvaða áfangar það eru, aðeins að gerðar skuli úttektir á einstökum verkþáttum. Þar væri æskilegt að fram kæmi, að aðgengi fyrir alla væri sérstök áfangaúttekt, þrátt fyrir að aðgengi verði þáttur í öryggisúttekt.

Virðingarfyllst,
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

Guðríður Ólafsdóttir
félagsmálafulltrúi.
Netfang: guðridur@obi.is
Sími 530 6700